



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Heiðra skaltu föður þinn og móður

*Aukin afskipti yfirvalda á Íslandi af heimilisaga í kjölfar siðskipta.
Samanburður við Þýskaland*

Ritgerð til MA-prófs í sagnfræði

Kristel Björk Þórisdóttir

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Heiðra skaltu föður þinn og móður

*Aukin afskipti yfirvalda á Íslandi af heimilisaga í kjölfar siðskipta.
Samanburður við Þýskaland*

Ritgerð til MA-prófs í sagnfræði

Kristel Björk Þórisdóttir

Kt.: 240284-2869

Leiðbeinandi: Helgi Þorláksson

Maí 2013

Ágrip

Í þessari ritgerð eru rannsökuð hugsanleg þýsk áhrif á aukið eftirlit íslenskra og danskra veraldlegra yfirvalda með íslenskum heimilisaga á 16. og 17. öld. Samanburður verður gerður við Þýskaland á umræddu tímabili er varðar heimilisaga, samfélagslegan aga, lútherskan rétttrúnað og katekisma. Samanburður er gerður á þýsku og íslensku bændasamfélagi á 16. og 17. öld. Sýnt verður fram á mismunandi útbreiðslu á lútherskum rétttrúnaði í hvoru landi fyrir sig. Samfélagslegur agi verður skoðaður í ljósi galdraofsókna og aga í skólum. Lögð verður áhersla á fjórða boðorðið, *Heiðra skaltu föður þinn og móður*, og hvernig því var miðlað í gegnum *Fræðin minni* eftir Marteín Lúther. Íslensk löggjöf verður skoðuð á umræddu tímabili og athugað hvort hún gæti bent til þýskra áhrifa þegar kom að aga á heimilum. Íslensk dæmi sem benda til aukins eftirlit með aga á heimilum verða tekin úr Alþingisbókum Íslands, annálum og prestastefnubókum.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur | 1 |
| 1.1 Agi, gamall vandi og nýr | 1 |
| 1.2 Fyrri rannsóknir á Íslandi, aðferðir og heimildir | 5 |
| 1.3 Þýskar rannsóknir | 10 |
| 2. Þýskaland og Ísland: Bændasamfélög á 16. og 17. öld | 18 |
| 2.1 Tvö ólík bændasamfélög – eða hvað? | 18 |
| 2.2 Lútherskan breiðir úr sér | 22 |
| 2.3 Samantekt | 28 |
| 3. Aukinn agi í ljósi lúthersks rétttrúnaðar | 30 |
| 3.1 Hlýðni við yfirboðara og innræting réttra trúarlegra skoðana..... | 31 |
| 3.2 Fjórða boðorðið notað við innrætingu aukins aga..... | 35 |
| 3.3 Fræðin minni sem ögunartól | 42 |
| 3.4 Agi í skólum | 51 |
| 3.5 Samantekt | 56 |
| 4. Aukin afskipti yfirvalda af heimilisaga á Íslandi | 59 |
| 4.1 Lög er varða beitingu aga..... | 59 |
| 4.2 Heimilisagi í Alþingisbókum | 63 |
| 4.3 Heimilisagi í íslenskum annálum | 69 |
| 4.4 Samantekt | 72 |
| 5. Niðurstöður | 74 |
| Viðaukar | 78 |
| Heimildaskrá | 83 |

1. Inngangur

1.1 Agi, gamall vandi og nýr

Agi á heimilum og í samfélaginu hefur alltaf verið til staðar á Íslandi. En hvað felst í aganum? Hann snýst um það að settar eru reglur um hegðun og talað er um agaleysi, sé þessum reglum ekki framfylgt. Að vera undir aga er að sýna lotningu og jafnvel ótta við yfirboðara sinn. Yfirboðarinn getur verið húsbóndi, foreldrar eða veraldleg og kirkjuleg yfirvöld.

Á 16. og 17. öld fer að bera meira á beitingu aga en áður fyrr. Þetta á sérstaklega við um samfélagslegan aga vegna þess að hann snýst um taumhald á samfélaginu sem heild. Til þess að halda honum uppi þurfti að taka þá einstaklinga fyrir og refsa sem frömdu brot á lögum eða fyrirfram samþykktum reglum samfélagsins. Það gátu verið brot á siðferðisreglum eða eitthvað annað sem var ósæmilegt í augum kirkjulegra og veraldlegra yfirvalda. Galdraofsóknir og aukinn agi í skólum voru dæmi um þetta.

Í ljósi þessa fannst mér áhugavert að kanna hvernig heimilisaga var háttað á þessu tímabili. Á heimilum þurfti að nota aga til að hafa stjórn á heimilismönnum og þar voru húsaðir og húsmóðir sem höfðu eftirlit með öguninni á börnum og hjúum. En vegna þess að lítið sem ekkert er vitað um samskipti fólks á heimilum á þessum tíma þá verður að kanna heimilisaga með samfélagslegan aga að leiðarljósi.

Fyrst skal nefna að það sem einkenndi þetta tímabil var lútherski rétttrúnaðurinn en hann barst til Íslands frá Þýskalandi í gegnum Danmörku. Rétttrúnaður var trú samkvæmt viðurkenndum kennisetningum og eftir siðskiptin fór hver kirkjudeild að leitast við „[...] að setja fram þá túlkun á kristindóminum sem kæmi fram í höfuðjátningum hennar og sýna fram á að sú trúartúlkun væri rétt kristin trú.“¹ Talið er að með *Samlyndisbókinni* (þý. *Concordia*, e. *The Book of Concord*) 1580 hafi fyrst verið hægt að tala um lútherskan rétttrúnað, af því að þá

¹ Einar Sigurbjörnsson, „Rétttrúnaðurinn“ í *Kristni á Íslandi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*, III. bindi, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík: Alþingi, 2000), bls. 117.

voru lútherskir komnir með játningarrít til notkunar við miðlun á lútherskum boðskap.² Víkið verður nánar að *Samlyndisbókinni* síðar í ritgerðinni.

Rétttrúnaðarmenn töldust svo vera hinir helstu hugmyndafræðingar og forkólfar kirkjunnar eins og biskupar, prófessorar og trúfræðilegir höfundar sem boðuðu samræmi og þoldu ekki frávík. Þessir menn aðhylltust afstöðu Lúthers og íslenskir rétttrúnaðarmenn á 16. og 17. öld voru til dæmis biskuparnir Guðbrandur Þorláksson, Oddur Einarsson, Þorlákur Skúlason, Gísli Oddsson og Brynjólfur Sveinsson.³

Lútherskan átti hins vegar upphaf sitt í Þýskalandi um 1517 þar sem áhersla var lögð á að afnema ýmsar kenningar og réttindi kaþólsku kirkjunnar eins og aflátsbréf. Í kjölfarið á árunum 1525-1530 var evangelísk-lúthersk kirkja stofnuð víða í Þýskalandi undir verndarvæng veraldlegra stjórnvalda. Hugmynd lútherskunnar var að mynda persónuleg tengsl á milli Guðs og manns sem var ólíkt því sem var í kaþólsku, þar sem alltaf þurfti klerka sem milligöngumenn til náðar Guðs og sáluhjálpar. Með því að fylgja fyrsta boðorðinu, *Þú skalt ekki aðra guði hafa*, gátu menn treyst á Guð og hans fyrirheit.⁴

Í framhaldi af þessu vil ég taka fram að Guð var oftast talinn reiður og refsingarsamur í lúthersku en mildur og umburðarlyndur. Með þessu viðhorfi gat Danakonungur beinlínis hrætt alþýðuna til hlýðni við veraldleg yfirvöld. Hann gat notast við boðorðin tíu í lútherskum katekismum⁵ og siðferðislög til að beina alþýðunni á rétta andlega og siðferðislega braut. Ef alþýðan færi ekki eftir þessu myndi Guð refsa þeim líkamlega með tilstyrk veraldlegra yfirvalda. Alið var á ótta og það varð að sterkustu aðferðinni við að halda uppi röð og reglu í

² Einar Sigurbjörnsson, „Rétttrúnaðurinn“, bls. 117. Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Af umfjöllun manna um lútherska rétttrúnaðinn“, *Guðfræði, túlkun og þýðingar. Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar prófessors. Ritróð Guðfræðistofnunar* 13:1998, bls. 250.

³ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið, 2003), bls. 327-329.

⁴ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*, III. bindi, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík: Alþingi, 2000), bls. 31-36. Roland H. Bainton, *Marteinn Lúther* (Reykjavík: Bókaútgáfan Salt, 1984), bls. 260-265.

⁵ Katekismar voru rit ætluð til fræðslu um trúna. Þeir voru m.a. notaðir í kaþólsku og lúthersku. Þekktasti katekisminn í lúthersku var *Hinn minni katekismus* eða *Fræðin minni* eftir Marteinn Lúther.

samfélaginu.⁶ Þessar hugmyndir og kenningar siðskiptamanna breiddust út, náðu fljótlega til Danmerkur í byrjun 16. aldar og þaðan bárust þær til Íslands um miðja 16. öldina.

Taka verður hins vegar fram að ekki vantaði aga á Íslandi fyrir siðskiptin. Það ríkti ekki stjórnleysi; þótt konungsvald væri lengi veikt gætti félagslegs taumhalds.⁷ Til merkis um það var *Kristinréttur Árna Þorlákssonar* sem var lögtekinn árið 1275. Í honum koma fram refsingar vegna hórdóms, sífjaspells og annað sem taldist á sviði einkalífsins.⁸

Þegar íslenskir ráðamenn kynntust hins vegar hugmyndafræði lúthersku hefur þeim þótt brýnt að taka saman hertari reglugerð varðandi blóðskömm og önnur siðferðismál sambærilega þeim sem til voru erlendis. Beitingu aga eftir siðskipti má því ef til vill fremur rekja til erlendar hugmyndafræði en til dæmis aukningar í afbrotum. Með lútherskunni var aganum gert hærra undir höfði og ákveðinn rammi myndaðist um notkun á honum. Siðferðislög í Danmörku, *Koldingsrecess* sett árið 1558⁹, höfðu líkast til áhrif á íslenska valdsmenn þar sem dómsvaldið færðist frá kirkjulegum yfirvöldum til hinna veraldlegu og refsingar hertar til muna. Þessi erlendu áhrif birtast með tilkomu *Stóradóms* árið 1564¹⁰ og var hann fyrsta skrefið eftir siðskiptin í átt að auknum aga fyrir áður þekkt siðferðisbrot eins og sífjaspell, hórdóm og frillulífi.¹¹ Þ.e.a.s. hugmyndir um aukinn aga þarf ekki að tengja við

⁶ Gerald Strauss, *Luther's House of Learning. Indoctrination of the young in the German Reformation* (Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1978), bls. 151.

⁷ Agnes S. Arnórsdóttir og Helgi Þorláksson, „Heimili“, í *Íslenska söguþingið 1997. Ráðstefnurit*, I. bindi, bls. 49-51.

⁸ Sjá í *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson (Reykjavík: Sögufélag, 2005) ákvæði; Um afbrigði hjúskaparhalds, bls. 169-170. Um þær konur sem manni hæfir eigi að fá til eigin kvenna, bls. 171-172. Um guðsifja þyrmslur, bls. 172. Um blandan við búfé, bls. 190.

⁹ *Lovsamling for Island I*, útgefið af Oddgeir Stephensen og Jóni Sigurðssyni (Kaupmannahöfn: 1853) bls. 76-77. *Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn* (Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1857-1972), XII, bls. 349-358.

¹⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 84-89. *Íslenzkt fornbréfasafn XIV*, bls. 271-276. Sjá í *Lovsamling for Island I*, staðfesting Danakonungs á *Stóradómi* kom 13.apríl árið 1565, bls. 89-90.

¹¹ Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870* (Reykjavík: Háskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 1993), bls. 93-95. Inga Huld Hákonardóttir, *Fjarri hlýju hjónasængur. Öðruvísi Íslandssaga* (Reykjavík: Mál og Menning, 1992), bls. 61-88. Óskar Bjarnason og Unnur Karlsdóttir, „Óhæfa og fordæðuskapur“ á rétttrúnaðaröld. Um uppruna og afleiðingar Stóradóms“ *Sagnir* 11:1990, bls. 60. Davíð Þór Björgvinsson, „Stóridómur“ í *Lúther og íslenskt hjóðlíf*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Hreinn Hákonarson (Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989).

verra siðferði Íslendinga á 16. og 17. öld heldur gætu hugmyndirnar um hert eftirlit á þessu sviði verið innfluttar erlendis frá.

Samning *Stóradóms* gæti að auki bent til þess að blóðskömm, hórdómur og barneignir utan hjónabands hafi þótt vaxandi vandamál í samfélaginu frá um 1550. Það má ef til vill rekja til þess að Páll Stígsson varð hirðstjóri konungs árið 1560 og hann hafði miklar áhyggjur af siðferði Íslendinga. Hann vildi láta semja lög um siðferðismál og úr varð *Stóridómur*. Að auki fór það viðhorf vaxandi í öðrum lútherskum löndum eins og Danmörku að refsa þyrfti fyrir blóðskömm og voru þá notaðir úrskurðir eins og *Koldingsrecess* frá 1558.¹²

Heimildir sýna svo fram á að íslenskir ráðamenn hafi verið sammála Páli um nauðsyn þess að auka refsingar en að hægt hafi gengið að fá svar frá konungi um þetta málefni. Það var ekki fyrr en 20. mars 1563 að gefið var út konungsbréf um að refsa skyldi fólki með lífláti sem drýgði blóðskömm á Íslandi.¹³ Íslenskir ráðamenn höfðu þess vegna áhyggjur jafnt á við Pál um að siðferði þjóðarinnar færi hrakandi. Erlend áhrif á þá hljóta að hafa verið nokkur vegna þess sem var að gerast í Danmörku.

Auknar refsingar¹⁴ *Stóradóms* benda til þess að aukinn agi á einkalífi fólks hafi talist nauðsynlegur. Heimildir sýna aukningu í skráningu siðferðisbrota í sakeyrisreikningum á 17. öld sem getur gefið vísbendingu um að frá kaþólsku til lúthersku á Íslandi hafi viðhorf til agans og framkvæmd á honum breyst.¹⁵ Agamál urðu þess vegna meira áberandi en áður á seinni hluta 16. aldar og fram á 17. öld. Hvort þessi áhersla íslenskra yfirvalda á aukinn aga

¹² *Koldingsrecess* var þó ekki lögleitt á Íslandi fyrr en með konungsbréfi 20. mars 1563. Sjá í *Íslenzkt fornbréfasafn XIV*, bls. 72-75.

¹³ *Íslenzkt fornbréfasafn XIV*, bls. 72-75.

¹⁴ *Lovsamling for Island I*, bls. 84-89. *Íslenzkt fornbréfasafn XIV*, bls. 271-276.

¹⁵ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 347. Um sakeyrisreikninga sjá t.d. Þorgeir Rúnar Kjartansson, „Stóridómur: nokkur orð um siðferðishugsjónir Páls Stígssonar,“ *Sagnir*, 3:1982, bls. 2-12. Þorgeir fór yfir sakeyrisreikninga og voru 92,5% af öllum skráðum brotamönnum í sakeyrisreikningum teknir fyrir ólöglegt kynlíf. Þeir sem voru teknir fyrir endurtekin brot voru hins vegar aðeins 14,4%. Bendir til þess að *Stóridómur* gæti hafa haft áhrif á hegðun fólks að einhverju leyti. Hafa þarf í huga að sakeyrisreikningar ná eingöngu yfir þá sem náðust við ólöglegt athæfi.

hafi skilað sér inn á heimilin er meðal annars viðfangsefni þessarar ritgerðar en fyrst skal lítið á fyrri rannsóknir á Íslandi um aga.

1.2 Fyrri rannsóknir á Íslandi, aðferðir og heimildir

Það sem hefur verið skrifað og rannsakað um aga á Íslandi kemur meðal annars fram í *Sögu Íslands VI*. Í kaflanum *Yfirhangandi hrís og straff* kemur fram að konungur hafi farið með æðsta umboð Guðs og boðað aga og reglu í anda rétttrúnaðar. Valdastiginn átti að vera konungur > biskupar, prestar, sýslumenn > húsbændur > börn og hjú.¹⁶ Veraldlega valdstjórnin hafi þess vegna stjórnað kirkjunni sem var verkfærið til að aga og halda stjórn á samfélaginu.

Erlend áhrif lúthersks rétttrúnaðar eru nefnd en meira til almennrar skýringar en rannsökuð í þaula. Stutt umfjöllun er um aga¹⁷ en þar er meira fjallað um almenn agabrot heldur en agabrot á heimilum. Taldar eru upp refsingar vegna þessa agaleysis og tegundir refsinga á Íslandi vegna agabrota nefndar.¹⁸ Umfjöllun um legorðsmál¹⁹ eru ekki í beinni tengingu við heimilisaga en gefa til kynna aukið eftirlit með heimilislífi fólks.

Þar af leiðandi er ekki mikið fjallað um heimilisaga. Ekki er gerður samanburður við Þýskaland og þar af leiðandi eru hugsanleg þýsk áhrif ekki rannsökuð. Umfjöllun um katekisma er ekki mikil en það kemur fram að „Skylt var börnum að læra fræði Lúthers (kverið) [...]“²⁰ Notkun katekisma sem ögunartóla er ekki rætt eða tengsl þeirra á milli Þýskalands og Íslands.

Loftur Guttormsson hefur rannsakað uppeldi barna á einveldisöld og nefnir þar um aga á heimilum. Hann leggur áherslu á seinni hluta 17. aldar og 18. öld. Miðar hann þá við

¹⁶ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 341.

¹⁷ Ibid., bls. 342-343.

¹⁸ Ibid., bls. 344 og 346.

¹⁹ Ibid., bls. 347-352.

²⁰ Ibid., bls. 386.

Húsagatilskipunina 1746/47 og rannsakar út frá henni húsaga.²¹ Hann nefnir meðal annars að í bændasamfélagi eins og á Íslandi var nauðsynlegt fyrir börnin að byrja ung að taka þátt í heimilisverkunum. Á sama tíma og þau byrjuðu að vinna hófst ögunin. Við tíu til tólf ára aldur var hugsanlegt að áherslubreytinga gætti í ögunaraðferðum. Íslensk börn fóru að skiljast frá fjölskyldu sinni og búa á heimilum annarra, þá sem vinnuhjú, lærlingar eða námsmenn. Þannig hafa þau færst undan foreldravaldinu og færst undir vald húsbænda sem Loftur segir að hafi beinlínis verið framandi.²² Það þarf þó ekki að vera vegna þess að foreldra- og húsbændavald byggðist á sömu hugmyndum frá lúthersku. Það var ekkert sem sagði að foreldravald væri mildara en húsbændavald og öfugt. Agi húsbænda þurfti ekki að vera strangari en agi foreldra.

Jafnframt tekur Loftur fram að kyn barna virðist hafa skipt máli, að reynslan hafi fært stúlkum meiri vonbrigði og sárindi en drengjum. Hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu er óljóst og nefnir hann ekki sérstök dæmi sér til stuðnings. Í samhengi við þetta má nefna að hann telur agann hafa sett varanlegt mark á reynslu manna, að öllum líkindum vegna þess að hann hafi verið svo strangur.²³ Hægt er að setja spurningarmerki við þessa niðurstöðu hans þar sem agi og hörð refsing merkja ekki það sama. Skellur á afturendann gat vissulega haft mikil áhrif á ungan dreng eða stúlku, en segir í raun ekkert til um það hversu fast hendinni eða vendinum var sveiflað.

Í öðru riti sínu, *Kristni á Íslandi*, kemur Loftur aðeins inn á merkingu fjórða boðorðsins í tengslum við aga. „Þess var vænst að hlýðnin, sem fjórða boðorðið skuldbatt börn til að sýna foreldrum, færðist yfir á hin valdsviðin tvö (kennivaldið og veraldlega valdstjórn) og stuðlaði þannig að röð og reglu í þjóðfélaginu.“²⁴ Þessi röð og regla í þjóðfélaginu kemur meðal annars fram í þeirri fræðslubyrði sem lögð var á herðar

²¹ Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag, 1983), bls. 68-83.

²² Loftur Guttormsson, *Bernska*, bls. 50.

²³ *Ibid.*, bls. 174.

²⁴ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 92.

sóknarpresta og foreldra. Hér leggur Loftur meiri áherslu á trúarlega uppfræðslu en eiginlegan aga sem var oftast í höndum foreldra. Sóknarprestar veittu ef til vill foreldrum þann ramma sem þeir þurftu að byggja á til að aga börn sín, eins og til dæmis með katekismum.

Fjórða boðorðið virðist hafa þá merkingu hjá Lofti að höfuðáhersla var lögð á hlýðni í fjórða boðorðinu sem ríkisvaldið nýtti sér til að halda aga á þegnum sínum. Um miðbik 17. aldar hafi veraldleg yfirvöld látið agaleysi á heimilum til sín taka en var nokkurn tíma agaleysi?²⁵ Rétt er að hugmyndir yfirvalda og kennimanna um bættan húsaga voru á þessu tímabili bundnar líkamshirtingum en að hvaða leyti og marki er ekki nánar rætt. Frekar mætti telja að þær væru „að hluta“ bundnar líkamsrefsingum.

Í rannsóknnum sínum gerir Loftur ekki samanburð við Þýskaland og rannsakar því ekki hugsanleg þýsk áhrif á eftirlit með auknum heimilisaga. Fjallar hann meira um uppeldi en eiginlegan aga og eftirlit á heimilum. Katekismar koma fram í stuttu máli en eru ekki tengdir við Þýskaland sérstaklega. Hann fjallar þó um fjórða boðorðið og merkingu þess í tengslum við hlýðni við yfirvöld.

Guðlaugur R. Guðmundsson nálgast svo aga í gegnum latínuskólana á 16. og 17. öld. Hann tengir þar saman refsikerfi latínuskólanna og aga en hann telur að refsingarkerfi lútherskra hafi verið hörkulegra en það sem var í kaþólskum sið.²⁶ Hins vegar nýtir hann sér danskar og þýskar fyrirmyndir á skólahaldi. Katekismar eru ekki oft nefndir en hjá honum má sjá að þýsk áhrif gátu haft áhrif á rekstur og kerfi skólanna. Það gæti verið vísbending um að það sama gæti hafa átt við samfélagið í heild og heimilin.

Auk þess tekur Guðlaugur fram nokkrar tegundir refsiaðgerða og fjallar um refsitól en óvíst er hvort þeim var beitt á Íslandi. Hrísvöndur var ekki óalgengur í hendi skólastjórnenda og var táknið um myndugleika og vald kennarans. Pálmastikan var hins vegar embættistákni rektors. Þá nefnir hann skólarefsinguna, *poena scholastica* (þý. *die Schulstrafe*), sem var

²⁵ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 181-183.

²⁶ Guðlaugur R. Guðmundsson, „Hart hrís gerir börnin vís“ *Saga* 31:1993, bls. 33-34.

mikilvægur liður í skólakerfi fyrri alda. Telur hann líka upp helstu brot skólapilta á Íslandi og að notast hafi verið við umbun fyrir iðni og ástundun.²⁷ Þetta gefur ágæta mynd af refsihugmyndum 17. aldar og hvernig átti að nota refsingar til að halda uppi aga. Hins vegar verður að taka til greina hvort það sama hafi átt við um heimilin í landinu þar sem ekki fóru öll börn í skóla. Var aginn ef til vill strangari í skólunum? Kennari þurfti að stjórna nokkrum drengjum og þar með sýna vald sitt á augljósan hátt. Það taldist best gert með góðum hirtingum við öllum brotum drengjanna.

Af þessu má taka til athugunar að refsingar voru ef til vill ekki eins harðar í augum samtímamanna á 17. öld og halda mætti. Í augum nútímamanna eru barsmíðar og jafnvel líflát fyrir hin ýmsu brot mjög óhugnanleg en á 17. öld gátu harðar refsingar talist eðlilegar og höfðu því kannski minni fælniáhrif en ætla mætti. Þetta gat þá átt við hvort sem í hlut áttu drengir í latínuskóla eða menn og konur í daglegu lífi. Það var að minnsta kosti svo að þungar refsingar tryggðu ekki löghlýðni og ekki virðist hafa dregið úr hórdómsbrotum þrátt fyrir harða dóma, sektir og refsingar.²⁸ Refsingar endurspeglar því ekki aga í sjálfum sér heldur ákveðna viðleitni, hugsun og framkvæmd sem getur komið fram á mismunandi hátt í samfélaginu og inni á heimilum.

Í íslenskum rannsóknum ber þess vegna ekki mikið á samanburði við Þýskaland þar sem lútherskan átti rætur sínar. Þar af leiðandi er lítið að finna um hugsanleg þýsk áhrif í sambandi við íslenskan heimilisaga. Enn fremur var umfjöllun um katekisma ábótavant og þeir ekki sérstaklega nefndir sem ögunartól í anda lúthersks rétttrúnaðar.

Vegna þess að ekki hefur gerð þess konar rannsókn sem byggir á samanburði við Þýskalandi, lútherskuna og katekisma þá vildi ég athuga hvort að fyrirmyndir um aukinn aga á heimilum sé að finna frá Þýskalandi og þá með tilliti til lúthersks rétttrúnaðar. Til þess ætla ég

²⁷ Guðlaugur R. Guðmundsson, „Hart hrís gerir börnin vis“, bls. 40-45.

²⁸ Helgi Þorláksson, „Aldarfarið á sautjándu öld“ í *Hallgrímsstefna* (Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju, 1997), bls. 16.

að nota fjórða boðorðið og katekisma, sérstaklega *Fræðin minni*²⁹ eftir Marteín Lúther. Með því að kanna hvort fjórða boðorðið og *Fræðin minni* hafi verið notuð sem verkfæri við að halda uppi aga á Íslandi er hægt að athuga hvort að þýskra áhrifa gætti á Íslandi vegna aukinna afskipta yfirvalda af heimilisaga.

Helstu rannsóknarspurningar mínar eru þess vegna: Í hverju voru fólgnar hinar þýsku fyrirmyndir heimilisaga frá lútherska rétttrúnaðinum? Hvernig var þeim hrint í framkvæmd í Þýskalandi? Mátti gera það á sama hátt á Íslandi? Voru kringumstæður svipaðar þar? Hvernig var háttað eftirliti með aga á Íslandi? Hver var árangurinn á 17. öld að þessu leyti að mati innlendra og danskra stjórnvalda?

Hafa verður í huga að heimildavandi er mikill hvað varðar samskipti á milli heimilismanna á umræddu tímabili. Þess vegna leitast ég við nota heimildir úr alþingisbókum, annálum, lögum, prestastefnubókum og *Fræðunum minni*. Íslenskar útgáfur af *Fræðunum minni* frá 16. og 17. öld voru skoðaðar rafrænt í gegnum bækur.is. Þessar heimildir varpa ljósi á hvernig agi birtist í íslensku samfélagi og á íslenskum heimilum frá miðri 16. öld til loka 17. aldar. Íslensk dæmi leiða til þess að hægt er að sjá hver framkvæmdin var og hvernig veraldleg yfirvöld hertu tókin á þegnum sínum. Lög eins og *Stóridómur* segja svo til um vilja yfirvalda við boðun á aga en framkvæmdin gat verið önnur. Einn af aðaltengipunktunum eru svo katekismar, þá sérstaklega *Fræðin minni* eftir Lúther. Vegna notkunar hans í báðum löndum er unnt að nota hann til að sýna fram á hugmyndafræðileg tengsl landanna þegar kom að boðun á aga. Fjórða boðorðið er hér mikilvægt, *Heiðra skaltu föður þinn og móður*, vegna þess að í því fólst undirgefni barna og hjúa gagnvart foreldrum eða húsbónda og húsmóður.

²⁹ *Luthers Werke. Kritische Gesamtausgabe*. 30. bindi (Weimar: Hermann Böhlau, 1910). *Fræðin minni* eru á eftirfarandi bls. 243-402. Síðar í ritgerðinni verður notast við íslenska þýðingu á *Fræðunum minni* þar sem orðalag er það sama í báðum útgáfum.

1.3 Þýskar rannsóknir

Til að grafast fyrir um uppruna hugmynda um mikilvægi aukins heimilisaga í kjölfar siðskipta verður lögð mest áhersla í ritgerðinni á samanburð við Þýskaland. Spurt er hvort teljanleg áhrif um beitingu aga á Íslandi megi rekja þangað. Samanburðurinn felst þá helst í hugmyndafræðinni að baki aga frá lúthersku og hvaða þýskar hugmyndir kunni að hafa verið ráðandi við ögun húsbænda á börnum sínum og hjúum. Þess vegna tel ég mikilvægt að líta á hvað erlendir fræðimenn hafa rannsakað um efnið og hvernig málum var háttað í Þýskalandi varðandi félagslegt taumhald og heimilisaga á umræddu tímabili.

Erlendir fræðimenn sem hafa rannsakað efnið eru meðal annars Steven Ozment³⁰, Paul Münch³¹, Udo Sträter³² og Renate Dürr³³. Hafa þarf í huga mismunandi áherslur fræðimannanna í tengingu við aga, hvort þær liggja í samfélagslegum aga eða heimilisaga. Mikilvægt er að skoða hvað það var í hugmyndafræði siðskiptamanna sem hjálpaði veraldlegum yfirvöldum að auka félagslega taumhaldið og eftirlit með heimilum. Viðhorf og niðurstöður þessara fræðimanna varpa ljósi á stöðu mála á umræddu tímabili í Þýskalandi.

Fyrst skal nefna að fyrir Marteini Lúther var söfnuðurinn eins og pólitískt samfélag og hann ætlaðist til þess að yfirmenn hins þýska veraldlega samfélags tækju frumkvæðið í skipulagningu safnaðarins. Þeir áttu að taka við stjórninni, voru yfir kirkjunni og áttu að sjá til þess að kirkjunnar menn hefðu stjórn á söfnuðinum. Að mati Lúthers kom það nefnilega fljótt

³⁰ Steven Ozment er bandarískur sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í endurreisnartímanum og siðaskiptum Evrópu, 1400-1700. Ozment hefur gefið út nokkrar bækur á þessu sviði, til dæmis *Age of Reform* (1980), *When Fathers Ruled: Family Life in Reformation Europe* (1983), *Protestants: The Birth of a Revolution* (1992), *The Western Heritage* (2004) og *A Mighty Fortress: New History of the German People* (2004).

³¹ Bók Paul Münch, *Das Jahrhundert des Zwiespalts. Deutsche Geschichte 1600-1700* (1999), fjallar um mismunandi svið þýskrar sögu á 17. öld. Meðal annars kirkjusögu, trúarbrögð, samfélagsuppbyggingu, hugarfar, viðskipti og stríð. Önnur verk Münch eru *Lebensformen in der frühen Neuzeit. 1500-1800* (1998) og *Zucht und Ordnung. Reformierte Kirchenverfassungen im 16. und 17. Jh.* (1978).

³² Udo Sträter er þýskur sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í kirkjusögu og áhugasvið hans liggur meðal annars í lútherska rétttrúnaðinum, sögu heittrúarstefnunnar (e. *pietism*) og evrópskum trúarbragðahreyfingum á árnýöld. Meðal verka hans er *Meditation und Kirchenreform in der lutherischen Kirche des 17. Jahrhunderts* (1995).

³³ Renate Dürr er þýskur sagnfræðingur við háskólann í Tübingen. Sérsvið hennar eru m.a. kirkju- og trúarbragðasaga árnýaldar. Helstu verk eru *Mägde in der Stadt* (1995), *Nonne, Magd oder Ratsfrau. Frauenleben in Leonberg aus vier Jahrhunderten* og *Expansionen der Frühen Neuzeit* (2004).

í ljós að alþýðan þurfti á taumhaldi og aga að halda. Hún var ekki fær um að mynda hið persónulega samband við Guð án aðstoðar frá klerkum og veraldlegum yfirvöldum.³⁴

Þessi þörf fyrir aukið taumhald sást til dæmis í galdraofsóknum 17. aldar en hugmyndir um Djöfulinn komu frá heilögum Ágústínusi sem taldi að yfirnáttúrulegar verur eins og djöflar, störfuðu með leyfi Guðs. Þeir voru jafnvel sendir af honum til að freista mannfólksins og tæla það til að framkvæma syndugar gjörðir eins og galdra. Á 17. öld urðu djöflar bandamenn syndugra manna sem reyndu að fremja óheillvænleg samsæri gegn kristilegum samfélögum. Í framhaldi af þessu varð lögð áhersla á nornaveiðar hjá kirkjulegum og veraldlegum yfirvöldum.³⁵ Klerkar nýttu sér ótta við djöfla og Djöfulinn til að halda siðferðislegu valdi yfir fólkinu og framfylgdu þannig trúarlegum aga. Með því að ráðast á nornir víkkaði kristið samfélag valdsvið sitt og jók áhrif sín á nýjum svæðum. Að ásaka, rétta yfir og aflífa nornir varð því að yfirlýsingu um siðferðislegt og veraldlegt vald yfir þorpum og landsvæðum.³⁶ Þetta samspil kirkjunnar og veraldlegra dómstóla í nornaveiðum leiddi af sér galdrafár sem náði til margra landa Evrópu á 17. öld.

Ef vikið er að katekismum í þýskum rannsóknum þá hefur verið meira skrifað um katekisma í Þýskalandi en á Íslandi. Mikilvægi þýskra katekisma gefur hugmynd um hversu gagnlegir þeir gátu verið við að halda upp félagslegu taumahaldi og aga á heimilum. Kynning á kristnidómnum þurfti nefnilega að byrja á heimilunum með yfirllestri á katekismum til þess að prédikun presta næði eyrum safnaðarins.³⁷ Með öðrum orðum, prédikunin var gagnslaus

³⁴ Steven Ozment, *When Fathers Ruled. Family life in Reformation Europe* (Cambridge, Massachusetts og London: Harvard University Press, 1983), bls. 186.

³⁵ Wolfgang Behringer, „Demonology, 1500-1660“ í *The Cambridge History of Christianity*, ritstj. R. Po-Chia Hsia (Cambridge og New York: Cambridge University Press, 2007), bls. 406-407.

³⁶ Donald Kagan, Steven Ozment og Frank M. Turner, *The Western Heritage. Volume B: 1300-1815* (New York: Macmillan Publishing, 1991), bls. 460-462.

³⁷ Udo Sträter, *Meditation und Kirchenreform in der lutherischen Kirche des 17. Jahrhunderts* (Tübingen: Mohr, 1995), bls. 82. Um notkun katekisma í kirkju og skólum sjá Hans-Jürgen Fraas, *Katechismustradition. Luthers kleiner Katechismus in Kirche und Schule* (Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1971).

nema söfnuðurinn kæmi undirbúinn til messu. Lúther var þeirrar skoðunar að grunnskilningur á katekismanum væri hornsteinn frekari fræðslu um Guð og trúrækni.³⁸

Þetta leiddi meðal annars til þess að Lúther samdi tvo katekisma árið 1529, annars vegar *Hinn stóra katekismus* eða *Fræðin meiri*³⁹ fyrir presta og fullorðna og hins vegar *Hinn minni katekismus* eða *Fræðin minni* sem ætlaður var til að fræða ungdóminn. Báðir voru byggðir á fimm meginatriðum, boðorðunum tíu sem áttu að endurspegla syndir mannsins, postullegu trúarjátningunni, faðirvorinu, skírnarsakramentinu og altarissakramentinu.⁴⁰

Auk þess taldi Lúther að styrkja þyrfti prestastéttina innan frá og að það væri best gert með *Fræðunum meiri*. Þau voru hugsuð fyrir presta til notkunar í prédikunarstólum og önnur dagleg störf. Prestar áttu ekki aðeins að lesa ritið einu sinni heldur rifja það upp reglulega af því alltaf var hægt að læra eitthvað nýtt. Í formála *Fræðanna meiri* voru meðal annars leiðbeiningar um hvernig kenna skyldi fólki Guðsorð.⁴¹ *Fræðin meiri* hentuðu því ekki til notkunar á heimilum.

Tilgangur *Fræðanna minni* var hins vegar sá að ná til heimilanna. Húsbóndinn átti að minnsta kosti einu sinni í viku að lesa þau yfir með börnum sínum og hjúum. Ef börnin neituðu áttu þau ekki að fá að borða. Ef hjú neituðu átti að reka þau.⁴² Notkun *Fræðanna minni* á þýskum heimilum var ein af ástæðunum að ég vildi kanna þá frekar og hvort að ekki mætti finna tengsl á milli þýskra og íslenskra katekisma og notkun á þeim inni á íslenskum heimilum.

Ef við snúum okkur aftur að þýskum heimilum þá átti heimili í öguðu samfélagi ekki að vera einkasvið utan samfélagsins. Það átti að vera fordæmi fyrir umheiminn með því að

³⁸ Sträter, *Meditation*, bls. 119-120.

³⁹ *Luthers Werke*. 30. bindi, bls. 123-238.

⁴⁰ Roland H. Bainton, *Martin Luther* (Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1980), bls. 301.

⁴¹ Eugen Paul, *Geschichte der Christlichen Erziehung. Barock und Aufklärung*, II. bindi (Freiburg um Breisgau, Basel og Wien: Herder, 1995), bls. 77. *The Book of Concord. The Confessions of the Evangelical Church*, þýtt og ritstýrt af Theodore G. Tappert ásamt Jaroslav Pelikan, Robert H. Fischer og Arthur C. Piepkorn (Fíladelfía: Fortress Press), bls. 357-362.

⁴² Bainton, *Martin Luther*, bls. 303.

sýna fram á guðrækni, aga og hlýðni við veraldleg og kirkjuleg yfirvöld. Börnin átti að ala upp í guðsótta, þau skyldu vera hlýðin og dyggðug svo að í framtíðinni yrðu þau fær um að vera guðræknir borgarar og siðferðisleg fyrirmynd annarra.⁴³ Enn fremur litu veraldleg og kirkjuleg yfirvöld á félagslegt taumhald og löggjöf sem mikilvægan þátt í ögun samfélagsins. Eftirlit með siðferði var talið nauðsynlegt fyrir heimilislífið, hvort sem það var í þýskum bæjum kaþólskra eða mótmælenda.⁴⁴ Þetta sést helst þegar skoðuð er löggjöf og dómar í málum sem tengdust brotum á siðferðisreglum eins og um barneignir utan hjónabands, hórdóm, manndráp og fleira.

Þetta vekur upp spurninguna: Hverjir báru ábyrgð á ögun í þýsku, lúthersku samfélagi? Fyrst skal nefna klerka en félagsleg ábyrgð þeirra var töluverð og þeirra hlutverk var meðal annars að innræta gott siðferði í söfnuðinum. Ýmis vandamál sem tengdust heiðri, siðgæði og hjúskap komu á borð prestanna.⁴⁵ Í öðru lagi voru það skólastjórnendur sem sáu um framkvæmd og innrætingu aga í skólum. Skólahald var í verkahring hinnar veraldlegu valdstjórnar. Í þriðja lagi báru feður mikla félagslega ábyrgð sem lá í því að sjá um stjórnun heimilishalds. Þeir þurftu að halda uppi aga og reglu á heimilinu með aðstoð eiginkonu sinnar. Auk barna þurfti að hafa stjórn á hjúum.⁴⁶ Hlutverk húsföður var þess vegna mótað af samfélagslegum hugmyndum um félagslegt taumhald.

Á þýskum heimilum var svo grunnatriði að aga börnin en agi varð ekki gagnlegur fyrir barnið fyrr en það hafði náð vitsmunalegum þroska til að skilja og taka rökum. Agi byrjaði frá sex eða sjö ára aldri og náði til tólf eða fjórtán ára aldurs í Þýskalandi. Á þessum aldri töldu flestir mótmælendur að hægt væri að móta siðferðislega vitund barna.⁴⁷

⁴³ Ozment, *When Fathers Ruled*, bls. 9.

⁴⁴ *Ibid.*, bls. 42-43.

⁴⁵ Werner Trossbach, *Bauern 1648-1806. Enzyklopädie Deutscher Geschichte*. 19. bindi (München: R. Oldenbourg Verlag, 1993), bls. 29-30. Sjá líka BA ritgerð eftir Helgu Hlín Bjarnadóttur *Fyrir heilags anda innblástur : vald sóknarpresta yfir sóknarbörnum sínum í Skálholtsbiskupsdæmi 1639-1720* (2009) þar sem hún fjallar um vald presta gagnvart sóknarbörnum sínum á Íslandi.

⁴⁶ Ozment, *When Fathers Ruled*, bls. 9.

⁴⁷ *Ibid.*, bls. 144.

Siðferðislegur og lagalegur þrýstingur var settur á húsbændur um að misnota ekki vald sitt en halda þó uppi aga. Agað heimili átti ekki að vera eins og hjá einræðisherra. Aðeins í mjög alvarlegum málum (þý. *es die hohe Not erforderte*) átti húsbóndi að vera mjög harður gagnvart konu sinni, börnum eða hjúum til að fá fram skilyrðislausa hlýðni þeirra.⁴⁸

Annað sem mér fannst áhugavert í þýsku rannsóknunum var líkanið „das ganze Haus“ eða *Heimilið*. Líkanið má sjá í viðauka I aftast í þessari ritgerð. Með þessu líkani er hægt að tengja samfélagsuppbygginguna við heimilið sem gefur ágæta mynd af mikilvægi agans fyrir heimili og samfélag. Þar skiptir stigröðun valdastigans máli sem og samspil veraldlegra yfirvalda við kirkjuna til að viðhalda daglegum aga.⁴⁹ Líkanið sýnir fram á algenga hugmynd samtímamanna um uppbyggingu fjölskyldunnar á 17. öld. Líkanið eykur skilning á innbyrðis samböndum heimilisfólks og hvernig hlutverkum þess og ögun var háttað. Hafa verður varann á um að þetta líkan gefur einungis hugmynd um hvernig heimilið átti að vera. Ekki er hægt að tengja það við allar gerðir heimila og í mörgum tilvikum hefur það án efa ekki verið gilt. Hins vegar er gagnlegt að nota það sem viðmið.

Við nánari skoðun á líkaninu sést að innan heimilisins voru þrjár einingar settar saman af hjónabandinu (*societas coniugalis*), sambandi foreldra og barna (*societas parentalis*) og sambandi húsráðenda og hjúa (*societas herilis*). Það vekur athygli að um samband foreldra og barna og samband húsráðenda og hjúa gildi það sama. Þar var krafist hlýðni og hollustu af börnum og hjúum en húsráðendur eða foreldrar áttu að stjórna og leiðbeina en auk þess sýna kærleik. Á líkaninu sést einnig sérstaða húsmæðra. Þær áttu að hlýða húsbændum en húsbændum bar að sýna húsmæðrum virðingu, sem átti ekki við um börn og hjú. Hins vegar áttu húsbændur rétt á því að ávíta eða aga húsmæður. Lögð var áhersla á samvinnu á milli hjóna, meðal annars með hollustu og hjálpsemi, en það var ekki að sjá á milli húsbænda,

⁴⁸ Ozment, *When Fathers Ruled*, bls. 51. Manfred Lemmer, „Haushalt und Familie aus der Sicht der Hausväterliteratur“ í *Haushalt und Familie in Mittelalter und früher Neuzeit*, ritstj. Trude Ehlert (Sigmaringen: Thorbecke, 1991), bls. 184-185.

⁴⁹ Paul Münch, *Das Jahrhundert des Zwiespalts. Deutsche Geschichte 1600-1700* (Stuttgart, Berlín og Köln: Kohlhammer, 1999), bls. 67.

barna og hjúa. Af þessu má álykta að húsmæður stóðu ofar í virðingarstiganum en börn og hjú.⁵⁰

Fyrir utan ögun á börnum var ögun á hjúum mikilvæg. Hjú voru ómissandi á mörgum þýskum heimilum en þau máttu heldur ekki vera of mörg á hverjum stað. Gott húshald átti að byggjast á samræmi á milli hjúa, húsbænda og barna þeirra. Á milli hjúa var oft stigveldi og skyldu þannig sum hafa eftirlit með lægra settum hjúum. Börnin áttu ekki að vera í miklu samneyti við hjúin af því oft var talið að þau lifðu ekki frómu lífi. Þau áttu að láta vita ef þau sáu eitthvað gruggugt eiga sér stað á milli hjúa eða ef þau höguðu sér óeðlilega.⁵¹ Hérna er sett fram athyglisverð hugmynd um að börn ættu að hafa auga með hjúum. Þetta hefur kannski átt við á stærri og efnameiri heimilum. Ómögulegt er að álykta hvort þetta hafi átt við um Ísland en hugmyndin er áhugaverð.

Þýskum yfirvöldum var einnig umhugað um heimilishjú og settu þeim skorður til að halda reglu í samfélaginu. Þetta á aðallega við um hjú í þýskum bæjum en mögulegt er að tengja þetta við líklega meðferð og ögun á hjúum í bændasamfélögum. Yfirvöld bæjanna og vinnumiðlanir sem sáu um að finna vinnustað handa hjúum, áttu að sjá til þess að ekki væri of hart gengið fram við ögun á hjúum og þeim sem fóru illa með hjú sín skyldi refsað.⁵² Yfirvöld höfðu því eftirlit með umönnun hjúa en jafnframt fylgdust þau með því að þau færu eftir settum reglum.

Í stuttu máli þá sést á þessum erlendu rannsóknum að hugmyndir siðskiptamanna um persónuleg tengsl við Guð leiddu til þess að veraldleg yfirvöld fóru að hafa aukin afskipti af félagslegu taumhaldi. Þar sem sameiginlegt markmið veraldlegra og kirkjulegra yfirvalda var að hafa friðsamt samfélag var eftirlit með þegnum talið nauðsynlegt. Heimilin urðu að þungamiðju þessa eftirlits og þá sérstaklega börnin sem hægt var innræta með réttum

⁵⁰ Münch, *Das Jahrhundert*, bls. 70. Sjá einnig um „das ganze Haus“ í Renate Dürr, *Mägde in der Stadt. Das Beispiel Schwäbisch Hall in der Frühen Neuzeit* (Frankfurt/Main; New York: Campus Verlag, 1995), bls. 18-22. Trossbach, *Bauern 1648-1806*, bls. 88-112.

⁵¹ Lemmer, „Haushalt und Familie“, bls. 189-190.

⁵² *Ibid.*, bls. 183.

trúarlegum skoðunum. Foreldrar áttu fyrst og fremst að sjá um eftirlitið en þar á eftir komu klerkar og veraldleg yfirvöld. Það auðveldaði líka kirkjulegum og veraldlegum yfirvöldum starfið að hafa stuðning frá Marteini Lúther. Hugmyndir hans voru ákjósanlegar fyrir þá viðleitni að ná fram félagslegu taumhaldi taumhaldi sem teygði arma sína inn á þýsk heimili. Að auki gerir heimildavandi mjög erfitt fyrir þegar skoða þarf samskipti á milli heimilisfólks á þessu tímabili. Strangur agi foreldra á börnum getur þýtt svo margt af því að í honum felast ekki endilega líkamlegar refsingar. Þýskir húsbændur áttu ekki að vera of strangir í aganum en hvort þeir hafi fetað hinn gullna meðalveg er óljóst. Notkun á *Fræðunum minni* gat einfaldað húsbændum ögunarverkið þar sem Lúther samdi þau með heimilin í huga. Sem fræðslurit fyrir börn og hjú gat það mögulega aðstoðað húsbændur að finna hvar mörkin lágu.

Ef vikið er að aftur að ritgerðinni þá er henni skipt í inngang, þrjá meginkafla og niðurstöðukafla. Fyrsti kafli fjallar um samfélagsskipan bændasamfélagsins í Þýskalandi og á Íslandi á 16. og 17. öld. Slíkur samanburður er nauðsynlegur til að draga fram líkindi á milli landanna og það sem var ólíkt. Þá sérstaklega af því að þýsk áhrif á Íslandi hafa lítið verið könnuð. Hafa verður í huga að Þýskaland var ekki land á þessum tíma heldur skipt upp í sjálfstæð svæði og borgríki. Ekki verður allt Þýskaland tekið sem dæmi heldur einblínt á Norður- og Vestur-Þýskaland þar sem lútherskan var hvað sterkust og af því að Danmörk á landamæri sín að Norður-Þýskalandi og þaðan komu þýsk áhrif.

Annar kafli fjallar um lútherska rétttrúnaðinn og hugmyndir sem tengjast samfélagslegum aga. Samanburður verður gerður á Þýskalandi og Íslandi og athugað hvernig hugmyndafræðin barst frá Þýskalandi, meðal annars í formi katekisma sem voru þýddir af íslenskum og dönskum mönnum. Í þessum hluta verða settar fram birtingarmyndir og dæmi um samfélagslegan aga í formi refsinga vegna galdra og skólaaga. Í þessum kafla verður líka fjallað um fjórða boðorðið og miðlun þess í gegnum katekisma, þá sérstaklega *Fræðin minni*.

Þriðji kafli tekur fyrir íslenska löggjöf á tímabilinu sem varðar heimilisaga og dæmi um aukinn aga á heimilum verða tekin úr alþingisbókum, annálum og prestastefnubókum. Að lokum koma niðurstöður.

2. Þýskaland og Ísland: Bændasamfélög á 16. og 17. öld

Markmið þessa kafla er að bera saman bændasamfélögin í Þýskalandi á 16. öld og á Íslandi á síðari hluta 16. aldar og fyrri hluta 17. aldar. Þessi samanburður leiðir í ljós hvernig samfélagsskipan bænda var háttað og hvað var líkt og ólíkt með löndunum. Samanburður sýnir tók landeiganda og stórbænda á leiguliðum og hvernig þau áttu eftir að hafa áhrif síðar meir þegar lútherskan var komin á. Enn fremur leiðir samanburðurinn í ljós ólíkar kringumstæður og ástæður þess að lútherskan fór að breiða úr sér í þýsku og íslensku bændasamfélagi á umræddu tímabili.

2.1 Tvö ólík bændasamfélög - eða hvað?

Bændasamfélagið í Þýskalandi og á Íslandi átti tvennt sameiginlegt. Í fyrsta lagi var það landbúnaðurinn en hann var undirstaða efnahagsins í báðum löndum og mikilvægasta atvinnugreinin. Sveitirnar í Þýskalandi framleiddu um 80% af landsframleiðslunni en þar sem hún gat verið hæg var ávallt mikilvægast að nægur matur væri til fyrir þjóðina.⁵³ Vestur-Þýskaland var mjög hagstætt fyrir akuryrkju sem leiddi til þess að lítil þorp mynduðust og unnu bændur saman að ræktuninni. Í flestum þessara þorpa var kirkja og lítill dómstóll sem sá um að refsa fyrir minni afbrot.⁵⁴

Bændur voru þess vegna meirihluti íbúa Þýskalands eða um 80-90%. Félagsleg staða þeirra var mismunandi, rétt eins og hjá aðli og borgurum. Hver bóndi var meðlimur kirkju sem tilheyrði ákveðinni sókn. Að sama skapi voru flestir ef ekki allir bændur undir stjórn landeiganda eða fursta. Mjög lítill hluti bænda gat stundað sjálfseignarbúskap og verið

⁵³ Münch, *Das Jahrhundert*, bls. 43.

⁵⁴ Thomas Robisheaux, „The peasantries of Western Germany 1300-1750“, í *The peasantries of Europe. From the fourteenth to the eighteenth century*, ritstj. Tom Scott (London, New York: Longman, 1998), bls. 112-114. Eda Sagarra, *A social history of Germany 1648-1914* (London: Methuen, 1977), bls. 140-141.

algjörlega óháður landeigendum.⁵⁵

Í framhaldi af þessu skal nefna að efri stétt bænda í Norður- og Vestur-Þýskalandi var talin hafa það ágætt gagnvart landeigendum sínum og höfðu þeir umtalsverð réttindi. Hér má helst nefna að vel stæðir bændur gátu arfleitt býli sín og lönd til afkomenda sinna og þannig tryggt áframhaldandi góða innkomu. Einnig gátu þeir fengið góð umboð í gegnum sína landeigendur og útveguðu minna efnuðum bændum vinnu. Mikil áhersla var á að hjónabönd héldust innan þessara ætta til að arfleiðsla héldist innan þeirra.⁵⁶ Landeigendur héldu áfram að stjórna efnahagnum með sköttum, leigu og þjónustu frá bændunum en þeir höfðu ekki lengur bein ítök í landbúnaðarframleiðslu bænda. Þetta varð til þess að efri stétt bænda gat hagnast verulega og aukið völd sín.

Svipað munstur má sjá á Íslandi en hér á landi voru það landeigendurnir sem voru í sömu stöðu og efri stétt bænda í Þýskalandi. Aðstæður voru vissulega ekki þær sömu en bændasamfélagið á Íslandi einkenndist af landeigendum og leiguliðum. Helsti munurinn var sá að á Íslandi voru ekki þéttbýl svæði heldur strjál byggð. Það var helst á biskupsstólunum sem einhver fjöldi fólks gat komið saman, búið og unnið. Landeigendur á Íslandi höfðu einnig meiri tök á leiguliðum en var í Norður- og Vestur-Þýskalandi.⁵⁷

Talið er að flestar jarðir á Íslandi hafi verið í eigu stóreignamanna og að tæplega 5-7% jarðeigenda hafi átt um helming allra jarða í einkaeign. Rétt eins og efri stétt bænda í Þýskalandi giftust hinir auðugu landeigendur innbyrðis til að halda auðnum innan ættarinnar. Þessir sömu menn fóru svo með sýslur og umboð sem varð þess valdandi að þeir gátu hagnast

⁵⁵ Christopher R. Friedrichs, „German social structure, 1300-1600“, í *Germany: 1450-1630. A New Social and Economic History*, I. bindi, ritstj. Bob Scribner (New York: Arnold, 1996), bls. 248. Sjá líka um skyldur bænda gagnvart landeigendum í G. Benecke, *Society and Politics in Germany 1500-1750* (London, Toronto: Routledge og Kegan Paul, University of Toronto Press, 1974), bls. 19-21.

⁵⁶ Sheldon J. Watts, *A social history of western Europe 1450-1720. Tensions and solidarities among rural people* (London: Hutchinson University Library, 1984), bls. 114. Robisheaux, „The peasantries of Western Germany“, bls. 119.

⁵⁷ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 134.

enn meira.⁵⁸ Að auki þurftu auðugir landeigendur á Íslandi að lúta dönsku konungsvaldi rétt eins og auðugir bændur í Þýskalandi þurftu að lúta þýskum furstum.

Telja má að tengsl valdsmanna á Íslandi við Danakonung hafi leitt til þess að þeir studdu konung við siðskiptin í von um að bæta við sig fleiri jarðeignum og öðlast meiri völd. Þeir sáu hér tækifæri til að auka auð sinn með auknum kvöðum á leiguliða og í krafti embættis síns og umboða. Það þykir því ljóst að landeigendur og embættismenn hafi verið elíta landsins á meðan leiguliðar voru þrepi neðar. Hér á landi var félagsleg goggunarröð á 16. og 17. öld þrátt fyrir að flestir ef ekki allir landsmenn hafi lifað á landbúnaði.

Í öðru lagi áttu bændasamfélögin það sameiginlegt að fjölskylduhagir voru svipaðir en bændafjölskyldan var hornsteinn samfélagsins á 16. og 17. öld. Með auknum áhrifum frá lúthersku varð bændafjölskyldan og aðrir meðlimir hennar að aðaláherslupunkti veraldlegra yfirvalda við að hafa stjórn á og aga landsbyggðina.⁵⁹ Þetta viðhorf átti við um bæði löndin en að auki var fjölskyldumynstrið svipað eða hið svokallaða vestur-evrópska mynstur sem fól í sér að einstaklingar giftust seint og stofnuðu litlar fjölskyldur.⁶⁰ Þetta mynstur átti sérstaklega við um Vestur-Þýskaland og hluta af Norður-Þýskalandi.

Dæmi voru um stærri fjölskyldur í Þýskalandi en minna var um það á Íslandi. Þetta átti til dæmis við um stærri þýsk býli hjá efnuðum bændum en þá var fjölskyldueiningin stærri,

⁵⁸ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 130. Sjá líka hvernig „samfélaginu sem heild sé best lýst sem félagslegu skiptu samfélagi þar sem mikill munur var á grunnkjörum elitunnar og þorra manna“ í Harald Gustafsson, „Hugleiðingar um samfélagsgerð Íslendinga á árnýöld“, í *Íslenska söguþingið 1997. Ráðstefnurit*, II. bindi, ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1997), bls. 114. Sjá líka grein Gísla Gunnarssonar „Afkoma og afkomendur meiri háttar fólks 1550-1800“ í *Íslenska söguþingið 1997. Ráðstefnurit*, II. bindi, ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík: Sagnfræðingastofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, 1998), fjallar þar um jarðeignir sem grundvöll auðs á Íslandi og hvernig ættartengsl sýna á ótvíráðan hátt að valda- og auðstéttin á Íslandi var tiltölulega samstæður hópur sem innbyrðis var tengdur ættar- eða venslaböndum.

⁵⁹ Robisheaux, „The peasantries of Western Germany“, bls. 129.

⁶⁰ David Gaunt, „The peasants of Scandinavia, 1300-1700“ í *The peasantries of Europe. From the fourteenth to the eighteenth century*, ritstj. Tom Scott (London, New York: Longman, 1998), bls. 325. Sjá í Robisheaux, „The peasantries of Western Germany“, um að 4-5 einstaklingar mynduðu kjarnafjölskyldu. Vinnuhjú og aðrir á framfæri fjölskyldunnar töldust einnig með, bls. 129. Karl-Sigismund Kramer, *Volksleben in Holstein (1550-1800). Eine Volkskunde aufgrund archivalischer Quellen* (Kiel: Mühlau Verlag, 1987), bls. 109-110. Sjá líka Loftur Guttormsson, *Bernska*, að hér á landi hefur verið í gildi sú vestur-evrópska regla að meiri hluti fólks bjó á fámennum heimilum. Nálega 2/3 landsmanna hafa búið á heimilum sem telja sjö manns eða færri, þar af flestir á 4-5 manna heimilum, bls. 97-98.

átta til tíu manns undir einu þaki. Fjöldi heimilismanna var mismunandi eftir stærð býlisins en um 60% stórra býla höfðu fimm til átta manneskjur undir sama þaki. Talan lækkaði í 57% fyrir minni bóndabýli og í 30% hjá smærri leiguliðum.⁶¹ Þessar tölur þarf að taka með fyrirvara þar sem fjöldi heimilismanna var stöðugum breytingum háður. Meðal annars fóru hjú á milli bæja og börnin voru send frá heimilunum við ákveðinn aldur. Fjöldi hjúa var líka breytilegur eftir stærð býlisins og það átti við um bæði löndin. Á Íslandi eru ekki til nákvæmar tölur fyrir umrætt tímabil en þörf húsráðenda fyrir vinnufólki gat meðal annars ráðist af því hversu mörg vinnufær börn þau áttu.⁶²

Þýsk hjú gátu haft hvert sína stöðu innan heimilisins, raðað eftir aldri og verkefnum. Þessi skipting sást meðal annars á launum þeirra og hvar þau borðuðu. Allt fram að 18. öld borðuðu hjú sem unnu inni með fjölskyldunni og þéruðu ekki börnin. Á mörgum svæðum borðuðu hjú sem unnu úti og verkamenn einnig með fjölskyldunni. Munur á inni- og útivinnu gat verið sá að þau hjú sem unni inni, til dæmis konur, sáu um að þrifa og börnin, á meðan útvinna fólst í akurvinnu og að hugsa um búfénað. Það var fyrst með Upplýsingunni að áhersla var lögð á stéttaskiptingu og að greinileg skil ættu að vera á milli húsbænda og hjúa.⁶³ Að sama skapi þurftu íslenskir húsráðendur að treysta á gott vinnufólk þegar annað hvort þeirra var fjarverandi. Það er þess vegna líklegt að trygg hjú hafi verið í góðum metum og gátu þá fylgst með hegðun annarra hjúa líkt því sem var í Þýskalandi.

Í báðum löndum var traust á vinnufólki mikilvægt í samskiptum á milli húsbænda og hjúa en þau voru mismunandi, gátu verið góð eða slæm. Samskiptin á milli húsbónda og vinnumanna gátu til dæmis verið erfið. Þá átti húsbóndinn rétt á því að nota höndina sem

⁶¹ André Holenstein, *Bauern zwischen Bauernkrieg und dreissigjährigen Krieg. Enzyklopädie Deutscher Geschichte*. 38. bindi (München: R. Oldenbourg Verlag, 1996), bls. 6-7. Robisheaux, „The peasantries of Western Germany“, bls. 130.

⁶² Loftur Guttormsson, *Bernska*, bls. 99.

⁶³ Sagarra, *A social history*, bls. 142.

agataeki. Auk þess var erfiðum hjúum oft refsað af dómstólum fyrir meint brot sín.⁶⁴ Hins vegar gátu samskiptin líka verið góð og án vandræða.

2.2 Lútherskan breiðir úr sér

Nú þegar búið er að bera saman bændasamfélögin og hvað var líkt og ólíkt, er mikilvægt að athuga hvernig lútherskan fór að breiðast út. Það gerðist við misjafnar aðstæður í hvoru landi fyrir sig. Í Þýskalandi voru það að hluta til bændurnir sjálfir sem komu breytingunum af stað ásamt landeigendum og furstum. Á Íslandi var breytingunum komið á óháð því hvað bændur og landeigendur höfðu um það að segja.

Tvö atriði urðu til þess að lútherskan breiddi úr sér á meðal bænda í Þýskalandi. Í fyrsta lagi var það þátttaka bænda í bændauppreisnum og í öðru lagi var það aukning í prentun bæklinga eða flugrita (þý. *Flugschriften*) sem báru út boðskap Lúthers og annarra siðskiptamanna.

Litið skal fyrst á bændauppreisnir en með þeim náðust miklar framfarir í útbreiðslu á boðskap Lúthers. Þessar uppreisnir voru fyrst og fremst mótmæli gegn auknum álögum landeigenda en þegar á leið voru þær orðnar vopn í baráttu siðskiptamanna. Sem dæmi um það má taka andúð bænda á klerkum (e. *Anticlericalism*)⁶⁵ sem var mikilvægt þegar kom að breytingum á hugarfari bænda á þessum tíma.

⁶⁴ Kramer, *Volksleben*, bls. 116-117. Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 293. Sjá í Loftur Guttormsson, *Bernska*, „Réttarstaða vinnuhjúa var miklu lakari og ótryggari en leiguliða en að tvennu leyti voru þeir betur settir en vinnufólk: þeir voru yfirleitt húsráðendur og gátu ráðstafað vinnuaflinu sínu að hluta í þágu eigin fjölskylduframfærslu“, bls. 126.

⁶⁵ Hans-Jürgen Goertz, „What a tangled and tenuous mess the clergy is!“ Clerical anticlericalism in the Reformation period“ í *Anticlericalism in late medieval and early modern Europe*, ritstj. Peter A. Dykema og Heiko A. Oberman (Leiden, New York, Köln: E.J. Brill, 1993). „Anticlericalism“ is a concept that originated from political controversies in the wake of the Enlightenment and the Kulturkampf of the 19th century. It referred to the objective of checking clerical influence in politics and public life, on the basis of a standpoint of enmity to the church or a general turning away from Christianity. Under the term anticlericalism should be understood all those attacks on the clergy that arose from disappointment at the neglect of duty and moral misbehavior by an estate that allowed the discrepancy between its pretensions and reality to become too great and that was no longer capable of satisfying peoples religious needs.“, bls. 501-502. Hafa skal í huga að þetta hugtak snýst ekki um gagnrýni á kirkjuna sjálfa heldur persónur hennar.

Andúð á klerkum var ekki nýtt fyrirbæri⁶⁶ en með hugmyndum Lúthers og hans eigin ræðum⁶⁷ og tjáningu um efnið fundu bændur fyrir meðbyr til að rísa gegn klerkum og á sama tíma aðli og landeigendum. Dæmi voru um að bændur réðust ekki aðeins á klaustur heldur líka jarðeignir aðals og landeigenda. Uppreisnirnar náðu hámarki á árunum 1524-1525. Mismunandi ástæður eru taldar vera fyrir þessum uppreisnum en ein af þeim er sú að þessar uppreisnir hafi verið framlenging og staðfesting á siðskiptunum.⁶⁸ Þetta er gild ástæða sem sést meðal annars á því að bændurnir vildu notast við guðlegar tilskipanir sem Lúther og aðrir siðskiptamenn settu fram til að ná fram bættari kjörum.

Að auki voru það ekki aðeins bændur sem leiddu þessar uppreisnir heldur komu einnig evangelískir klerkar við sögu. Sumir þeirra hvöttu til andstöðu á meðal bændanna og voru jafnvel leiðtogar uppreisnar. Þeir notuðu meðal annars predikanir sínar til að hvetja bændurna áfram.⁶⁹ Þannig náðu þeir að nýta sér í hag reiði fólksins til að breiða út boðskap sinn og andúð á kaþólskum klerkum. Talið er að andúð á klerkum hafi orðið til þess að siðskiptin hafi farið frá orði til framkvæmda.⁷⁰

Þrátt fyrir þessar framkvæmdir og atorku bænda varð lítill ávinningur vegna þess að með yfirtöku lútherskunnar var kirkjan sett undir veraldleg yfirvöld.⁷¹ Veraldleg yfirvöld vildu halda friðinn og það var best gert með því að hafa stjórn á alþýðunni. Hér var komin ástæða til að aga og hafa hemil á bændum. Bændurnir voru þar af leiðandi ekki lausir undan yfiringi kirkjunnar heldur hafði yfirvaldið aðeins færst til og var nú í höndum veraldlegra yfirvalda sem voru nokkuð fljót að koma á röð og reglu með auknum aga og boðskap Lúthers.

⁶⁶ Hans-Jürgen Goertz, „Aufstand gegen den Priester. Antiklerikalismus und reformatorische Bewegungen“ í *Bauer, Reich und Reformation: Festschrift für Günther Franz zum 80. Geburtstag am 23. Mai 1982* (Stuttgart: Verlag Eugen Ulmer, 1982), bls. 185.

⁶⁷ Ibid., bls. 187.

⁶⁸ Robisheaux, „The peasantries of Western Germany“, bls. 138. Renate Maria og Gustav Radbruch, *Der deutsche Bauernstand zwischen Mittelalter und Neuzeit* (Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1961), bls. 62.

⁶⁹ Goertz, „What a tangled and tenuous mess the clergy is!“, bls. 500-501.

⁷⁰ Ibid., bls. 511. Goertz, „Aufstand“, bls. 206.

⁷¹ Goertz, „What a tangled and tenuous mess the clergy is!“, bls. 518-519.

Uppreisnirnar leiddu hins vegar til þess að lútherskan náði að breiða úr sér. Og uppreisnirnar fengu stuðning frá prentlistinni. Prentun bæklinga eða flugrita⁷² varð mikilvægur liður í útbreiðslu hugmynda Lúthers og annarra siðskiptamanna. Góður árangur prentunar sést á því að frá árunum 1517 til 1518, sem voru fyrstu ár siðskiptanna, hafði prentun á bæklingum fimmfaldast. Í tilfelli Lúthers þá gaf hann út um 87 mismunandi prentverk árið 1518 sem jókst í 390 prentverk árið 1523. Auk þess voru gefnar út 10.000 mismunandi útgáfur af bæklingum á milli árunna 1500 og 1530. Um einn þriðji af þessum útgáfum kom út á milli árunna 1520 og 1526 og flestar vegna boðskapar siðskiptanna. Af þessum heildarútgáfum átti Lúther um 20%.⁷³

Þessar tölur sýna vinsældir Lúthers á umræddu tímabili en hann átti mikinn meirihluta prentana miðað við aðra siðskiptamenn. Á tímabilinu 1518 til 1525 var Lúther með ellefufalt fleiri útgáfur á þýsku en næsti siðskiptamaður á eftir honum. Um átjánhundruð mismunandi útgáfur á verkum Lúthers höfðu komið út fyrir lok árs 1525 og 85% þeirra voru á þýsku. Hins vegar eftir 1525 fóru þessar tölur að dala sem túlka má sem minnkandi áhuga á verkum Lúthers á meðal kaupenda. Endurprentunum fækkaði einnig og urðu takmarkaðar við borgir í norður- og miðhluta ríkisins.⁷⁴ Minnkandi vinsældir má líkja rekja til þess að bændur höfðu ekki náð takmarki sínu með uppreisnunum en engu að síður var búið að sá frægum hugmyndafræði lútherskunnar á meðal þeirra.

Enn fremur, á mikilvægum árum siðskiptanna 1520-1526 og á tíma bændauppreisna, komu út yfir sex þúsund útgáfur í um sex milljón eintökum. Fjöldi bæklinga var þess vegna nægjanlegur til þess að breiða út hinn nýja boðskap til verulega stórs markhóps. Á hinn

⁷² Mark U. Edwards Jr., *Printing, propaganda and Martin Luther* (Berkeley, Los Angeles, London: University of California Press, 1994), „By 1500 printing presses existed in over two hundred cities throughout Europe. The Reformation perfected the use of the small booklet or pamphlet as a tool of propaganda and agitation. Frequently in quarto format – made up of sheets folded twice to make four leaves or eight pages – and without a hard cover, these pamphlets were handy, relatively cheap, well suited for delivering their message to a large popular audience. Such a pamphlet was called a *libellus* or *Büchlein* a booklet or little book. Or *Fluchschriften* (flying writings)“, bls. 15.

⁷³ Edwards, *Printing*, bls. 17. Radbruch, *Der deutsche Bauernstand*, bls. 62.

⁷⁴ Edwards, *Printing*, bls. 27-28.

bóginn gat aðeins lítil hluti Þjóðverja á 16. öld lesið⁷⁵ og enn minni hluti gat lesið á latínu. Lestur á latínu tilheyrði klerkum og menntuðum mönnum. Það var því ekki að undra að bæklingar gefnir út á þýsku yrðu vinsælli en þeir sem voru skrifaðir á latínu og útgáfa á þýskum bæklingum steig sjöfalt á árunum 1519 til 1521.⁷⁶

Með tillit til fjölda útgáfa þarf að endurhugsa læsi og hversu mikilvægt það var í raun og veru í útbreiðslu boðskaps. Prentuðu bæklingarnir náðu ekki aðeins til þeirra sem gátu lesið heldur einnig til þeirra sem voru tilbúnir að hlusta en það gat verið mikill fjöldi manna. Ef allar útgáfur siðskiptamanna á þessum tíma eru teknar saman má sjá að fjöldi bæklinga var um sex milljón eintök sem var um einn bæklingur á hverja tvo íbúa ríkisins, læsa eða ólæsa. (Hér er þá miðað við 12 milljónir íbúa.) Eða tuttugu eintök á hvern læsan aðila í ríkinu.⁷⁷ Þessar tölur benda til þess að útbreiðslan hafi verið mikil og að ágætlega hafi gengið að breiða út boðskapinn.

Eins og sjá má af þessum tveimur atriðum, bændauppreisnum og prentun flugrita, þá varð ágætur árangur í útbreiðslu á boðskap siðskiptamanna. Og ekki aðeins á meðal bænda heldur líka landeigenda og fursta. Það sést á því að á fyrri hluta 16. aldar fór ríkisvald í Þýskalandi stigvaxandi. Furstarnir mynduðu á mörgum stöðum sterk ríki sem tilheyrðu veiku keisaradæmi. Fjölmargir furstar tóku lútherskunni fegins hendi þar sem hún veitti þeim stjórnómálagan og efnahagslegan styrk gagnvart páfadómi. Þeir voru að öllum líkindum sáttir við þann möguleika að vera lausir við lögsögu og skatta páfans.⁷⁸

Þessi afstaða furstanna sést meðal annars á því að strax um 1528 voru margir þeirra

⁷⁵ Edwards, *Printing*, „Even within the cities, where the literacy rate of perhaps 30% greatly exceeded the overall literacy rate of perhaps 5%, most urban inhabitants learned of the Evangelical message from sermons and conversations rather than from books, pamphlets or even pictorial propaganda. It has been estimated that overall literacy in Germany in the early 16th century was around 5%. Although literacy rates were higher in the cities, perhaps in the area of 30% for men, cities themselves enclosed no more than 10% of the empires population.“, bls. 37-38.

⁷⁶ Ibid., bls. 21.

⁷⁷ Ibid., bls. 38-39.

⁷⁸ Wolf-Dieter Hauschild, *Lehrbuch der Kirchen- und Dogmengeschichte. Reformation und Neuzeit* (Gütersloh: Chr. Kaiser/Gütersloher Verl.-Haus, 1999), bls. 565-575.

orðnir lútherskir. Sem dæmi má nefna Albrecht von Hohenhollern í Prússlandi, Landgrave Philip frá Hessen, markgreifann af Brandenburg-Ansbach, Albrecht greifa af Mansfeld, hertogann af Slésvík og fleiri. Á hinn bóginn var það þannig í sumum ríkjum að það voru aðalsmenn og landeigendur sem vildu taka upp lútherskuna og börðust gegn furstum sínum, sérstaklega í Habsburg og Wittelsbach. Svo um 1530 voru um tveir þriðju keisaralegra borga komnar lútherskunni á hönd.⁷⁹

Það sem einkenndi þessa þróun var meðal annars landfræðileg staðsetning en lútherskan var sterkust í Norður- og Vestur-Þýskalandi ásamt einstökum borgum og landsvæðum. Þannig að fimm árum eftir hátind bændauppreisna og útbreiðslu boðskaparins á prenti má sjá gríðarlega aukningu í yfirlýstum lútherskum landsvæðum. Það var á þessum tíma sem boðskapurinn fór að berast til Íslands og þar var konungsveldi Danmerkur í aðalhlutverki.

Tengsl Danmerkur við Þýskaland eru augljós vegna legu og hafði það áhrif á útbreiðslu lútherskunnar í Danmörku. Með valdatöku Kristjáns III er óhætt að halda því fram að siðskiptin hafi hafist af alvöru í Danmörku og á Íslandi. Það sést meðal annars á því hvernig konungur tók eignir frá kirkjunni en við lok eignaupptökunnar átti konungur um 50% jarðeigna í Danmörku. Afgangurinn var í höndum aðals og nokkurra efnaðra bænda. Að auki fékk konungur Jóhannes Bugenhagen frá Wittenberg til að semja nýja lútherska kirkjuskipan. Í kjölfarið voru predikarar hvattir til að notast við þýddar Biblúr, *Fræðin minni* eftir Lúther, Melancton Loci og Ágsborgarjátninguna.⁸⁰

Hin nýja lútherska kirkjuskipan Kristjáns III skipti höfuðmáli fyrir Íslendinga og markaði hún ákveðin tímamót í sögu siðskiptanna á Íslandi. Hún var tekin saman og birt

⁷⁹ Mary Fulbrook, *A Concise History of Germany* (New York: Cambridge University Press, 1991), bls. 43.

⁸⁰ Heinrich Holze, *Die Kirchen des Nordens in der Neuzeit (16. bis 20. Jahrhundert)* Kirchengeschichte in Einzeldarstellungen III/11 (Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2011), bls. 13. Martin Schwarz Lausten, *A church history of Denmark* (Aldershot, Hampshire: Ashgate Publishing, 2002), bls. 93-96. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 45.

2. september 1537 og kom til Íslands í latneskri útgáfu 1538. Þar fór hún í hendur biskupanna Ögmundar Pálssonar og Jóns Arasonar.⁸¹

Það var hins vegar ekki fyrr en um 1550, vegna andstöðu frá Jóni Arasyni, að konungur og embættismenn hans náðu að fylgja skipunum konungs í gegn. Það var því eftir dauða Jóns Arasonar að konungur náði að koma valdi sínu fram varðandi hina nýju kirkjuskipan.⁸² Í framhaldinu hóf hann eignaupptöku á jörðum kirkjunnar í landinu og samfélagið byrjaði að færast til lútherskra háttá. Þetta var gert án uppreisna en einhverjir landsmenn voru án efa óánægðir. Hlýða þurfti konungi og bændur höfðu lítið sem ekkert um málið að segja.

Á hinn bóginn má ekki gleyma að þrátt fyrir að hin nýja kirkjuskipan markaði tímamót í sögu siðskiptanna á Ísland þá voru hugmyndir lútherskunnar komnar til landsins fyrir hennar tíma. Þar má helst nefna biskupana Gissur Einarsson og Odd Gottskálksson sem voru með fyrstu mönnum til að fylgja lútherskum boðskap. Þeir stunduðu nám í Þýskalandi þar sem þeir komust í kynni við boðskap Lúthers.⁸³ Áhrif þeirra á siðskiptin á Íslandi má meðal annars sjá í því að Oddur þýddi og gaf út *Nýja Testamentið* á íslensku. Sú útgáfa var prentuð árið 1540.

Gissur var eftirmaður Ögmundar biskups frá árinu 1540 og vann skipulega að því eftir embættistöku sína að koma lútherskunni á framfæri.⁸⁴ Hann þýddi meðal annars hina nýju kirkjuskipan á íslensku. Aftur á móti hafði hann engin ítök á Norðurlandi af því að þar var Jón Arason enn við völd.

Næstu tveir konungar Íslands héldu áfram að finna jafnvægi á meðal þegna sinna undir lútherskum boðskap. Friðrik II náði að herða tókin á kirkjunni og með lútherskum

⁸¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 43-54. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537-1565. Byltingin að ofan* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997), bls. 165-184.

⁸² Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VII* (Reykjavík: Bókmenntafélagið, Sögufélag, 2004) bls. 92. Árni Daníel Júlíusson „Peasant unrest in Iceland“ í *Northern Revolts. Medieval and Early Modern Peasant Unrest in the Nordic Countries*, ritstj. Kimmo Katajala (Helsinki: Finnish Literature society, 2004), bls. 130. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 57-58.

⁸³ Holze, *Die Kirchen*, bls. 16. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 50-51.

⁸⁴ Holze, *Die Kirchen*, bls. 16. Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 61-65.

prédikunum, vísitasíum, skólahaldi og fleiru varð smám saman til agaðra og reglusamara samfélag.⁸⁵ Á tímum Kristján IV var lútherskan á Íslandi komin vel á veg sem sást á auknu ríkis- og konungsvaldi. Hann lét meðal annars semja nýja námsskrá og kennslubækur fyrir latínuskólana og ítrekaði notkun á *Fræðunum minni*.⁸⁶

Hér hefur verið farið hratt yfir þróun mála um hvernig lútherskan barst til Íslands en glögglega má sjá að það var undir allt öðrum kringumstæðum en í Þýskalandi. Öfugt við þátttöku margra bænda í Þýskalandi við að breiða út lútherskan boðskap höfðu bændur og landeigendur á Íslandi ekkert um málið að segja og Danakonungur kom fram vilja sínum. Það er ekki neitt undarlegt þar sem Ísland tilheyrði konungi og í Danmörku fór konungsvald vaxandi samhliða sambærilegri þróun sunnar í álfunni. Lútherskan var komin til að vera og varð grundvöllurinn að auknum samfélagslegum aga og eftirliti með aga á heimilum.

2.3 Samantekt

Þegar helstu atriði eru dregin saman má sjá að samfélagsskipan bændasamfélaganna var svipuð að því leyti til að bæði byggðust á landbúnaði og að fjölskylduhagir fylgdu vestur-evrópsku mynstri. Helsti munurinn var sá að efri stétt bænda í Þýskalandi var á sama stigi og landeigendur á Íslandi. Þessi efri stétt bænda var orðin býsna sjálfstæð en þurfti þó að borga skatta og fleira til sinna landeigenda, rétt eins og íslenskir landeigendur þurftu að standa í skilum við sitt veraldlega yfirvald. Þar af leiðandi var hvorug stéttin óháð veraldlegu yfirvaldi sem með tímanum átti eftir að beita sér í gegnum þá til að ná til annarra bænda af lægri stéttum.

Þrátt fyrir þessi líkindi bændasamfélaganna þá festi lútherskan rætur sínar á annan hátt. Í Þýskalandi voru bændur hluti af siðskiptunum með þátttöku í bændaupppreisnum og þegar kom að prentun bæklinga. Á Íslandi var önnur þróun en þar kom lútherskan að ofan, frá

⁸⁵ Holze, *Die Kirchen*, bls. 23 og 36.

⁸⁶ *Ibid.*, 37.

konungi. Íslenskir bændur gerðu ekki uppreisnir eða nýttu sér lútherskan boðskap til að standa upp í hárinu á landeigendum. Prentun kom heldur ekki þar við sögu við útbreiðslu á boðskapnum heldur var hún notuð eftir að lútherskan var tekin upp í landinu.

Það má því telja að hugmyndir um aukinn aga í íslensku samfélagi hafi verið fluttar inn frá Þýskalandi í gegnum Danmörku og Danakonung. Þetta sést helst á því að konungar í Danmörku á 16. öld urðu sterkari í lútherstrú sinni þegar á leið og það endurspeglast sérstaklega í Kristján III og hans nýju kirkjuskipan. Á sama tíma fór konungsvald vaxandi og Íslendingar þurftu að lúta konungi á agaðri hátt en áður. Eftir 1550 var lútherskan komin vel á veg í valdatíð Friðriks II og Kristjáns IV. Ríkisvaldið var orðið öflugra og það sást í auknum samfélagslegum aga á meðal Íslendinga.

3. Aukinn agi í ljósi lúthersks rétttrúnaðar

Litið hefur verið á hvernig lútherskan fór að breiðast út í þýsku bændasamfélagi og hvernig hún barst til Íslands með konungsboði. Bændasamfélögin í báðum löndum voru hentugur grundvöllur fyrir lútherskuna og gáfu veraldlegum yfirvöldum tækifæri á að auka völd sín og hafa stjórn á samfélaginu. Lútherskan gaf hugmyndum um aukinn samfélagslegan aga byr undir báða vængi og ekki leið á löngu þar til samfélagslegur agi var orðinn að meginatriði veraldlegra yfirvalda.

Til að ná fram félagslegu taumhaldi þurftu veraldleg og kirkjuleg yfirvöld að innræta hugmyndir um hlýðni við yfirboðara og innræta boðskap lútherskunnar á strangan hátt. Að auki þurfti að fylgja því eftir að alþýðan tileinkaði sér hinar réttu trúarlegu skoðanir. Það er að segja réttar trúarlegar skoðanir samkvæmt veraldlegum og kirkjulegum yfirvöldum.

Fjórða boðorðið, *Heiðra skaltu föður þinn og móður*, var notað við þessa innrætingu á áhrifaríkan hátt. Fljótlega eftir siðskiptin fóru yfirvöld að túlka boðorðið í sína þágu og nota við félagslegt taumhald. Hægt var að nota það fyrir samfélagslegan aga og heimilisaga. Að auki lagði Lúther mikla áherslu á fjórða boðorðið og var það ásamt öðrum boðorðum í *Fræðunum minni*.

Þar af leiðandi urðu *Fræðin minni* að ögunartóli yfirvalda, ætluð til að aðstoða húsbændur við að auka aga inni á heimilum. Að auki voru *Fræðin minni* notuð af prestum til að hafa eftirlit með skyldum húsbænda og notuð í skólum til að innræta nemendum réttar trúarlegar skoðanir. Seinna urðu flestir þessara nemenda prestar og gátu þá haldið áfram að miðla boðskapnum til sóknarbarna sinna.

Í þessum kafla verður gerð nánari grein fyrir því hvernig hugmyndir lútherskunnar um hlýðni við yfirboðara tengdust strangri innrætingu á boðskapnum og hvernig því var fylgt eftir. Litið verður á mikilvægi fjórða boðorðsins og hvernig það átti að nota í gegnum *Fræðin minni* til að ná fram hlýðni alþýðunnar.

3.1 Hlýðni við yfirboðara og innræting réttra trúarlegra skoðana

Þýskir siðskiptamenn vissu frá upphafi að þeir þyrftu að vinna með veraldlegum yfirvöldum. Talið er að fyrsta kynslóð siðskiptamanna hafi skipulagt í þaula hvernig best væri að finna samleið með veraldlegum yfirvöldum, hvaða baráttu þyrfti að heyja og hvar ætti að draga sig í hlé. Þetta gat verið auðvelt á sumum svæðum þar sem stjórnir voru alltaf hræddar um röskun og ófrið á meðal íbúa.⁸⁷ Þetta átti við um bæi, borgir og smærri þýsk lúthersk þorp og samfélög. Bændauppreisnirnar á fyrri hluta 16. aldar voru gott dæmi um hvað gæti gerst ef engin stjórn var á samfélaginu. Friður á milli íbúa var mikilvægur.

Vegna þessa hvatti Lúther furstana í Þýskalandi til samvinnu og til að berjast fyrir hinni hreinu, nýju trú. Það varð því svo að þeir urðu að herrum og yfirboðurum hinnar nýju trúar. Að auki gáfu kenningar Lúthers þeim tækifæri á að auka vald sitt umtalsvert. Sem dæmi þá færðist dómsvald kirkjunnar í fjölskyldumálum yfir á veraldlega dómstóla.⁸⁸ Þýskir furstar gátu ekki annað en nýtt sér þessi auknu völd, hvort sem þeir gerðu það af trúarsannfæringu eða af valdagræðgi. Einnig sáu þeir hversu hentugt það var að styðja sömu sjónarmið og bændurnir til að forðast uppreisnir og halda efnahagnum gangandi.

Þessi viðleitni til samfélagslegs aga fór brátt að sjást á Íslandi. Eins og í Þýskalandi færðist danska kirkjan undir veraldlega valdstjórn. Danakonungur tók yfir dómsvaldið í mörgum málefnum kirkjunnar rétt eins og furstarnir gerðu í Þýskalandi. Biskupar urðu að konunglegum embættismönnum og átti hirðstjóri eða fógeti að hafa umsjón með þeim.⁸⁹ Þarna var komið á samstarfi á milli kennimanna og valdsmanna ríkisins.

Sem dæmi um eftirlit með aga í Þýskalandi eru auknar refsingar vegna galdrabrota á 16. öld. Þær benda til þess að veraldleg og kirkjuleg yfirvöld hafi verið farin að fylgjast betur með almennu lífi fólks. Ekki var lengur hægt að stunda hvítan galdur án þess að eiga það á

⁸⁷ Steven Ozment, *The Reformation in the cities. The appeal of Protestantism to sixteenth-century Germany and Switzerland* (New Haven, CT: Yale University Press, 1975), bls. 125.

⁸⁸ Hajo Holborn, *A History of Modern Germany. The Reformation* (New Jersey: Princeton University Press, 1982), bls. 183.

⁸⁹ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 80.

hættu að hljóta slæmar refsingar fyrir. Ekki var einungis verið að refsa fyrir agabrot og lögbrot heldur átti með aftökum brotamannanna að veita fordæmi og fæla fólk frá því að vera í samneyti við Djöfulinn. Þannig var hægt að stuðla að öruggu og guðhræddu samfélagi. Enn fremur var framkvæmd galdra talin tengd kristni í gegnum Satan þegar leið á 16. öldina. Þar af leiðandi breyttist hin kristna trú í villutrú hjá meintum gerendum.

Að auki höfðu nágrennar auga með fólkinu í kringum sig og gátu tilkynnt hugsanlega galdraiðkun til yfirvalda. Þetta átti við bæði í Þýskalandi og á Íslandi en aukið eftirlit með galdraiðkun leiddi til þess að nánar var fylgst með heimilum fólks og hvað þar fór fram. Til dæmis á Íslandi var hægt að ákæra grunsamlega nágrenna til sýslumanns en orðrómur um galdraiðkun var oft talinn nægjanlegur til að rannsaka viðkomandi geranda.⁹⁰ Eftirlit veraldlegra stjórnvalda með galdraiðkun var þar af leiðandi eftirlit með hegðun fólks á heimilum þeirra.

Hafa verður í huga að hjátrú og galdrar tilheyrðu menningu allra samfélagshópa frá fornri tíð. Það var í raun ekki fyrir en á 16. og 17. öld að farið var að taka galdra föstum tókum í Þýskalandi og refsa fyrir þá, hvort sem þeir tilheyrðu hvíta- eða svartagaldri. Galdrar voru saknæmt athæfi þar sem gerandinn féll frá Guði og kristni. Oft var ekki litið á galdra sem verk einstaklinga heldur frekar að þeir væru samfélagsleg hreyfing á vegum Satans sem vildi útrýma lifnaðarháttum mannsins.⁹¹ Það þykir ljóst að án hjátrúar og galdratrúar var ekki mögulegt að óttast þær afleiðingar sem það gat haft í för með sér að umgangast Djöfulinn. Þessi ótti í samvinnu við hugmyndir lútherskra leiddi til þess að galdrafár brast út í mörgum

⁹⁰ Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum og munnmælum* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000), bls. 41.

⁹¹ Hauschild, *Lehrbuch*, bls. 592. Sjá ágæta lýsingu um hvernig múgæsingur gagnvart norðum rís, Robert W. Scribner, *Religion and Culture in Germany 1400-1800*, ritstj. Lyndal Roper (Leiden, Boston, Köln: Brill, 2001): „An accusation of witchcraft is brought against an individual and stirs up deep-seated fears and anxieties; persons are interrogated, accomplices sought, confessions made and other persons named; the list of suspects grows longer as the activity of witchcraft is revealed as a widespread conspiracy, precipitating a moral panic in the community at large. There are interrogations under torture, burnings, a rising tide of panic, until even the very judges themselves are suspect. Then the boil bursts, the fever burns itself out and the exhausted social body is left to recuperate as best it can.“ bls. 259.

Evrópulöndum og náði hámarki um miðja 17. öldina. Fólk var hrætt við Djöfulinn og hvers hann var megnugur. Galdraofsóknirnar sýna hve sterk trúin á galdra var.

En hvernig sýndu þýsk kirkjuleg og veraldleg yfirvöld vald sitt sem yfirboðarar gagnvart þeim sem voru grunaðir um notkun galdra? Flókið samspil þýskra kirkjulegra og veraldlegra yfirvalda sést vel á því hvernig veraldlegir dómstólar sáu að mestu leyti um að dæma, pynta og taka galdramenn og nornir af lífi fyrir glæpi sem voru taldir tilheyrja andlegu lífverni. Aftur á móti notuðu þeir aftökuaðferðir frá kirkjulegum yfirvöldum sem voru galdrabrennur. Aðrir glæpamenn voru yfirleitt teknir af lífi með hengingu eða öðrum hætti.⁹² Með því að vinna saman á þennan hátt, eflaust með einhverjum ágreiningi um hver ætti að gera hvað, náðu yfirvöld að stuðla að áhrifaríku refsingakerfi í anda lútherskunnar.

Þessi sami vilji sést á Íslandi og meðal fyrstu tákna um aukin afskipti íslenskra yfirvalda var prestastefna Odds biskups Einarssonar á Kýraugastöðum þann 19. maí 1592. Hún fól í sér andstöðu gegn hvíta galdri og áttu prestar að refsa fyrir kukl samkvæmt kirkjuskipan Kristjáns III.⁹³ Eftir það kom konungsskipan frá Danakonungi árið 1617. Í henni voru meðal annars líknargaldrar bannaðir sem tengdust hvíta galdri. Þessi skipan var ekki lögtekin fyrr en árið 1630 á Íslandi.⁹⁴ Þessi tvö atriði sýna að lútherskum valdsmönnum var í mun að hefta gjörðir almennings til að hægt væri að hafa betri yfirumsjón í samfélaginu. Galdrar sem áður voru stundaðir í einrúmi eða það sem mætti teljast á sviði einkalífsins voru fordæmdir.

En þrátt fyrir vilja biskups og skipan konungs virtist vera erfitt að koma þessum skipunum og hugmyndum í framkvæmd. Það sést til dæmis á því að séra Guðmundur Einarsson á Staðastað gagnrýndi sýslumenn fyrir aðgerðarleysi gagnvart meintum galdraiðkendum. Hann gerði það í ritinu *Hugrás* sem kom út árið 1627 og vísar þar í

⁹² Brian P. Levac, *The Witch-hunt in Early Modern Europe* (New York: Longman, 1987), bls. 77-82. Sjá líka um samspil kirkju og ríkis í galdramálum í Robin Briggs, *Witches and Neighbours. The social and cultural context of European Witchcraft* (Oxford: Blackwell, 2002), 319-367.

⁹³ *Alþingisbækur Íslands II*, bls. 255.

⁹⁴ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 188-189. Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, 362.

konungsbréfið frá árinu 1617.⁹⁵ Líklega má telja ástæðu þess að hann gagnrýndi sýslumenn á þennan hátt vera þá að hann var menntaður maður og taldist í þeim hópi manna sem höfðu komist í náin kynni við herferðir gegn göldrum.

Aftur á móti voru það ekki aðeins klerkar sem studdu galdraofsóknir heldur voru opinberir embættismenn líka á meðal þeirra. Hér má nefna lögmennina Magnús Björnsson og Þorleif Kortsson, Eggert Björnsson sýslumann og séra Pál Björnsson. Hin fyrsta galdrabrenna á Íslandi var svo í Vaðlaþingi árið 1625 eftir dómi Magnúsar Björnssonar. Seinasta galdrabrennan var árið 1685.⁹⁶

Á þessu tímabili, 1625-1685, voru 25 menn teknir af lífi fyrir galdur. Þar af einungis tvær konur sem var mjög ólíkt því sem var gerast annars staðar í Evrópu. Hafa verður í huga að heimildir um fjölda þeirra sem voru teknir af lífi eru ekki öruggar.⁹⁷ Aftökurnar sýna hins vegar að hugmyndum um aukið félagslegt taumhald var komið á framfæri rétt eins og í Þýskalandi.

Að auki enduðu ekki allir á báli sem grunaðir voru um galdra. Vitað er um að minnsta kosti 103⁹⁸ galdramál sem tekin voru fyrir á Alþingi. Þetta virðist ekki vera mikill fjöldi mála miðað við fjölda íbúa. Ef til vill var það stærð og dreifð byggð samfélagsins sem gerði það að verkum að ekki voru tilkynnt fleiri mál til dómstóla. Hýðing var svo algengasta refsingin fyrir galdra. Þegar brenna þurfti nornir var reistur bálköstur í mörgum löndum Evrópu og þær lagðar í böndum á hann áður en kveikt var í.⁹⁹ Mögulegt er að þessi aðferð hafi verið notuð hér á landi en það er óljóst. Galdrabrennur í Þýskalandi og á Íslandi benda til þess að sömu

⁹⁵ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, bls. 65. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 275.

⁹⁶ Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öldin. Saga Íslendinga*, V. bindi (Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1942) bls. 251-253.

⁹⁷ Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin*, bls. 124. Sjá Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI*, þar kemur fram að 21 sé brenndur á báli, bls. 361.

⁹⁸ Ólína, *Brennuöldin*, bls. 124. Í *Sögu Íslands VI* eru galdramálin 130, þar af tíu konur ákærðar, bls. 361 og 377. Í Jens Chr. V. Johansen, „Trolldom“ í *Normer og sosial kontroll i Norden ca. 1550-1850. Domstolene i samspill med lokalsamfundet* (Oslo: IKA, 1994), eru málin 120 á tímabilinu 1604-1720. Konur voru 10 af 120, bls. 90 og 94.

⁹⁹ Magnús Rafnsson, *Angurgapi. Um galdramál á Íslandi* (Hólmvík, Strandir: Strandagaldur, 2003) bls. 18-20.

hugmyndafræðinni hafi verið framfylgt, bæði hvað varðar refsingaraðferðir og að samfélagið þyrfti að aga til að halda uppi röð og reglu.

3.2 Fjórða boðorðið notað við innrætingu aukins aga

Þessi samvinna ríkis og kirkju veldur því að farið var innræta boðskap lúthersku á strangari hátt en áður. Þar átti kirkjan að halda utan um söfnuðinn í trúariðkun sinni og ríkið átti að tryggja ytri frið.¹⁰⁰ Þessum hlutverkum ríkis og kirkju hefur verið lýst með hjálp hinnar svokölluðu *Tveggja ríkja kenningar*.¹⁰¹

Tveggja ríkja kenningin gefur ágæta sýn á hvernig lútherskan gat leiðbeint kirkju og ríki. Þetta var flókið samspil og oft óljóst hvenær ríkið steig á tær kirkjunnar og öfugt. Að auki varpar kenningin ljósi á að bæði kirkja og ríki þurftu að vera sammála um hvernig þeim bæri að innræta skilning á hugmyndafræði lútherskunnar og á *Biblíunni* á meðal alþýðunnar. Ósamræmi myndi einungis leiða til óreiðu og ófriðar.

Til að finna þetta samræmi á sameiginlegum skilningi þurfti að útbúa skýringarrit, prédikanir og fleira fyrir þýska alþýðu. Sameiginlegur skilningur þurfti að vera á milli allra kristinna safnaða og játningarrit eins og Ágsborgarjátningin urðu til þess að auka sameiginlegan skilning og koma honum á framfæri.¹⁰²

Að auki urðu þýskir prestar opinberir eftirlitsmenn sem áttu að fylgjast með lífi og hegðun þegnanna. Þeir áttu að innræta þann skilning um trúar- og siðgæðishugmyndir sem

¹⁰⁰ Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Af umfjöllun manna“, bls. 259. Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“ í *Lúther og íslenskt þjóðlíf* (Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989), bls. 108-109. Heinrich Richard Schmidt, *Konfessionalisierung im 16. Jahrhundert* (München: R. Oldenbourg Verlag, 1992) bls. 20.

¹⁰¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Trú og veraldlegt vald. Af kenningu Lúthers um ríkin tvö“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 25 (Reykjavík: Guðfræðistofnun, Skálholtsútgáfan, 2007), um hugtakið: *Tveggja ríkja kenningin* kemur ekki fram fyrr en á 20. öld, bls. 89. Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif“, skilgreining á kenningunni: „Samkvæmt kenningu þessari ríkir Guð yfir mannkyninu með tvennum hætti, að hluta til með liðveislu orðsins og sakramentanna, en að hluta til fyrir meðalgöngu veraldlegra valdhafa“, bls. 108.

¹⁰² Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther og Íslendingar“ í *Lúther og íslenskt þjóðlíf* (Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989), bls. 10.

yfirvöld töldu samræmast lúthersku.¹⁰³ Hlutverk presta í Þýskalandi og á Íslandi var sambærilegt og það sést á því að þeir notuðu fjórða boðorðið og *Fræðin minni* við innrætingu þessa sameiginlega skilnings á boðskap lúthersku.

Með þetta í huga skal athuga hvernig fjórða boðorðið var það mikilvægasta þegar kom að því að leiðbeina alþýðunni. Það átti að hvetja hana til að vera hlýðin, trúföst, reglusöm og halda friðinn. Með því að styðjast við ritningar úr Biblíunni var mögulegt að sýna fram á hvernig Guð refsaði fyrir ranga hegðun og blessaði fyrir rétta hegðun. Fjórða boðorðið var útskýrt á eftirfarandi hátt í *Fræðunum minni*:

Heiðra skaltu föður þinn og móður.

Hvað er það? Svar: Vér eigum að óttast og elska Guð, svo að vér eigi fyrirlítum foreldra vora og yfirboðara né reitum þá til reiði, heldur höfum þá í heiðri, þjónum þeim og hlýðum, elskum þá og virðum.¹⁰⁴

Ef þetta boðorð, eða nokkurt hinna, var brotið refsaði Guð viðkomandi. Þar af leiðandi átti alþýðan alltaf að óttast reiði Guðs og ekki brjóta boðorðin. En á móti lofaði hann náð og blessun þeim sem héldu þau í heiðri. Þetta voru skýr skilaboð sem kröfðust réttar hegðunar af alþýðunni og hérna var komin ögunaraðferð sem hentaði einstaklega vel fyrir veraldleg yfirvöld.

Með siðskiptunum fékk fjórða boðorðið aukna þýðingu og var notað til að grundvalla föðurvald stjórnvalda yfir þegnum sínum. Á sama tíma og það tryggði valdsvið þýsku furstanna þá var það til þess að þeir þurftu líka að lúta boðorðinu.¹⁰⁵ Þeir voru ekki yfir boðorðin hafnir þó þeir væru taldir umboðsmenn Guðs á jörðu. Það sem skipti máli var hins vegar túlkun Lúthers á fjórða boðorðinu¹⁰⁶ og svo túlkun veraldlegra yfirvalda á orðum

¹⁰³ Hjalti Hugason, „Kristni og kirkja“ í *Saga Norðurlanda 1397-1997* (Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin, 1997) bls. 198. Schmidt, *Konfessionalisierung*, bls. 12. Rudolf Mau, *Evangelische Bewegung und frühe Reformation 1521-1532* (Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2002) bls. 8-9. Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VII*, bls. 193.

¹⁰⁴ Marteinn Lúther, *Fræðin minni ásamt bænnum og öðru hagnýtu efni*. Með inngangi og skýringum eftir Einar Sigurbjörnsson (Reykjavík: Skálholtsútgáfan og Einar Sigurbjörnsson, 1993), bls. 11. Stúðst er við þessa útgáfu þar sem hún er á íslensku og orðalag er það sama og í upphaflegri útgáfu Marteins Lúther á þýsku.

¹⁰⁵ Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Af umfjöllun manna“, bls. 259. Schmidt, *Konfessionalisierung*, bls. 22.

¹⁰⁶ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Kristin siðfræði í sögu og samtíð: boðorðin tíu og evangelísk-lúthersk guðfræði* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004) „Boðorðin voru skriftaspeggill og notuð sem tæki til að minna

Lúthers.

En hvaða boðskap setti Lúther í fjórða boðorðið sem gagnaðist veraldlegum yfirvöldum við ögun þegnanna? Í fyrsta lagi lagði Lúther mikla áherslu á að börn ættu að heiðra foreldra sína af því að heiður bar merki um hógværð, auðmýkt og ótta. Að sama skapi átti að heiðra veraldleg yfirvöld.¹⁰⁷ Hér var kominn grunnurinn að auknum aga bæði í samfélaginu og inni á heimilunum.

Í öðru lagi var óhlýðni gagnvart foreldrum og veraldlegu yfirvaldi stærsta syndin af því að boðorðin röðuðust eftir mikilvægi þeirra.¹⁰⁸ Að vera óhlýðinn var þess vegna stærri synd en að fremja morð eða stela. Þetta er umhugsunarvert en skilja má þetta þannig að ef foreldrar og yfirvöld öguðu börnin og þegnana þá væru engin morð eða þjófnaðir. Hins vegar ef foreldrar gátu ekki axlað þessa ábyrgð þá þurftu þeir að fá utanaðkomandi hjálp, eins og til dæmis frá prestum eða skólameisturum.¹⁰⁹ Ögun var samfélagsleg ábyrgð sem allt samfélagið þurfti að taka þátt í.

Í fjórða boðorðinu fólst einnig sú skyldi að þýskir húsbændur áttu að hugsa um hjú sín og bera ábyrgð á þeim. Hjú áttu að líta á húsbændur sem yfirboðara sína. Rétt eins og þýsku furstarnir voru feður landsins (þý. *Väter des ganzen Landes*), voru húsbændur feður heimilisins ásamt húsmóður (þý. *Hausmütter und Hausväter*).¹¹⁰ Heimilið endurspegladi því valdsvið samfélagsins og öfugt.

söfnuðinn á syndirnar og nauðsyn iðrunar og yfirbótar. Lúther tengir boðorðin við tveggja ríkja kenninguna og stofnanir samfélagsins.“, bls. 67.

¹⁰⁷ Marteinn Lúther, *Um góðu verkin*, þýtt af sr. Magnúsi Runólfssyni. (Reykjavík: Kristilegt stúdentafélag, 1974) bls. 47-48. Martin Luther, *Der große und der kleine Katechismus*, tekið saman af Kurt Aland og Hermann Kunst (Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1983) bls. 18-19. Albrecht Peter, *Kommentar zu Luthers Katechismen. Die Zehn Gebote*, I. bindi (Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1990) bls. 180. Sjá í Gunther Wenz, *Theologie der Bekenntnisschriften der evangelisch-lutherischen Kirche. Eine historische und systematische Einführung in das Konkordienbuch*, I. bindi (Berlín og New York: Walter de Gruyter, 1996), að foreldrar voru tákmynd yfirboðara samfélagsins. Föðurveald í samstarfi við veraldlegt yfirvald var þess vegna réttlæt看legt, bls. 278-279.

¹⁰⁸ Marteinn Lúther, *Um góðu verkin*, bls. 47 og 59. Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Trú og veraldlegt vald“, bls. 114.

¹⁰⁹ Luther, *Der große und der kleine*, bls. 19.

¹¹⁰ *Ibid.*, 19. Sjá einnig Peter, *Kommentar*, bls. 191.

Stjórna þurfti heimilishaldinu með harðri hendi af því að ef eitthvað fór úrskeiðis var húsbændum um að kenna og engum öðrum. Mikil ábyrgð var því á húsbændum svo að ekki færi illa fyrir þeim. Sáluhjálp þeirra ásamt öllum öðrum á heimilinu var í þeirra höndum. En þeir voru líka verðlaunaðir ef vel gekk. Ekki í formi peninga eða eigna, heldur í formi góðrar heilsu, næringar og friðs.¹¹¹ Aftur á móti áttu húsbændur ekki að fara með börn og hjú sín eins og þeir vildu. Þeir áttu að sýna mildi en festu. En það var þeim að kenna ef börn og hjú hlýddu ekki.¹¹² Það var þess vegna mikil barátta að halda sig réttum megin við strikið og erfitt að vita hvað mátti og hvað mátti ekki við ögun barna og hjúa.

Af þessu má sjá að með fjórða boðorðinu dregur Lúther saman hin veraldlegu og andlegu svið. Samræmið á milli sviðanna er í Guðs höndum og Hann heldur saman hjónabandi og fjölskyldu og veraldlegum og andlegum heimi einstaklingsins.¹¹³ Þetta var gagnlegt veraldlegum yfirvöldum af því að það gaf þeim ástæðu til að nota heimilin sem upphafsreit fyrir aukið félagslegt taumhald og aukinn heimilisaga.

Til stuðnings við fjórða boðorðið var hússpjaldið eða hústaflan, staðsett aftast í *Fræðunum minni*. Hússpjaldið studdi við hlýðniskröfu prestanna í gegnum fjórða boðorðið.¹¹⁴ Hússpjaldið setti skýrt fram stöðu einstaklinga og tengdi saman heimilisaga og undirgefni við Guð. Það varpaði líka ljósi á hvernig fjölskyldumeðlimir tengdust innbyrðis og hvernig þeir áttu að haga sér hver gagnvart öðrum. Enn fremur sýnir hússpjaldið fram á að fjölskylda og heimili var kjarninn fyrir skipulag samfélagsins.¹¹⁵

Hússpjaldið í *Fræðunum minni* segir að „[...] sérhver maður við eigin lestur minnist sjálfur á skyldur embættis síns og þjónustuverka.“ Samkvæmt þessu hafði alþýðan

¹¹¹ Luther, *Der große und der kleine*, bls. 20.

¹¹² Ibid., bls. 21-22. Peter, *Kommentar*, bls. 186. Marteinn Lúther, *Um góðu verkin*, bls. 58.

¹¹³ Peter, *Kommentar*, bls. 189.

¹¹⁴ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 180.

¹¹⁵ Strauss, *Luther's house of learning*, bls. 109.

mismunandi köllun í lífinu en í þessari köllun fólst skylda alþýðunnar við Guð.¹¹⁶ Hér á eftir koma þau tilmæli sem skiptu mestu máli þegar kom að aga á heimilum:

Um veraldlega valdstjórn

Sérhver maður hlýði þeim yfirvöldum, sem hann er undirgefinn. Því ekki er neitt yfirvald til nema frá Guði, og þau sem til eru, þau eru skipuð af Guði. Sá sem veitir yfirvöldunum mótstöðu, hann veitir Guðs tilskipun mótstöðu og þeir sem veita mótstöðu munu fá dóm sinn. Yfirvöldin bera ekki sverðið ófyrirsynju, þau eru Guðs þjónn, hegnari til refsingar þeim er aðhefst hið illa. (Rm 13.1-2,4.)¹¹⁷

Í þessum texta kemur fram að menn verði að sýna yfirvöldum undirgefni því annars væru þeir á móti Guði. Yfirvöld voru samkvæmt þessu þjónar Guðs og máttu refsa fyrir sýnda mótstöðu gegn Guði. Hérna var komin tenging við aukið félagslegt taumhald sem lýsti yfir að veraldleg yfirvöld máttu refsa fólki ef það færi ekki eftir reglum þeirra. Þessi fyrirmæli auk fjórða boðorðsins studdi við þá réttlætingu valdsmanna að alþýðan skyldi hlýða þeim og beygjast undir aukið félagslegt taumhald. En hússpjaldið náði ekki aðeins út til samfélagsins heldur líka inn á heimilin sem skiptir okkur meira máli. Fyrst skal nefna fyrirmælin er snerta foreldra:

Fyrir foreldra

Þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði, svo að þau verði ekki ístöðulaus, heldur alið þau upp með aga og umvöndun Drottins. (Ef 6.4; Kól 3.21.)¹¹⁸

Í þessum fyrirmælum er ljóst að foreldrar þurftu að ávíta og aga börn sín með vilja Guðs sem hliðsjón. Hér er því komin bein tenging við heimilisaga og hvernig hann átti að fara fram samkvæmt lúthersku. Að auki var fyrirmælum beint að börnunum sem hljómar svo:

Fyrir börn

Þér börn, hlýðið foreldrum yðar vegna Drottins, því að það er rétt. „Heiðra föður þinn og móður,“ – það er hið fyrsta boðorð með fyrirheiti – „til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur á jörðinni.“ (Ef 6.1-3.)¹¹⁹

Hér er vitnað í fjórða boðorðið og mikilvægi þess að halda það í heiðri. Börnum var fyrirmælt að hlýða foreldrum í nafni Drottins og þess vegna gátu foreldrar notað Guðs orð, *Fræðin*

¹¹⁶ Lúther, *Fræðin minni*, bls. 57.

¹¹⁷ Ibid., bls. 58.

¹¹⁸ Ibid., bls. 60.

¹¹⁹ Ibid., bls. 60.

minni, til að ná fram hlýðni og auknum aga á heimilum. Það voru ekki aðeins börnin sem áttu að hlýða foreldrum sínum heldur áttu hjú að sýna húsbændum sínum virðingu og hlýðni:

Fyrir þjóna, þernur, daglaunamenn og verkafólk
Þér þjónar, hlýðið yðar jarðnesku herrum með lotningu og ótta, í einlægni hjartans, eins og væri það Kristur. ...Veitið þjónustu yðar eins og Drottinn ætti í hlut og ekki menn. Þér vitið og sjálfir, að sérhver mun fá aftur af Drottni það góða, sem hann gjörir, hvort sem hann er þræll eða frjáls maður. (Ef 6.5-8.)¹²⁰

Í þessum tilmælum sést að hjú áttu að sýna húsbændum sínum lotningu og ótta. Enn fremur er húsbændum líkt við sjálfan Guð og þá átti ekki að vera hjá því komist að sýna þeim tilhlýðilega virðingu. Að hlýða húsbændum var svo gert ákjósanlegt með því að vísa í loforð Guðs um eilífa sælu ef farið var eftir hans vilja. Með því að beita þessum tilmælum með fjórða boðorðinu var ýtt undir undirgefni hjúa en að sama skapi var húsbændum gert mjög hátt undir höfði sem gat birst í of miklu harðræði gagnvart hjúum. Húsbændur voru þess vegna áminntir í næstu tilmælum hússpjaldsins:

Fyrir húsfæður og húsmæður
Þér sem eigið þjóna, breytið eins við þá. Hættið að ógna þeim. Þér vitið, að þeir eiga í himnunum sama Drottin og þér og hjá honum er ekkert manngreinarálit. (Ef 6.9)¹²¹

Hér voru tilmæli til húsbænda þau að vera ekki of strangir í ögun sinni á hjúum. Þótt að hjú væru þrepi neðar en húsbændur í virðingarstiganum þá átti ekki að koma fram við þau eftir hentisemi og duttlungum. Með þessum tilmælum var hverjum þegni í samfélaginu gerð grein fyrir stöðu sinni og hverjum hann ætti að hlýða og sýna undirgefni. Hússpjaldið hefur þess vegna stutt rækilega við fjórða boðorðið og hvatt alþýðuna til að fylgjast með stöðu sinni og annarra innan samfélagsins og inni á heimilum.

Í lokin má nefna að sálmakveðskapur blómstraði eftir siðskiptin þar sem hann jók skilning fólks á Guðsorði. Ætlast var til að sálmar væru notaðir við guðsþjónustu á móðurmálinu og einnig til fræðslu. Lúther samdi tvo sálma árið 1524 sem tengdust boðorðunum tíu. Fyrri sálmurinn var 12 vers og kallaðist *Dies sind die heiligen zehn Gebot* og

¹²⁰ Lúther, *Fræðin minni*, bls. 60.

¹²¹ *Ibid.*, bls. 60.

gefur því til kynna að hann geymi boðorðin tíu en sé ekki útlekking á þeim eða fjalli um þau.¹²² Inntak versanna var líkt því sem kom fram um boðorðin í *Fræðunum minni*. Fjórða boðorðið skipar þannig bæði að hlýða foreldrum og leiðbeinir um að rétta þeim hjálparhönd.¹²³ Hér er versið um fjórða boðorðið í lengri sálminum:

5. vers: Heiðra föður og móður með,
mjúklyndur sért við þeirra geð,
vert þeim aðstoð sem vinnast má,
verða munt þú langlífur þá.
Kyrieleis.¹²⁴

Þetta vers má túlka sem svo að mikilvægt væri fyrir börn að þóknast foreldrum sínum svo þau yrðu ekki fyrir hirtingu. Börn áttu að aðstoða foreldra sína á allan hátt og fá í verðlaun Guðs velþóknun á verkum þeirra. Þar sem sálmar urðu vinsælir og útbreiddir á þýskum og íslenskum heimilum má telja líklegt að þessi sálmur hafi ýtt undir miðlun á boðskap fjórða boðorðsins og undirgefni barna gagnvart foreldrum sínum.

Það sama má segja um seinni sálminn en hann var styttri, *Die zehn Gebot kurtz*, og bendir á boðorðin sem grundvöll lífs í sælu. Til þess að öðlast eilíft líf þurfti maður að halda þau tíu boðorð sem Guð bauð mannum.¹²⁵ Hann var svona:

4. vers: Þínum föður og móður mest,
mér næst hlýðir og heiðrir best,
varast reiði, ei vegir neinn,
vert þú í þínum hjúskap hreinn.
Kyrieleis.¹²⁶

Þessi sálmur var ekki eins ítarlegur og fyrri sálmurinn enda blandar hann saman þrem boðorðum. Heiðrun föður og móður kemur þó fyrst fram og undirstrikar þannig yfirburði hans gagnvart hinum boðorðunum í seinni töflunni (boðorð 4-10).

¹²² Einar Sigurbjörnsson, „„Heyrið þau tíu heilögu boð““ Um sálma Lúthers út af boðorðunum“ í *Ritröð Guðfræðistofnunar. Tileinkuð Dr. Birni Björnssyni sjötugum*, 24:1 (Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2007), bls. 97-99.

¹²³ Ibid., bls. 102.

¹²⁴ Ibid., bls. 106. Sjá líka *Luther's Works. Liturgy and hymns*. 53. bindi, ritsj. Ulrich S. Leupold (Fíladelfía: Fortress Press, 1965), bls. 279.

¹²⁵ Einar Sigurbjörnsson, „„Heyrið þau tíu heilögu boð““, bls. 103.

¹²⁶ Ibid., bls. 108. Sjá líka *Luther's Works*. 53. bindi, bls. 281.

Báðir sálmarnir voru þýddir á íslensku og birtust í sálmabók Guðbrands, *Hólabók*, árið 1589. Sá lengri var síðast gefinn út með *Höfuðgreinabók* árið 1772 en sá síðari hvarf með útgáfu sálmabókar árið 1671. Þýðingar beggja sálmanna teljast ná mjög vel merkingu og inntaki frumtextans.¹²⁷ Langlífi lengri sálmsins í íslensku trúarlífi gæti bent til þess að hann hafi verið töluvert vinsæll en ómögulegt er að segja til um hversu mikið hann hafi verið notaður á íslenskum heimilum.

3.3 Fræðin minni sem ögunartól

Katekismar¹²⁸, fyrir tíma siðskiptanna, voru og eru lærdómskver, ætlaðir til að fræða kristinn söfnuð um trúfræði og siðfræði. Þeir voru hugsaðir fyrir börn, fullorðna og klerka til að viðhalda þekkingu á guðsorði. Hlutverk þeirra og tilgangur breyttist hins vegar í kjölfar siðskiptanna og varð þá aðalhlutverk þeirra að aga alþýðuna.

Í kaþólsku voru katekismar kenndir í skólum og á heimilum í Þýskalandi. Fyrst var þeim beint að hinum almenna borgara en fljótlega fór áherslan að beinast að börnum og ungu fólki. Kennt var einu sinni í viku, helst á sunnudegi, klukkustund í hvert skipti. Börnin voru spurð spurninga og áttu að læra svörin utanbókar. Þegar þau komu heim áttu foreldrarnir að hlýða þeim yfir.¹²⁹ Þessar aðferðir hljóma mjög svipaðar þeim sem voru notaðar í lúthersku. Meginspurningin hlýtur því að vera sú hvernig katekismar voru notaðar til að innræta aukið félagslegt taumhald með siðskiptunum og þá meðal annars með tilvísun í fjórða boðorðið.

Hér skal sjónum beint að *Fræðunum minni* þar sem þau voru útbreiddust og nutu mestra vinsælda í Þýskalandi. Enn fremur voru þau teknir upp á Íslandi með kirkjuskipan Kristjáns III og sýna hugmyndafræðileg tengsl á milli Þýskalands og Íslands.

¹²⁷ Einar Sigurbjörnsson, „„Heyrið þau tíu heilögu boð““, bls. 104.

¹²⁸ *Kulturhistorisk Leksikon for nordisk middelalder*, VIII. bindi (Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1963), „Katekes och katekisation. Med termen katekes avses i modernt språkbruk en bok, innehållande en koncentrerad för unga människor avsedd framställning av den kristna tron (dogmatiken) och det kristna livet (etiken). Under medeltiden betyder *catechismus* (katekes) muntlig undervisning i den kristna trons elementa, särskilt trosbekännelsen, Fader vår och Ave Maria.“, dalkur 354.

¹²⁹ Paul, *Geschichte*, bls. 15-17.

Þegar Lúther heimsótti sóknir í Saxlandi, haustið 1528, blöskraði honum hversu illa upplýst fólkið var og kunni illa kverið sitt. Hann tók því að sér að búa til *Fræðin minni*. Á þeim tíma var hann að semja *Hinn stærri katekisma*. Hann var hugsaður fyrir klerka en sá *Minni* fyrir fjölskyldur, sérstaklega húsbændur. Í maí 1529 voru *Fræðin minni* tilbúin og tiltæk í formi bæklinga með myndum. Mikilvægi *Fræðanna minni* varð ljós þegar þau voru valin inn í kirkjuskipanir margra sókna um Þýskaland og í framhaldi af því tekin inn í *Samlyndisbókina* árið 1580.¹³⁰

Samlyndisbókin var og er mikilvægt rit sem inniheldur helstu játningar hinnar lúthersku kirkju. Meðal annars má finna í henni þær fimm játningar sem íslenska þjóðkirkjan styðst við í dag, en þær eru postullega trúarjåtningin, Níkeujátningin, Aþanasíusarjåtningin, Ágsborgarjåtningin og *Fræðin minni* eftir Lúther.¹³¹ Undirbúningur bókarinnar hófst árið 1578 undir ritstjórn Jacob Andrae. Hún var síðan gefin út 25. júní 1580 í Dresden í Þýskalandi. Í kjölfar útgáfu bókarinnar hófst útbreiðsla hennar á meðal kristinna manna.¹³²

Farið var í útgáfu á bókinni vegna þess að ágreiningur varð um það hvað skyldi innræta söfnuðinum. Minni safnrit eða játningar voru til staðar en innihéldu ekki öll það sama. Þessi safnrit voru kölluð á latínu *Corpus Doctrinae*, hér eftir skammstafað *CD*. Það var Melanchthon sem kom með hugtakið yfir þessi rit sem innhéldu helstu játningar og skrif lútherskra guðfræðinga. Þessi safnrit voru svo notuð til að miðla guðfræði lútherskunnar áfram á meðal almennings í samræmi við kirkjuskipan hvers ríkis fyrir sig.¹³³ Við samningu á *Samlyndisbókinni* voru þessi safnrit höfð í huga og voru tíu þeirra valin (ásamt öðrum ritum)

¹³⁰ *The Book of Concord*, bls. 337-338. Sjá nánar í Wenz, *Theologie der Bekenntnisschriften* um hvenær Lúther skrifaði hvorn katekisma, bls. 248-250.

¹³¹ *Þjóðkirkjan* vefsíða: <http://www2.kirkjan.is/truin/jatningar>. Sótt 23. febrúar 2013.

¹³² *The Book of Concord* vefsíða: <http://bookofconcord.org/historical-1.php>. Sótt 1. mars 2013.

¹³³ Wolf-Dieter Hauschild, „Corpus Doctrinae und Bekenntnisschriften. Zur Vorgeschichte des Konkordienbuches“ í *Bekennnis und Einheit der Kirche. Studien zum Konkordienbuch im Auftrag der Sektion Kirchengeschichte der Wissenschaftlichen Gesellschaft für Theologie* (Stuttgart: Calwer Verlag, 1980) bls. 238. Wenz, *Theologie der Bekenntnisschriften*, bls. 133.

til að sameina í bókina. Þar af innhéldu fimm af þessum tíu safnritum katekisma Lúthers.¹³⁴ Þessi nýting á katekismum Lúthers í safnritum og í bókinni bendir til þess hversu mikið gildi þeir höfðu fyrir lútherskuna og boðun hennar.

Enn fremur sést mikilvægi *Samlyndisbókarinnar* á því hversu margir valdhafar og keisaralegar borgir samþykktu hana og tóku til kennslu í sínum ríkjum. Vissulega var ekki einróma samþykki alls staðar um ritið en þrír kjörfurstar (þý. *Kürfürsten*), 20 furstar, 24 greifar, fjórir fríherrar, 35 keisaralegar borgir og yfir 8000 kirkjunnar þjónar skrifuðu undir. Í heildina samþykktu um tveir þriðju lútherskra landsvæða og borga ritið.¹³⁵ Það styrkti óbeint völd þeirra sem tekið höfðu upp lútherskuna þegar komið var sameiginlegt rit með helstu játningum lútherskrar kirkju.

Í framhaldi af þessu skal nefna að samkvæmt Lúther bar presturinn ábyrgð á ögun safnaðar síns í gegnum katekisma og prédikun. Það var þess vegna mikilvægt að prestar notuðu *Fræðin minni* sem leiðbeiningar við kennslu og prédikun, svipað því sem gert var í kaþólsku. Í þeim var hin trúarlega kenning sem lútherska byggði á. *Fræðin minni* drógu saman aðalatriði Biblíunnar og varð hún þannig aðgengilegri fyrir alþýðuna.¹³⁶

Guð var á þennan hátt færður nær alþýðunni og samkvæmt Lúther náðist undirgefni og hlýðni best fram ef farið var eftir réttri röð í *Fræðunum minni* en hún var eftirfarandi; boðorðin tíu, trúarjátningin, faðirvorið, skírnarsakramentið og altarisakramentið og að auki nokkrar bænir. Þannig væri hægt að finna fyrir almætti Guðs og vanmætti mannsins.¹³⁷

¹³⁴ *The Book of Concord vefsíða*: <http://bookofconcord.org/historical-1.php>. Eftirtalin *Corpus doctrinae* innihéldu *Fræðin minni* og voru tekin inn í *Samlyndisbókina*: *CD Pomeranicum* 1564, *CD Thuringicum* í Ducal Saxony 1570, *CD Brandenburgicum* 1572, *CD Wilhelminum* af Lueneburg 1576 og kirkjuskipan Göttingen borgar 1568. Sótt 1. mars 2013.

¹³⁵ Sjá í Schmidt, *Konfessionalisierung*, hverjir að auki samþykktu bókina: Hessen-Kessel, Anhalt, Pfalz-Zweibrücken, Schleswig-Holstein, Braunschweig-Wolfenbütel, Pommern, greifinn af Wetterau, flestar keisaralegar borgir í suðri, Danzig, Bremen, Magdeburg og Nordhausen, bls. 13.

¹³⁶ Paul, *Geschichte*, bls. 74-75. Hauschild, *Lehrbuch*, sjá að trúarjátningar rétttrúnaðarins urðu fyrir miklum áhrifum af katekismum Lúthers. Notkun þeirra varð sjálfsgæddur hluti af trúarbrögðunum. Fyrir siðbótarmenn voru tengsl katekisma við kirkjuna mikilvæg, bls. 397.

¹³⁷ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 90.

Hið nýja hlutverk katekismans var að vera milliliður fyrir tilbeiðslu á Guði, heima fyrir og úti í samfélaginu. Annars vegar var hann notaður sem leiðarvísir fyrir kristilega fræðslu, prédikanir, próftöku og sem undirbúningur fyrir messu. Hins vegar átti að nota hann sem kennslubók fyrir foreldra til að kenna og aga börn og hjú. Hann var útlagður sem leiðarvísir fyrir samvisku einstaklingsins auk þess að vera nothæfur í trúarlega hugleiðslu í einrúmi.¹³⁸ Fyrst og fremst voru það þó klerkar sem áttu að sjá um að *Fræðunum minni* væri miðlað áfram.

Þýskir klerkar áttu ekki að gera neinar breytingar á texta eða gerð boðordanna tíu, postullegu trúarjátningunni, faðirvorinu, sakramentunum og svo framvegis. Aftur á móti áttu þeir að velja sér ákveðna formgerð eða útgáfu af katekisma, laga sig að henni og nota á hverju ári. Auðveldara var að leiðbeina ungu, óreyndu fólki á þennan hátt en flækja málín með nýjum formgerðum eða útgáfum frá ári til árs. Þegar söfnuðurinn var orðinn kunnugur textanum átti að kenna honum boðskap hans.¹³⁹ Lúther var þess vegna ekki fastur á því að nota ætti hans útgáfu af katekismum. Hægt var að nota aðrar útgáfur. Hins vegar þóttu *Fræðin minni* bera af og vera þægileg í notkun og miðlun.

Eins og fyrr segir voru það klerkar og húsbændur sem báru ábyrgð á miðlun *Fræðanna minni*. Heimilið, kirkjan og skólinn unnu að því sameiginlega að veita börnum og hjúum rétt trúarlegt uppeldi undir eftirliti veraldlegra yfirvalda.¹⁴⁰ Hér var aftur kominn upp sú staða að kirkjuleg og veraldleg yfirvöld þurftu að vinna saman við að boða aga og koma honum í framkvæmd. Þar sem *Fræðin minni* byggðust á Guðsorði var mikilvægt fyrir börnin og hjúin að hlýða yfirboðurum sínum og foreldrum sem voru þjónar Guðs. Guð miðlaði þekkingu sinni

¹³⁸ Sträter, *Meditation*, bls. 119.

¹³⁹ *The Book of Concord*, bls. 339.

¹⁴⁰ Peter, *Kommentar*, bls. 24.

í gegnum þessa þjóna og ef þau vildu ekki læra voru þau að afneita Guði.¹⁴¹ Það var ekkert val í boði. Annað hvort varð að hlýða eða verða fordæmdur.

Þjónar Guðs áttu einnig von á illu ef þeir voru latir við að miðla Guðsorðinu eins og sést hér úr formála af *Fræðunum minni í Samlyndisbókinni*:

Make very plain to them (governing authorities and parents) the shocking evils they introduce when they refuse their aid in the training of children to become pastors, preachers, notaries etc. And tell them that God will inflict awful punishment on them for these sins. It is necessary to preach about such things. The extent to which parents and governing authorities sin in this respect is beyond telling. The devil also has a horrible purpose in mind.¹⁴²

Enginn var óhultur. Allir þurftu að hugsa um sáluhjálp sína. Að öðrum kosti var Djöfulinn á næsta leiti til að steypa syndugum sálum til helvítis. Þessi hugmyndafræði barst svo til Íslands um Danmörku með nýrri kirkjuskipan og fyrir tilstuðlan nokkurra íslenskra siðskiptamanna. Þetta ferli stuðlaði að auknu félagslegu taumhaldi þegar leið á 16. öldina og var orðið nokkuð fastmótað um miðja 17. öld.

Í Danmörku voru *Fræðin minni* fyrst þýdd af J.J. Sadolin árið 1532. Tvær afskriftir eru til af þessari þýðingu en ekkert frumeintak. Þýðingin var byggð á þýsku útgáfunni.¹⁴³ Eftir að kirkjuskipan Kristjáns III var samþykkt þýddi Franz Wormordsøn, hinn fyrsti evangelíski biskup í Lundi, *Fræðin minni* árið 1537. Hann byggði sína útgáfu á latneskri útgáfu fræðanna og Paulus Helie. Ætlast var til að þessi útgáfa væri notuð í predikunarstólum en ekki fyrir alþýðuna til lestrar.¹⁴⁴

¹⁴¹ Peter, *Kommentar*, bls. 26-27. Sjá líka í *The Book of Concord*, „If any refuse to receive your instructions, tell them that they deny Christ and are no Christians. They should not be admitted to the sacrament, be accepted as sponsors in Baptism, or be allowed to participate in any Christian privileges. On the contrary, they should be turned over to the pope and his officials, and even to the devil himself. In addition, parents and employers should refuse to furnish them with food and drink and should notify them that the prince is disposed to banish such rude people from this land.“, bls. 339.

¹⁴² *The Book of Concord*, bls. 340.

¹⁴³ Anton Christian Bang, *Dokumenter og studier vedrørende den lutherske katekismus' historie i Nordens kirker*, I. bindi (Christiania: Fabritius og Sønnner, 1893), bls. 97.

¹⁴⁴ Ibid., 155. Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót. Lítúrgísk þróunarsaga íslenzkrar helgisiðahefðar á 16. öld* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1992), bls. 35.

Pétur Palladius þýddi einnig *Fræðin minni* árið 1537. Hann var fyrsti evangelíski biskupinn í Sjálandi. Upprunaleg útgáfa er ekki til en hans útgáfa af *Fræðunum minni* var ætluð til kennslu. Hann styðst við útgáfu Wormordsøn og aðrar þýskar útgáfur. Þann hluta sem byggist á latínu hefur hann frá Wormordsøn og sá hluti sem byggist á upprunalegri þýskri útgáfu hefur Palladius sjálfur þýtt.¹⁴⁵ Önnur útgáfa kom frá Palladius árið 1538. Hún var unnin í samstarfi við Bugenhagen sem gerði þá kröfu að danskir súpérintendar notuðust við *Fræðin minni*. Bugenhagen fannst margt óskýrt í fyrri útgáfu Palladiusar, eins og orðalag. Þessi nýja útgáfa var svo byggð á útgáfu Sadolins og þýsku útgáfu Lúthers.¹⁴⁶ Hér hefur verið stuttlega rakið hvenær fyrstu *Fræðin minni* voru þýdd í Danmörku og má ætla að dönsku *Fræðin minni* hafi verið notuð við útgáfu á íslenskum *Fræðunum minni* ásamt þýskum útgáfum.

Fræðin minni hafa ekki verið rannsökuð mikið á Íslandi en nokkrir hafa ritað um efnið.¹⁴⁷ Þau eru helst talin upp sem lærdóms- og trúarkver en að öðru leyti er ekki mikið nýtt að finna. Páll Eggert Ólason hefur ritað um katekisma og fjallar um hvernig þeir komust til landsins. Hann nefnir að það hafi verið frumkvöðlar siðskiptanna hér á landi sem tóku upp hugmyndir þýskra siðskiptamanna um trúfræðslu almennings og uppfærðslu barna. Þannig yrði hægt að festa hina nýju trú í sessi á þægilegan hátt og eftir nokkrar kynslóðir væru allir orðnir lútherskir. Hér var Gissur Einarsson biskup í stóru hlutverki og vildi að klerkar landsins færu að kenna *Fræðin minni* eftir Lúther.¹⁴⁸

Gissur biskup sat hins vegar stuttan tíma í embætti, 1540-1548, og hefur ekki náð að koma *Fræðunum minni* á kortið sem skyldi. Hann náði þó líklega að þýða *Fræðin minni* um

¹⁴⁵ Bang, *Dokumenter og studier*, bls. 190-193. Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur*, bls. 36.

¹⁴⁶ Bang, *Dokumenter og studier*, bls. 231-236.

¹⁴⁷ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 72-76. Bjarni Sigurðsson, „Ágrip af sögu spurningarkveranna“ *Árbók Landsbókasafn Íslands*, 8:1980, bls. 38-47. Bjarni Jónsson, „Fræði Lúthers 400 ára“ *Prestafélagsritið. Tímarit fyrir kristindóms- og kirkjumál*. 1. tbl. 11:1929, bls. 53-67. Sigurður P. Sívertsen, *Fimm höfuðjátningar evangelísk-lúterskrar kirkju. Með greinargjörð um uppruna þeirra* (Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1925).

¹⁴⁸ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðaskiptaaldarinnar á Íslandi*, II. bindi (Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamalíelssonar, Bókaverslun Ársæls Arnasonar, 1919-1926) bls. 584.

1542-43 til að prestar landsins gætu notað þau við kennslu en sú útgáfa kom aldrei út á prenti. Ekki er talið ólíklegt að þýðing Gissurar hafi verið notuð við seinni útgáfur.¹⁴⁹

Nokkuð öruggt þykir að fræðakver í þýðingu Odds Gottskálkssonar hafi verið prentað árið 1562 á Breiðabólstað en ekkert eintak er nú lengur til af því. Það hafði að geyma *Fræðin minni*.¹⁵⁰ Elsta varðveitta eintakið er frá árinu 1594.¹⁵¹ Það má því telja öruggt að um 1600 hafi *Fræðin minni* verið orðin föst í sessi á Íslandi og jafnvel fyrr.

Þær útgáfur af *Fræðunum minni* sem varðveist hafa hér á landi frá 16. og 17. öld má sjá í viðauka II aftast í ritgerð. Þrjár þeirra eru mjög ítarlegar og hafa ekki hentað nægilega vel sem kennslubækur fyrir alþýðuna. Til dæmis er útskýringin með fjórða boðorðinu á rúmlega 20 blaðsíðum í þessum útgáfum.¹⁵² Útgáfurnar frá árunum 1617, 1647, 1660 og 1666 eru hins vegar styttri og henta betur til fræðslu. Þær eru byggðar upp á eftirfarandi hátt. Fyrst koma boðorðin tíu, þá trúarjátningin, faðirvorið, skírnarsakramentið, altarissakramentið, kvöld- og morgun signing, borðsálmar, hústaflan og nokkrar bænir.¹⁵³

¹⁴⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir*, bls. 588.

¹⁵⁰ Sigurður P. Sívertsen, *Fimm höfuðjátningar*, bls. 117-118. Halldór Hermannsson, „Icelandic books of the sixteenth century“, í *Islandica. An annual relating to Iceland and the Fiske Icelandic collection in Cornell University Library*, 9. bindi (New York: Kraus reprint corporation, 1966), bls. 15. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 73.

¹⁵¹ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Catechismus Þad Er, Christeligur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara og Hwsbuendur / D. Mart. Luth.* 1594.

¹⁵² Þessar útgáfur eru: Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Aumann, Johann. *BIBLIA LAICORVM : Þad er Leikmaña Biblia, sa gyllene Catechismus þess dyrdlega Guds Mans D. Martini Lutheri, Lofliðrar minningar, sam settur og aukeñ med stuttum einföldum Spurningum og Andsuórum, Fyrer Vngmenne og einfallt almuga Folk.* Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1599. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Spangenberg, Johann. *CATECHISMVS : Són, Einföld og lios Vtskyring Christelega Fræda, sem er Grundvöllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms Af þeim hellstu Greinum Heilagrar Bibliú, hennar Historium og Bevijsingum samanteken, Gude Almattugú til Lofs og Dyrðar, eñ Almwanum til Gagns og goda ; Vr Dønsku vtløgd.* Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1610. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Spangenberg, Johann. *CATECHISMVS : Edur Søn, Einföld og lios Vtskjring Christelega Fræda, sem er Grundvöllur Trwar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms. Af þeim hellstu Greinum heilagrar Ritningar, heñar Historium og Bevijsingum samañtekeñ, Gude Almattugum til Lofs og Dyrðar, eñ Almwanum til Gagns og Gooda.* Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1669.

¹⁵³ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *CATECHISMVS. Edur. Christelegur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara, Hwsbændur og Vungmenne: Psalmo xxxiiij. Komed hingad Børn, heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. / D. Mart. Luth.* 1617. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Mine Catechismus. D. Marth. Luth. : Epter þeirre fyrre Vutleggingu, Prentadur : Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins.* 1647. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri: Epter þeirre fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred ier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. Prentadur en ad Nyu.* 1660. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri : Epter þeirre Fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad*

Næstu útgáfur á eftir, gefnar út árin 1686, 1690 og 1693, eru eins og fyrri útgáfur, nema þær byrja á stafrófskveri og tölustöfum. Að auki er signing áður en boðorðin eru talin upp.¹⁵⁴ Þar sem þessar útgáfur eru eins og *Fræðin minni* er öruggt að álykta að íslenskar útgáfur hafi verið notaðar til að fræða börn og fullorðna um skyldur sína, innræta þeim guðhræðslu og skilning á boðskapnum. Eini munurinn kemur fram eftir árið 1686 þegar stafrófskverinu, tölustöfum og signingu var bætt við fremst.

Íslenskir kennimenn voru duglegir að áminna prestanna og söfnuðinn um að framfylgja barnalærdóminum. Guðbrandur biskup Þorláksson fannst að barnalærdómnum sé ábótavant árið 1573 og vildi kalla til prestastefnu til að ræða ástandið.¹⁵⁵ Sendir hann meðal annars bréf til Henrik Gerkens og biður um aðstoð þar sem enginn vilji hlusta á hans eða prestanna áminningar.¹⁵⁶ Það var svo á prestastefnunni árið 1537 að Guðbrandur áminnir prestana að gefa ekki neinum sakramentið sem hefur ekki lært hinn einfalda kristindóm. Ef prestur færi ekki eftir þessu myndi hann straffast og missa af tíund sinni eins og biskupi þótti við hæfi.¹⁵⁷

Guðbrandi þykir þó ástæða til að áminna prestana aftur árið 1612¹⁵⁸ og sendi til dæmis bréf til Þorbergs prests Ásmundarsonar um að hann eigi „[...] einkanlega að fylgja fram catechismi lærdómi og kristilegum fræðum eftir réttri skyldu og fylgja þar að alvarlega með áminningum tilsögnum og afsetningu sakramentis eftir ordinantiunnar hljóðan [...]“¹⁵⁹

Börn, Heyred mier, Eg vil kjenna ydur Otta Drottins : Psalm. 112. Sæll er sa Madur sem ottast Drottin, Huør ed hefur mykla List til hans Bodorda. 1666.

¹⁵⁴ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Sa MINNE Catechismus D. Mart. Luth.: Epter Þeirre fyrre Vtlekkingu, með nockru fleira fyrer Börn og Vngmenne.* 1686. Lbs: Marteinn Lúther. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtlekkingu, með nockru fleira fyrer Börn og Vngmenne. Prentadur ad nyu.* 1690. Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtlekkingu, með nockru fleyra fyrer Börn og Vngmene.* 1693.

¹⁵⁵ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar.* Birt af Hinu íslenzka bókmenntafélagi (Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1919-1942), bls. 22.

¹⁵⁶ *Ibid.*, bls. 54.

¹⁵⁷ *Alþingisbækur Íslands I*, bls. 202.

¹⁵⁸ *Bréfabók Guðbrands*, bls. 604-605.

¹⁵⁹ *Ibid.*, bls. 603.

Brynjólfur biskup Sveinsson var einnig duglegur í að áminna presta og sóknarbörn að halda sig að barnalærdóminum. Þá sérstaklega árið 1652 en þá fór hann í nokkrar vísítasíur og áminnti söfnuðina.¹⁶⁰ Á tveimur prestastefnum árin 1647 og 1667 ítrekar Brynjólfur aftur notkun á *Fræðunum minni*. Á fyrri prestastefnuninni leggur hann áherslu á að einstaklingar sem gangi í hjónaband séu færir um að ala börn sín og hjú eftir barnalærdómnum.¹⁶¹ Á seinni prestastefnunni kom fram að „[...] allir prestar í stiftinu skyldu framfylgja *catechismi* útlekkingu og einföldum skilningi, bæði heima á sóknarbæjunum og í *visitatiu* sinni og á predikunarstólnum eftir kónglegar *majestets ordinantiu* og bréfi svo sem þeir geta viðkomið fjölskyldu sinnar og forfalla vegna.“¹⁶² Gísli biskup Þorláksson lagði svo áherslu á barnalærdóminn og áminnti prestana að fylgja honum eftir á seinni hluta 17. aldar.¹⁶³

Önnur mikilvæg ítrekun um barnalærdómin kom svo með konungsbréfi 22. apríl 1635.¹⁶⁴ Bréfið var lesið upp á Alþingi 30. júní það sama ár. Þar kom meðal annars fram að „Ítem, að þeir kenni börnunum að færa þeirra lærdóm til kristilegs lífennis í þeirra lífnaði og umgengni, en þeim börnum, sem smá eru, undirvísi í þeirra foreldra húsum. En forsómi prestarnir þetta, þá gefi í fyrsta og öðru sinni til þeirra fátæku eptir sinni formegan. En í þriðja sinn missi kallið.“¹⁶⁵ Það var þess vegna mikilvægt fyrir prestana að framfylgja notkun á *Fræðunum minni*.

Skoðun á íslensku útgáfunum sýnir að hugmyndafræði Þýskalands og Íslands hefur verið svipuð er varðar notkun á *Fræðunum minni*. Þó að löndin hafi verið ólík að miklu leyti, notuðust þau við sömu katekisma til að viðhalda aga og félagslegu taumhaldi. Vissulega voru

¹⁶⁰ *Guðs dýrð og sálnanna velferð: prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1630-1674*. Már Jónsson tók saman, ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005), bls. 420, 422, 423, 424 og 427-428.

¹⁶¹ *Ibid.*, bls. 132.

¹⁶² *Ibid.*, bls. 270.

¹⁶³ *Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristinsson sáu um útgáfuna (Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 1983), bls. 162, 204-205, 207, 211, 237, 331, 383, 441 og 482.

¹⁶⁴ *Lovsamling for Island I*, bls. 218-219.

¹⁶⁵ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 366.

til fleiri tegundir af katekismum¹⁶⁶ í Þýskalandi en þar sem katekismar Lúthers voru mest í hávegum hafðir og voru nefndir í kirkjuskipan Kristjáns III, þá voru þeir notaðir af íslenskum kennimönnum við að fræða íslenska alþýðu.

3.4 Agi í skólum

Í framhaldi af þessu skoðaði ég mikilvægi *Fræðanna minni* fyrir skólalald og aga í skólum í Þýskalandi og á Íslandi. Í skólum voru menntaðir prestar framtíðar sem áttu að miðla hinum rétta trúarlega skilningi áfram til alþýðunnar. Þar áttu að starfa menntaðir og guðhræddir menn svo að ungdómurinn fengi gott uppeldi.¹⁶⁷ Skólar í samvinnu við ríkisvaldið mynduðu ramma um miðlun boðskapsins og áttu að hjálpa foreldrum að aga börn sín.

Fyrir siðskiptin í Þýskalandi tilheyrðu skólar og menntun kirkjulegu sviði. Með yfirtöku ríkisvaldsins á kirkjunum eftir siðskiptin féll ábyrgð kennslu og menntunar yfir á ríkið. Kirkjan sá þó enn þá um rekstur skólanna. Þar af leiðandi þurftu kirkjan og ríkið að stjórna skólunum saman sem var áhrifaríkt og skilvirkt til að ná til einstaklinga í þeim tilgangi að innræta þeim stöðu þeirra og skyldur í samfélaginu.¹⁶⁸ Hérna fengu þýsk kirkjuleg og veraldleg yfirvöld kjörið tækifæri til að innræta alþýðunni boðskap lútherskunnar.

Að auki lagði Lúther sjálfur mikla áherslu á að stofna nýja skóla eða bæta þá sem fyrir voru. Hann taldi að menntun og tilsögn myndi frelsa ungdóminn frá að þau yrðu ringluð, ósjálfstæð, fátæk, óhamingjusöm og einmana.¹⁶⁹ Um leið taldi hann að breyta þyrfti námsskránni í samræmi við áherslur lútherskunnar. Bæir og borgir áttu að halda uppi góðum skólum sem hvettu foreldra til að senda börnin sín í þá. Þetta átti að betrubæta þýskt

¹⁶⁶ T.d. katekismi Calvins og Heidelberg katekismi, sjá Hauschild, *Lehrbuch*, bls. 398-400.

¹⁶⁷ Marteinn Lúther, *Um góðu verkin*, bls. 52-53.

¹⁶⁸ Gerald Strauss, „The Social Function of Schools in the Lutheran Reformation in Germany“ í *History of Education Quarterly*. 19:2. 1985. Í *Enacting the Reformation in Germany: Essays on Institution and Reception* (Aldershot: Variorum, 1993) bls. 192-194. Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf: starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi 1552-1846* (Reykjavík: Iðnú, 2000) bls. 129.

¹⁶⁹ Hans Hartmut Karg, *Reformationspädagogik. Über die Erziehungslehren bedeutender Reformatoren und die Wirkung auf bestimmte Erziehungstheoretiker* (Frankfurt am Main: Haag og Herchen, 1986) bls. 92.

samfélag og um leið innræta hina réttu trú. Trúarleg fræðsla var ávallt í forgangi og þar á eftir komu aðrar námsgreinar.¹⁷⁰

Með stuðningi þýskra veraldlegra yfirvalda gátu lútherskar kirkjur ákvarðað menntakerfi með þeim eiginleikum sem þeim fundust vera ákjósanlegastir. Almennt voru sett þau markmið að hafa reglu, góða stjórn, skýr markmið, samstillta kennslufræði, samræmda kennsluskrá, faglærða kennara og trúarlegan tilgang til að gefa kennsluháttum aukna merkingu. Markmiðið var að hafa stjórn á hugum manna og þar af leiðandi yfir gjörðum þeirra.¹⁷¹

Til að ná þessum markmiðum voru samdar skólaskipanir, margar hverjar langar og ítarlegar. Þar var helsta fyrirmyndin Württemberg skólaskipunin samin árið 1559. Hún tók saman námsskrá fyrir þýska skóla þar sem bænir, katekismar, skrift, lestur, sálmasöngur og kristileg hegðun áttu að vera í fyrirrúmi.¹⁷² Með Württemberg skólaskipuninni komst að miklu leyti á ákveðið samræmi á milli skóla og um 1560-1570 var komið á samþætt skólakerfi í flest lúthersk ríki.¹⁷³

Það voru aðallega tvenns konar skólar fyrir börn í Þýskalandi, latínuskólar og svokallaðir þýskir skólar þar sem kennslan fór fram á þýsku en ekki latínu. Námsskrá þeirra var ólík. Lögð var áhersla á grunnlærdóm eins og skrift, söng og trúfræði (*Fræðin minni*) í þýsku skólunum fyrir drengi og stúlkur. Í latínuskólunum var námsskráin hins vegar fjölbreyttari og innihélt meðal annars sögu, stærðfræði, náttúruvísindi og grísku, ásamt trúarlegri kennslu sem var í forgrunni.¹⁷⁴ Latínuskólarnir töldust mikilvægari og betri en þýsku skólarnir og þá sóttu eingöngu drengir.

¹⁷⁰ Gerhard Bode, „Instruction of the Christian Faith by Lutherans after Luther“ í *Lutheran Ecclesiastical Culture 1550-1675*, ritstj. Robert Kolb (Leiden: Koninklijke Brill NV, 2008), bls. 162-163. Strauss „The social function“, bls. 198.

¹⁷¹ Gerald Strauss, „The state of pedagogical theory c. 1530: What Protestant Reformers knew about education.“ *Schooling and society: Studies in the history of education*. Ritstj. Lawrence Stone. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1976. Í *Enacting the Reformation in Germany: Essays on Institution and Reception* (Aldershot: Variorum, 1993) bls. 69.

¹⁷² Strauss, „The social function“, bls. 196-197.

¹⁷³ Ibid., 195.

¹⁷⁴ Bode, „Instruction“ bls. 184. Sjá líka Heinz-Elmar Tenorth, *Geschichte der Erziehung. Einführung in die Grundzüge ihrer neuzeitlichen Entwicklung* (Venheim og München: Juventa Verlag, 1988) bls. 69-70.

Þessir skólar áttu það þó sameiginlegt að *Fræðin minni* voru notuð fyrir trúarlega uppfræðslu þegar leið á 16. öldina. *Fræðin minni* voru þó ekki rituð sérstaklega sem kennsluefni í þröngum skilningi þess orðs heldur áttu þau að vera til vitnis um mikilvægi trúarinnar. Þar af leiðandi áttu skólameistarar ekki að taka fram úr prestum í boðun lúthersks boðskapar, heldur nota *Fræðin minni* sem leiðbeiningar við kennsluna.¹⁷⁵ Með þessari aðferð mátti koma í veg fyrir ágreining á milli skóla og kirkju.

Það átti að byrja sem fyrst að fræða ungdóminn um kristna trú og litið var á skólana sem framlengingu af heimafræðslunni. Með skólunum gátu börnin einnig lært mun meira þar sem samræmi var oft á milli kirkju og skóla við kennslu á *Fræðunum minni*. Því var lýst í kirkju- og skólaskipunum (þý. *Kirchen- und Schulordnungen*) hvernig þau skyldu notuð á báðum stöðum.¹⁷⁶

Mikið traust var lagt í spurningar og svör *Fræðanna minni* af því að *Biblían* var talin flókin og tvíræð. Þau þóttu hins vegar bjóða upp á áreiðanlega túlkun. Þau spurðu allra nauðsynlegra spurninga og gáfu réttu svörin.¹⁷⁷ Til að koma í veg fyrir túlkunarvandæði var þess vegna best að notast við *Fræðin minni*.

Ef sjónum er beint að Íslandi má sjá að eftir siðskiptin voru þar eingöngu tveir latínuskólar en engir almennir skólar eins og þýsku skólarnir í Þýskalandi. Kirkjuskipan Kristjáns III setti sitt mark á latínuskólana en þeir voru stofnaðir á Íslandi með reglugerð Páls Hvitfeldts árið 1552. Í lútherskri mynd tók Hólaskóli til starfa árið 1552 en Skálholtsskóli árið 1553.¹⁷⁸ Enn fremur mælti kirkjuskipan fyrir um að kennsluskipan íslensku latínuskólanna yrði eftir þýskum fyrirmyndum.¹⁷⁹

Eins og í öðrum lútherskum löndum þurfti að endurmennta íslenska prestastétt og koma upp nýrri kynslóð presta sem menntuð væri samkvæmt hinum nýjum kenningum.

¹⁷⁵ Karg, *Reformationspädagogik*, bls. 90-91. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 89.

¹⁷⁶ Bode, „Instruction“ bls. 183. Strauss, „The state“, bls. 88.

¹⁷⁷ Strauss, „The social function“, bls. 202.

¹⁷⁸ *Lovsamling for Island I*, bls. 67-69. Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 133.

¹⁷⁹ *Lovsamling for Island I*, bls. 43-54.

Meginhlutverk íslenskra latínuskóla var þess vegna að mennta unga menn svo að þeir gætu orðið prestar. Starfsemi þeirra var mikilvægur þáttur í viðleitni konungs og kirkjuyfirvalda við að koma upp prestastétt sem væri menntuð í samræmi við kenningar lúthersks siðar.¹⁸⁰

Í kirkjuskipaninni voru einnig reglur um daglega tilhögun náms á stólsskólunum. Þar má sjá að allir nemendur áttu að lesa saman *Fræðin minni* mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 8-12.¹⁸¹ Að auki var prófað úr *Fræðunum minni* á latínu.¹⁸²

Ýmsir íslenskir menntamenn stuðluðu að útgáfu *Fræðanna minni* til notkunar við trúarlega uppfræðslu. Þar má helst nefna Odd Gottskálksson sem þýddi fræðakver byggt á *Fræðunum* yfir á íslensku. Einnig er talið að Gissur biskup Einarsson hafi árið 1542 átt undir höndum íslenska þýðingu á *Fræðunum minni*.¹⁸³ Að auki gaf Guðbrandur biskup Þorláksson út fræðakver árin 1576, 1594¹⁸⁴ og 1617¹⁸⁵. Ekki er til varðveitt útgáfa af fræðakverinu frá árinu 1576. *Fræðin minni* voru þar af leiðandi notuð í íslensku stólsskólunum rétt eins og í Þýskalandi.

Lítið er minnst á *Fræðin meiri* í tengslum við stólsskólana. Þau voru ekki hluti af hinni dönsku kirkjuskipan og því ef til vill ekki eins mikil áhersla á notkun þeirra. *Samlyndisbókin* hefur þó haft einhver áhrif og kemur fram í *Kristni á Íslandi* að á fyrstu áratugum hins nýja siðar hafi sóknarprestar hugsanlega stuðst við *Fræðin meiri*, enda voru þau hugsuð til notkunar af prestastéttinni.¹⁸⁶

¹⁸⁰ Jón Þ. Þór, „Saga biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal“ í *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára-2006-Hólar 900 ára*, aðalritstj. Gunnar Kristjánsson (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006) bls. 350-354.

¹⁸¹ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 114.

¹⁸² Ibid., bls. 121. Í *Kristni á Íslandi* nefnir Loftur hins vegar að laugardagar hafi helst verið ætlaðir til guðfræðiiðkana með spurningum úr *Fræðunum minni* og ritningarlestri. Svo var venjan að biskup eða dómkirkjuprestur heimsótti skólann á fimmtudögum síðdegis og spyrdi út úr *Fræðunum minni*, bls. 156.

¹⁸³ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 140-141. Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bls. 76.

¹⁸⁴ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *Catechismus Pad Er, Christeligur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara og Hwsbuendur / D. Mart. Luth.* 1594.

¹⁸⁵ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Marteinn Lúther. *CATECHISMVS. Edur. Christelegur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara, Hwsbændur og Vungmenne: Psalmo xxxiiij. Komed hingad Børn, heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. / D. Mart. Luth.* 1617.

¹⁸⁶ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, 167.

Ein útgáfa er varðveitt af *Fræðunum meiri* frá 17. öld.¹⁸⁷ Það er þriðja útgáfa prentuð árið 1691 og var þýdd af Guðbrandi Þorlákssyni, en handritið talið hafa verið í eigu Þórðar biskup Þorlákssonar í Skálholti. Líklegt má telja að *Fræðin meiri* hafi verið prentuð fljótlega eftir 1674 en það var sá tími sem Þórður tók við embætti.¹⁸⁸

Ef litið er til dæma um aga í íslensku latínuskólunum er ekki mikið um lýsingar frá 16. og 17. öld. Hins vegar er mögulegt að gera sér hugmynd um þann aga sem átti að ríkja í skólanum með því að skoða starfsemi skólanna, en eflaust hafa flest agavandamál verið leyst innan skólanna án afskipta yfirvalda.¹⁸⁹

Fyrst skal nefna að biskupinn var yfirumsjónarmaður (*ephor*) skólanna. Alvarleg agavandamál rötudu til hans en agavandamálum var að hluta komið yfir á nemendur. Yfirstétt nemenda var valin til að halda uppi röð og reglu í skólunum. Skólaréttur var síðan í höndum skólameistara en bekkjarréttur í höndum kennara. Samkvæmt sumum heimildum voru algeng agamál skólapipta tengd göldrum.¹⁹⁰

Til dæmis árið 1650 var fjórtán drengjum refsað fyrir galdur í Skálholti og þeim vísað úr skólanum.¹⁹¹ Annað dæmi gerðist árið 1678 en þá var fjórum drengjum gert skylt að gera opinbera aflausn í dómkirkjunni í Skálholti fyrir meðferð á óleyfilegum „characterum eður fjölkynngis tegundar.“¹⁹² Drengjunum var refsað innan skólans en sluppu við refsingar frá veraldlegum yfirvöldum vegna tilstilli biskupa. Einnig má telja að litið væri á þetta kukl sem stráksskap í ungum drengjum og þeir ekki líklegir til stórræða.

¹⁸⁷ Íslandssafn Landsbókasafns. Lbs. Spangenberg, Johann. *Sa Store CATECHISMUS : Þad er, Søn[n], Einfold og lios Vtskyring Christeligra Fræda, sem er Grundvøllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms, af þ[ei]m hellstu Greinum heilagrar Bibliu, hen[n]ar Historium og Bevijsingum samanteken[n], Gude Almaattugum til Lofs og Dyrðar, en[n] Almvganum til Gagns og Goda. Vtlagdur a Islenskt Tungummaal, af Herra Gudbrande Thorlakssyne forðum Biskupe Holastiptis, Loflegrar Min[n]ingar.* Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1691.

¹⁸⁸ Einar G. Pétursson, „Bókaútgáfa á biskupsstólunum“ í *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára-2006-Hólar 900 ára*, aðalritstj. Gunnar Kristjánsson (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006) bls. 593.

¹⁸⁹ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 204.

¹⁹⁰ *Ibid.*, bls. 215-216.

¹⁹¹ *Annálar 1400-1800. Vatnsfjarðarannáll*, III. bindi, bls. 72.

¹⁹² *Eftir skyldu míns embættis: prestastefnudómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697.* Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008) bls. 81.

Auk þess nefnir Guðlaugur hvernig refsingar vegna agabrota fóru fram á stólsskólunum. Refsingarnar fóru fram á laugardögum í stólsskólunum hér á landi á 16. og 17. öld. Þá fjölluðu nótarar (*notarii*) um vikusyndir þeirra sem höfðu brotið af sér og afhentu síðan skólameistara úrskurð sinn. Þá var málið komið fyrir skólarétt. Allar þær refsingar, sem piltar urðu fyrir af skólameistara, voru kallaðar *vices*. Refsingin fór þannig fram að brot nemandans var lesið upp á latínu. Síðan sagði skólameistari: *Custos adfer virgas* (custos, komdu með hrísvöndinn). Oftast var slegið með vendinum eitt högg á aðra höndina (*manum extende*) eða slegið var á báðar hendur útréttar og sagði kennarinn þá *porrige manus* (réttu fram hendurnar). Ef brotið var alvarlegt var slegið á beran rassinn. Þessi refsing var kölluð *decensus* og hefur án efa verið hin mesta háðung.¹⁹³ Þessar refsingar gefa ágæta hugmynd um þann herta aga sem tekinn var upp með siðbótinni. Skólapiltar áttu að sýna algera undirgefni við kennara sína og skólameistara, sem beittu lútherskri hugmyndafræði aukins aga á piltana.

3.5 Samantekt

Samvinna kirkjulegra og veraldlegra yfirvalda einkennir að miklu leyti umrætt tímabil vegna þess að kirkja og ríki urðu að stuðla að friði í samfélaginu. Á 16. öld voru miklir ófriðartímar sem gaf ríkisvaldinu tækifæri á að auka völd sín. Ófriður í Þýskalandi á fyrri hluta aldarinnar gaf siðbótarmönnum tækifæri á að vinna með veraldlega valdinu, meðal annars með því að vinna saman að sameiginlegum skilningi á boðskap lútherskunnar. Þeir furstar sem tóku upp lúthersku fengu síðan kirkjuna undir sína arma og gátu þá leiðbeint henni hvernig þeir vildu hafa röð og reglu í samfélaginu. Sama þróun var svo á Íslandi þar sem Danakonungur fór að auka ítök sín.

Refsingar vegna galdra bentu til aukins samfélagsaga og hvernig hlýða átti yfirvaldinu. Framkvæmd galdra var agabrot sem bar að refsa fyrir vegna þess að ríkisvaldið var farið að

¹⁹³ Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 213-214.

fylgjast betur með almennu lífi þegnanna. Þegnarnir áttu ekki að komast upp með að brjóta reglurnar. Með tímanum voru galdrar tengdir Djöflinum sem auðveldaði kirkju og ríki að knýja fram ótta í fólkinu og þar með var auðveldara að stjórna því og innræta boðskap lútherskunnar.

Fjórða boðorðið fékk aukna merkingu á siðskiptatímanum og með útbreiðslu *Fræðanna minni*. Í því fólst alger undirgefni fyrir yfirboðurum og var þá sérstaklega átt við undirgefni barna og hjúa. En ríkisvaldið nýtti líka boðorðið til að ná fram undirgefni frá þegnum sínum. Slæm refsing hlaut af því að brjóta boðorðið en náð og blessun ef yfirboðurum tókst vel til við ögun. Mörkin gátu verið óskýr um hversu langt mætti ganga og gátu yfirboðarar nýtt sér það á ýmsa vegu, til dæmis með mishörðum refsingum

Þegar kirkja og ríki voru orðin sameinuð þurfti að ítreka á meðal þegnanna hinn sameiginlega skilning á boðskapnum og þar voru meðal annars katekismar notaðir. Þeir fengu nýtt hlutverk við að sameina þjóðina í átt að réttum skilningi. *Fræðin minni* voru vinsælust eftir útgáfu þeirra árið 1529 vegna einfaldleika þeirra og skýrrar framsetningar. Mikilvægi *Fræðanna minni* var svo staðfest árið 1580 þegar þau voru tekin inn í *Samlyndisbókina* ásamt öðrum mikilvægum trúarjátningum lútherskunnar. Lúthersk svæði voru komin með sameiginlegt rit sem styrkti þau í boðskap lútherskunnar.

Foreldrar áttu að miðla boðskapnum áfram en með tímanum varð ljóst að þeir þurftu á aðstoð að halda og fengu hana frá kirkju og ríki. Klerkar og skólar tóku við keflinu og tókst ágætlega til við að koma upp samræmdu skóla- og fræðsluferfi. Þetta auðveldaði líka kirkju og ríki við að innræta nemendum þau gildi sem þeir höfðu í hávegum eins og röð og reglu. Að auki studdi Lúther við skólakerfið þegar á leið og taldi það nauðsynlegt til að aðstoða villuráfandi foreldra. Í latínuskólunum og almennu skólunum urðu *Fræðin minni* þess vegna miðdepill trúarlegrar fræðslu.

Áhersla á notkun *Fræðanna minni* kemur fram hjá íslenskum biskupm tímabilsins en þeir voru duglegir að áminna prestana og söfnuðinn að fara eftir barnalærdóminum. Stofnun íslensku latínuskólanna varð svo til þess að auka sameiginlegan skilning á boðskapnum og voru þýsku skólarnir fyrirmyndir þeirra. Það má meðal annars sjá í svipuðu refsingarkerfi og hverjir höfðu valdið til að halda uppi aga. Vafalaust voru ekki alltaf sömu aðferðir notaðar við að halda uppi aga en hugmyndafræðin var svipuð.

4. Aukin afskipti yfirvalda af heimilisaga á Íslandi

Í ljósi þess að samfélagslegur agi var farinn að aukast fór eftirlit og agi inn á heimilum einnig að aukast. Til að ná fram röð og reglu í samfélaginu þurfti að byrja á því að innræta hugmyndir um aukinn aga inni á heimilum. Þar áttu húsfeður að standa vaktina og hafa fulla stjórn á öllu sem gerðist innan veggja heimilisins. En ríkisvaldið vildi líka fylgjast með því að húsfeður væru að sinna skyldum sínum og til að auðvelda þeim verkið, setti ríkið lög sem áttu að tryggja að refsingum vegna agabrota á sviði einkalífsins væri framfylgt.

Hér á eftir verða skoðuð öll dæmi úr alþingisbókum, annálum og prestastefnubókum sem fundist hafa til að sjá hver þróunin var í auknum aga og þá sérstaklega heimilisaga. Dæmin ættu að svara þeirri spurningu hvort heimilisagi á Íslandi hafi haldist í hendur við aukinn samfélagslegan aga og aukin afskipti Danakonungs og íslenskra ráðamanna af lífi fólks.

4.1 Lög er varða beitingu aga

Athugun á lögum getur gefið til kynna hvað ríkisvaldinu þótti óviðeigandi hegðun, bæði hvað varðar samfélagslegan aga og heimilisaga. Ef einhver braut þessi lög var hann sekur um agabrot og dæmdur á viðeigandi hátt. Á 16. öld var það venjan að þegar veraldlegir dómstólar höfðu lokið máli sínu tók kirkjan við en allir sem brutu alvarlega af sér urðu að standa opinbera aflausn í kirkju til þess að missa ekki altarissakramentið.¹⁹⁴ Veraldleg og kirkjuleg yfirvöld stóðu því að tvöföldu refsingarkerfi fyrir agabrot sem telja má að hafi verið komið í framkvæmd vegna kröfu um aukið eftirlit frá konungi í anda lútherskunnar.

Með því að skoða lög á umræddu tímabili er hægt að gera sér hugmynd um hvað mönnum þótti vera of harður agi eða of mildur agi. Hafa verður í huga að lögin voru samin af karlmönnum af valdastéttum og lýsa þess vegna ekki hugmyndum alþýðumanna um hvað

¹⁹⁴ Björk Ingimundardóttir, „Sett út af sakramentinu“ í *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001) bls. 143. Inga Huld Hákonardóttir, *Fjarri hlýju*, bls. 76-80. Már Jónsson, *Blóðskömm*, bls. 91.

væri rétt að gera við ögun barna og hjúa. Enn fremur var lögnum framfylgt á 16. og 17. öld af mönnum sem fylgdu hugmyndum konungs um aukinn aga og taumhald. Alþýðan átti að fylgja þessum lögum því að það var í hennar þágu að lifa í guðhræddu og löghlýðnu samfélagi. Hér verður leitast við að skoða lög sem gætu hafa skipt máli við ögun barna og hjúa og hvernig þeim var framfylgt af veraldlegum yfirvöldum.

Fyrst skal nefna *Jónsbók* en hvað segir þar um heimilisaga? Var hún nothæf þegar refska þurfti fyrir agabrot sem tengdust heimilislífi? *Jónsbók* hafði tekið við af *Járnsíðu* árið 1281 og hún varð aðalundirstaða fyrir ýmis dómsmál næstu 400 árin frá lögtöku hennar. Í *Jónsbók* eru ekki ákvæði sem fjalla um börn og ungmenni.¹⁹⁵ Það virðist ekki hafa verið nauðsynlegt að semja sérstök lög fyrir þann samfélagshóp þar sem eflaust var álitid sjálfsagt að hann gerði eins og honum var sagt og að foreldrar og forráðamenn hefðu fullt vald og stjórn á börnunum.

Aftur á móti er hægt að finna í *Jónsbók* nokkur ákvæði sem mögulegt var að nota gegn agaleysi á hjúum sem og gegn húsbændum sem töldust fara illa með hjú sín og aga þau of hart. Þau er að finna í bálkinum sem kallast Mannhelgi¹⁹⁶ sem „[...] lýsir viðurlögum við morðum og vígum, barsmíðum og öðrum ávirðingum eins manns við annan, svo sem ef konur voru legnar.“¹⁹⁷ Hafa verður í huga að hér er verið að tala um almenn agabrot en ekki sérstaklega agabrot á heimilum. Það er þó spurning hvort ekki sé hægt að færa þetta inn á heimilin í vissum tilvikum eins og þegar hjú gerðust brotleg gegn yfirboðurum sínum.

Jónsbók innihélt því ekki ákvæði um agabrot á heimilum. Hvert áttu menn þá að leita til að leiðbeina sér um refsingar vegna slíkra agabrota? Svarið er *Stóridómur* en eftir að hann tók við af *Kristinrétti Árna* fengu Íslendingar veraldleg lög sem hertu refsingar í

¹⁹⁵ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*, Már Jónsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).

¹⁹⁶ *Jónsbók*. Kaflinn um Mannhelgi er á bls. 101-120.

¹⁹⁷ Már Jónsson, „Inngangur“ í *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*, Már Jónsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004) bls. 18.

siðferðismálum. Sams konar aðgerðir gegn siðferðisbrotum voru farin að sjást til dæmis í Danmörku og því líklegt að íslenskir embættismenn hafi viljað taka upp svipaðar aðgerðir hér landi.¹⁹⁸ Eftirlit ríkisvaldsins með einkalífi fólks tók að breiða úr sér.

Þrátt fyrir lögtöku *Stóradóms* þá héldu siðferðisbrot hins vegar áfram að vera áberandi í íslensku samfélagi. En lögin í sjálfu sér vitna til þess að ríkisvaldið var farið að herða tókin á einkalífi fólks með aðstoð lútherskra kennimanna um hvað væru siðferðisbrot og hvað ekki.

Í framhaldi af þessu verður að líta á alþingissamþykktir og Bessastaðasamþykktir frá umræddu tímabili. Til dæmis alþingissamþykkt um fátæka frá árinu 1591. Þar kemur fram að valdstéttinni var umhugað um að sveitabörn innan 16 ára fengju ekki að hlaupa um agalaus. Að auki átti að refsa heilbrigðu fullorðnu fólki ef það vildi ekki vinna.¹⁹⁹ Þetta var að öllum líkindum fyrsta samþykktin sem tók á agaleysi ungmenna og bendir til að hugmyndir um aukinn aga á heimilum hafi verið að festa sig í sessi.

Árið 1651 koma tvö mikilvæg atriði fram. Annars vegar viðhorf yfirvalda um órétt sveitabarna og að þau þurfi að hafa einhvern til að tala máli sínu ef á þarf að halda. „Þar sem fátækum sveitabörnum væri misþyrmt, þá skyldi segja til erfingja barnsins. En ef hann er ekki megnugur að sækja þá athugi hreppstjóri rétt barnsins, en sýslumaður hjálpi barninu til réttar.“²⁰⁰ Og hins vegar kom bréf frá hirðstjóranum Henrik Bjelke sem heimilaði aukinn aga á hjúum „[...] en Husbond over sine Tju og Tjenestefolk kan have tilbørligen at byde og dennem straffe paa Kroppen, uden nogen Lemlæstelse, naar de ikke deres Husbönder med tilbørlig Lydighed og Tjenestvillighed beegner.“²⁰¹

¹⁹⁸ Már Jónsson, *Blóðskömm*, bls. 104.

¹⁹⁹ *Annálar 1400-1800. Sauðlauksdalsannáll*, VI. bindi, „Alþingis samþykkt um fátæka. Sveitabörn innan 16 ára agist af hreppstjórum, hvert í sinni sveit, ef ei vilja vinna. Hlaupi soddan ungmenni í aðrar sveitir, séu þar öguð sem heima. En fullorðið, heilt og ósjúkt fólk sé rækt og rekið með refsingum af kóngs umboðsmanni, ef ei vill vinna.“ bls. 383. *Alþingisbækur Íslands II*, bls. 223.

²⁰⁰ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 282. *Annálar 1400-1800. Sauðlauksdalsannáll*, VI. bindi, bls. 393.

²⁰¹ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 297.

Íslenskir ráðamenn svöruðu bréfinu þannig að „[...] hver forstandugur húsbóndi skuli og megi hafa tilbærilegan aga á sínum vinnuhjúum með vendi, hendi og pálmastiku [...]“²⁰² Hér var komin staðfesting á því að bændur máttu og áttu að aga hjú ef þau voru löt við vinnu. Það vekur athygli að einungis vinnuhjú eru nefnd en ekki börn. Hvort þetta átti einnig við um börn er þess vegna óvíst, nema ef til vill þau sem voru í vist hjá öðrum.

Dæmi um staðfestingu á þessum úrskurði var árið 1657 þegar upplesið var afrit úr dómi frá Barðastrandarsýslu sem Magnús Jónsson sýslumaður hafði sent lögmönnum til athugunar varðandi ágreining húsbænda og vinnuhjúa. Lögmenn á þessu þingi brugðust þannig við upplestri dómsins „[...] umvöndun og aðfyndni húsbænda og almennilegur húsagi gangi eftir því, sem áður er ályktað, svo að hússtjórnin hafi fulla makt að skipa og skikka með fullri aðfyndni, þó í guðrækilegan máta.“²⁰³ Hér hafa lögmennirnir verið að vísa í alþingissamþykktina frá 1651.

Loks skal litið á tvö atriði úr *Lovsamling for Island* sem geymir safn lögfræðiheimilda er varða Ísland. Þar má helst nefna Bessastaðasamþykkt frá 2. apríl 1685 þar sem hreppstjórar voru hvattir til að herða agann með aðstoð prestanna í hreppnum. Amast var við lausamönnum og jafnvel búðarmönnum sem þvældust um sveitirnar öllum til ama með betli og ekki var hægt að aga þá með fangelsi, hespum eða gapastokkum. Slíkir hlutir voru ekki til staðar á landinu. Þeir þóttu bera ósómunn áfram til barna sinna og fjölskyldu „[...] í litlri eður engri von, að hæfir verði að uppala sín börn og þjónustufólk kristilega [...]“²⁰⁴ Tillögur að lausnum voru auknar smásektir til sýslumanna, flytja inn hespur og gapastokka eða jafnvel reisa fangelsi á öllum biskupsstólum, kirkjum, heimilum lögmanna, sýslumanna og hreppstjóra. Enn fremur að refsa ekki minna en átta vandarhögg við fyrsta broti vegna betls, sextán vandarhögg í annað sinn og við þriðja brot færa gerandann til Alþingis og senda hann

²⁰² *Annálar 1400-1800. Sauðlauksdalsannáll*, VI. bindi, bls. 393. *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 297.

²⁰³ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 397.

²⁰⁴ *Lovsamling for Island I*, bls. 431.

þá út ef við hæfi þótti.²⁰⁵ Þessar lausnir eru athyglisverðar og benda til þess að ekki hafi verið nægileg úrræði fyrir hendi til að taka á agabrotum einstaklinga.

Á heimilunum átti aftur á móti sérhver húsbóndi að halda uppi góðum kristilegum aga með hendi, vendi eða keyri en ekki særa svo mikið að börn eða hjú yrðu að leita réttar síns. Mjög óhlýðin vinnuhjú sem töluðu á móti húsbónda sínum, börðu hann eða gerðu annað slæmt átti að setja í fangelsi.²⁰⁶ Ef vinnuhjú unnu vel í 15-20 ár, voru guðhrædd og hlýðin, átti húsbóndinn að hugsa um þau ef þau yrðu fátæk eða misstu heilsuna. Sérstaklega ef engir ættingjar væru til staðar.²⁰⁷ Það var þess vegna ákveðið öryggisnet að haga sér vel ef hjú áttu von á langri vist hjá einum húsbónda.

Lög og samþykktir benda þess vegna til vilja Danakonungs og hverju hann vildi ná fram hjá þegnum sínum. Hann vildi auka eftirlitið, herða agann og fá húsbændur til að sinna skyldum sínum. Embættismenn konungs áttu svo að sjá til þess að lögum hans væri framfylgt en sá árangur var misjafn eins og sjá má á endurteknum siðferðisbrotum á 16. og 17. öld.

4.2 Heimilisagi í Alþingisbókum

Dæmi fundin úr Alþingisbókunum geta sýnt fram á aukinn heimilisaga og sýna jafnvel þá þróun sem var á ögunarmálum á 16. og 17. öld. Fleiri eru dæmin um agaleysi vinnuhjúa heldur en barna en dómarnir sýna hvað þótti ósæmileg hegðun hjúa.

Alla 17. öldina virðist það vera viðvarandi vandamál hvernig aga skyldi hjú og hafa stjórn á þeim. Hreppstjórar áttu að sjá um ögun og aðhald átti að hafa á vist drengja og stúlkna í samráði við hann. „Um það ungmennisfólk sem fer á sveitina og er latt og leitt. Og þar með

²⁰⁵ *Lovsamling for Island I*, bls. 432.

²⁰⁶ *Ibid.*, bls. 433-434.

²⁰⁷ *Ibid.*, bls. 436.

örðugt og stelvíst. Dæmt að hreppstjórar séu skyldugir að leggja á það harða hirtingu með skynsamra manna.²⁰⁸

Á árinu 1619 segir að ágreining á milli húsbænda og hjúa skuli taka fyrir í héraði en eingöngu fara til Alþingis ef málin væru ekki tekin fyrir þar.²⁰⁹ Mörg mál vinnuhjúa voru því útkljáð á héraðsþingum og árið 1661 staðfestist að valdsmenn væru ánægðir með dóminn síðan 1651. „[...] virðist í engan máta líðast mega vegna þrjósku og óhlýðni, sem margur sýni sínum yfirboðurum. [...] þá virðast oss þeir dómur ánægjulegir um vinnufólk og vistarráð.“²¹⁰

Dóm gegn hjúum má til dæmis sjá 1. júlí 1654 á Öxarárþingi þar sem fram kom dómur um veturgamalt barn Oddbjargar Þorsteinsdóttur sem hafði fallið í brunn en látist tveim dögum síðar. Oddbjörg var vinnuhjú og var við vinnu sína þegar barnið féll í brunninn. Refsing hennar var „eins árs tíð í hospítalinu ef með þarf.“²¹¹ Af þessu má sjá að vinnuhjú báru fulla ábyrgð á börnum sínum þótt þau væru við vinnu. Húsbóndi tók ekki út refsingu þó að hann bæri ábyrgð á umræddu hjúi.

Árið 1678 kærir Einar Marteinsson vinnumann sinn Eirík Einarsson fyrir að hafa slegið sig með heystings skafti í höfuðið „hvar af Einar segist bólginn og blóðugur orðið hafa.“ Vísað var í bréf Henriks Bjelke frá 1651 um aukinn aga á hjúum, sem kom fram hér að ofan, um þann aga og kristilega umvöndun sem húsbændur eigi rétt á að beita vinnuhjú sín. Eiríkur fær ekki fulla refsingu vegna niðrandi ummæla frá Einari en „ei minni en sex vandarhögg, sér og öðrum til viðvörunar, því aldeilis óviðeigandi sé að þeir undirgefnu hvort heldur börn eða þjónustufólk, veiti ei tilbærilega hlýðni og auðsveipni sínum foreldrum og yfirboðurum, bæði eftir guðs orða hljóðan, sem og loflegum yfirvaldanna skikkunum.“²¹² Þessi vitnisburður er merkilegur í ljósi þess hversu sterklega hann vísar í að börn og hjú eigi að sýna yfirboðurum

²⁰⁸ *Alþingisbækur Íslands III*, bls. 86-87.

²⁰⁹ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 445.

²¹⁰ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 674-675.

²¹¹ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 349.

²¹² *Alþingisbækur Íslands VII*, bls. 409.

sínum undirgefni og hlýðni. Að auki er bent á að fara eigi eftir Guðs orði og vilja veraldlegra yfirvalda.

Í öðrum dómi voru hjón dæmd vegna slæmrar umönnunar á vinnuhjúi í Þórsnessþingi árið 1688. Sigurður Sæmundsson leitaði réttar dóttur sinnar Gróu 13 ára sem örkumlast hafði á fótum hjá hjónunum Oddi Sigurðssyni og Helgu Steindórsdóttur. Fram kemur „[...] að nefndrar Gróu örkumslum og veikleika sé svo varið, að hold og bein sé burt fallið af öðrum fæti upp undir ökla, utan hælbeinið holdlaust eftir standi, en af honum fætinum allar tær með beinum og holdi í burtu, nema ristarbeinin, svört og holdlaus eftir væri.“ Hjónin fengu í refsingu húðlát 13 marka hvort um sig auk 4 marka í eiðfall ef þau gætu ekki borgað fésektina.²¹³ Þar af leiðandi var húsbændum refsað fyrir ef þeir sýndu mikla vanrækslu gagnvart hjúum sínum.

Af börnum er um málið að segja að þau áttu ávallt að heiðra foreldra sína, hvort sem þau voru 12 eða 35 ára. Fjórða boðorðið var alltaf í gildi. Finna má dæmi um fullorðna einstaklinga sem brutu gegn foreldrum sínum. Til dæmis árið 1645 þann 30. júní var dæmt til Alþingis mál frá Dyrhólum þar sem Þorvarður Jónsson átti að hafa í reiði sinni slegið móður sína Guðrúnu Þorvarðsdóttur. Móðirin vitnaði að „sinn sonur Þorvarður hefði sig hrakið og sér jarðvarpað og sást á henni eftir það“. Þorvarður „viðurkenndi að hafa óvirt móður sína og henni misþyrmt, bæði til orða og verka.“ Í þessu tilfelli átti móðirin að hafa slegið son sinn fyrst og hann síðan slegið á móti. Dómsmenn vitna til fjórðu greinar eða boðorðsins og ákveða að Þorvarður hefði ekki átt að andmæla móður sinni heldur hlýða.²¹⁴

Árið 1689 varð gerð sátt á milli feðga og bað Guðbrandur Björnsson, föður sinn, Björn Magnússon, „auðmjúklega fyrirgefningar á öllu því sem hann hefði honum á móti gert til orða og verka allt til þessa daga. [...] einkannlega með ófriðsemi og áreitingu við sinn velnefnda föður, eður og sínar systur [...]“ Braut Guðbrandur meðal annars hurð á Munkaþverá í ölaði

²¹³ *Alþingisbækur Íslands VIII*, bls. 195-196.

²¹⁴ *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 141-142.

og má leiða líkur að því að drykkjuskapur Guðbrands hafi skapað honum þessi vandræði gegn föður sínum.²¹⁵ Af þessum dæmum má sjá að fullorðnum einstaklingum bar alltaf að heiðra foreldra sína og það var litið mjög alvarlegum augum ef þeir réðust gegn þeim með orðum eða barsmíðum.

Annað atriði sem vert er að nefna tengist auknu eftirliti veraldlegra yfirvalda með barnshvörfum. Við fyrstu sýn virðist þetta ekki tengjast aga en óbeint má telja að aukið eftirlit á foreldrum sé beiting aukins aga frá yfirvaldinu, sem gerði foreldra meðvitaðri um ábyrgð sína og hlutverk. Barnshvörf voru mikil vanræksla og þar af leiðandi refsivert athæfi. Um miðja 17. öldina fer að bera á málum um barnshvörf, allt frá 18 mánaða gömlum til 12 ára. Aukning dóma í þessum málum bendir til þess að valdsmenn hafi orðið meðvitaðri um hagi barna og að ekki skyldi láta barnshvarf óáreitt. Enn fremur voru þetta skilaboð til samfélagsins um að eftirlit þyrfti að hafa með ungum börnum. Foreldrar vissu því að fylgst var með þeim.

Fyrsta skráða barnshvarfið á 17. öld kemur fyrir árið 1635. Þá hafði Jón Ólafsson sent 10 ára gamalt barn sitt eftir ljáum og til berja. Jón fylgdist ekki með heimkomu barnsins og spurðist ekki meira til þess. Yfirvöldum fannst skyldugt að athuga „þvílíkt ræktarleysi“. Jón fékk góðan vitnisburð frá öðrum mönnum og var vísað í „að fátækum mönnum er ekki fært að halda fullorðna menn sér til þjónustu, þá neyðast þeir að senda sín börn og ungmenni sinna nauðsynja erinda, þá svo við vikur.“ Honum var því dæmdur séttareidur og skyldi hann „hafa fyrir sitt hirðuleysi og forsómun“ 25 vandarhögg eftir þeirri grein Mannhelgi, sem talar um fjórðung bóta í 13. kapítula um voðaverk.²¹⁶

²¹⁵ *Alþingisbækur Íslands VIII*, bls. 261-263.

²¹⁶ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 392-393.

Næsta mál kemur ekki fyrr en árið 1652²¹⁷ en á árunum 1652-1699 voru 15 barnshvörf skráð, þar á meðal nokkur sem rekja mátti til slysa í umsjón fullorðinna. Algengasta sektin fyrir barnshvarf var fésekt, eða í níu málum, sem leggjast skyldi til næsta hospítals. Þá voru foreldrar líka afsakaðir á sama hátt og í málinu frá árinu 1635, þ.e.a.s. að foreldrar þyrftu að nota börn sín til vinnu og viðurkennt var að við þau störf gætu þau látist.²¹⁸ Þetta viðhorf hefur eflaust mildað refsingarnar en þetta voru refsingar engu að síður. Áhuga vekur fjöldi mála vegna barna undir sjö ára aldri²¹⁹ en óljóst er af hverju þau hurfu svona ung. Vinnuskylda þeirra var ekki sú sama og þeirra sem voru sjö ára og eldri.

Þann 17. júní 1671 var átta ára drengur, Þorsteinn Marteinson, grafinn upp á Holti undir Eyjafjöllum vegna gruns um illa meðferð. Þeir menn sem grófu upp líkið vitnuðu að líkami drengsins hafi verið „mjög holdlítill, og að þetta barn mundi heldur merglaust en mergjað verið hafa“. Faðir drengsins Marteinn Jónsson var látinn sverja sjöttareid í héraði að hann hefði ekki gert drengnum mein né hafi hann hlotið illa meðferð af hans höndum.²²⁰

Ófullveðja drengir gátu líka lent í vandræðum vegna siðferðisbrota. Árið 1670 lenti Jón Þorkelsson, 14 ára, í frillulífisbroti með ónefndri kvensnift. Faðir Jóns var skyldugur til að greiða fjársektina og ef hún greiddist ekki, þá átti faðirinn að refsa syni sínum „alvarlega í sýslumanns og annara góðra manna nálægð og vitund, svo að enginn yfirhilmung né undandráttur skuli þar út í ske.“²²¹ Börnum var þess vegna líka refsað fyrir siðferðisbrot en hér virðist drengurinn taka á sig meiri ábyrgð en stúlkan og á jafnvel von á líkamlegri refsingu.

²¹⁷ *Alþingisbækur Íslands VI*, ungt barn hvarf á Gróustöðum. „Höfðu foreldrar þessa barns góða vitnisburði um sína guðhræðslu og ráðvendni.“ Slíkir vitnisburðir björguðu oft foreldrum frá slæmum refsingum, bls. 317-318.

²¹⁸ *Alþingisbækur Íslands VI*, sjö ára gamalt barn sem hvarf af Stöðli í Deildará. „...því almennt er í landinu, að fátækir, búandi menn verða að hafa gagn af sínum börnum, að vísa peningi frá túnum, eður annað þvílíkt, þar engar hættur eru í nánd, þegar þau hafa skynsemd og burði þar til“, bls. 405. *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 451-452.

²¹⁹ *Alþingisbækur Íslands VI*, „Um burt horfið barn tvævett“, bls. 452. *Alþingisbækur Íslands VII*, „Um burt horfið barn þrevetra“, bls. 23. „Barn fimm vetra gamalt fallið í sjávarsíki“, bls. 108. *Eftir skyldu míns embættis*, bls. 54-55. *Alþingisbækur Íslands VIII* „um ársgamalt barn burt horfið“, bls. 19. *Alþingisbækur Íslands IX* „um hálfis þriðja árs gamals barns burthvarf“, bls. 52.

²²⁰ *Alþingisbækur Íslands VII*, bls. 224-225.

²²¹ *Alþingisbækur Íslands VII*, bls.183-184.

Um miðja 17. öldina virðist agi vera áberandi og yfirvöldum þykir ástæða til að herða tökin. Brynjólfur biskup Sveinsson lagði áherslu á að prófastar yfirheyrðu ungdóminn í barnalærdóminum. Þeir áttu að fylgja eftir konunglegri kirkjuskipan og áminna líka foreldrana að „[...] hafa kristilegar kenningar og umgengni fyrir sínum börnum og öðrum skylduhjúum, jafnvel þeim sem um hreppinn fara. Sérhvör að sínu heimili refsí og agi þá sem í ómegð eru sem sín eigin börn.“²²²

Það var svo árið 1651 eftir að hirðstjórinn Henrik Bjelke kvartaði yfir ástandinu að Brynjólfur biskup og menn hans fóru að greina agavandann ef svo má kalla. Á prestastefnu sem var haldin 30. júní 1650 lýsa kennimenn yfir áhyggjum sínum af ástandinu. Var þá helst um að kenna fólki sem var slæmar fyrirmyndir fyrir börn sín og hjú. Sýndi það óhlýðni og sjálfræði sem börnin tækju síðan eftir þeim.²²³ Að auki var skortur á vinnufólki um miðja öldina og héldu jafnvel kennimenn að húsbændur væru hræddir við að aga hjú sína af því þá myndu þau strjúka eitthvert annað í vist. Þeir sýndu þess vegna ekki samstöðu um ögun og birtist það í óstöðugu samfélagi að mati kennimanna og valdstjórnar.²²⁴

Árið 1678 sendir lögmaðurinn Sigurður Björnsson bréf til Þórðar biskups Þorlákssonar og lýsir yfir áhyggjum sínum á „agaleysi barna og annarra undirgefina.“ Í þessu tilviki var það veraldlegur valdsmaður sem hefur áhyggjur og sér sig knúinn til að áminna kirkjunnar menn um meint ástand í landinu. Þórður svarar Sigurði 20. febrúar 1679, þakkar honum fyrir þessa áminningu og segir: „*Item* að áminna foreldrana um kostgæfilega og guðrækiliga umhugsun sinna barna, svo þau mættu uppalast í góðum og kristiligum siðum, en ekki í löstum og ósóma, sem nú (Guð náði) að helst of víða sker í þessu fátæka landi.“²²⁵

²²² *Guðs dýrð og sálnanna velferð*, bls. 60.

²²³ *Ibid.*, bls. 156.

²²⁴ *Ibid.*, bls. 157.

²²⁵ *Eftir skyldu míns embættis*, bls. 82-83.

4.3 Heimilisagi í íslenskum annálum

Í kaflanum á undan voru skoðuð afskipti yfirvalda af heimilisaga og núna verður vikið að vitnisburði annála og kannað frekar hvaða áhrif samþykktir og tilskipanir gátu haft. Eitt af fyrstu dæmunum kemur fram árið 1553 en þá létust móðir og tvö börn hennar. Forsaga málsins var sú að móðirin hafði hót að skera undan drengjunum sköpin ef þeir væru óhlýðnir. Þegar synirnir voru að leik einn daginn hótaði eldri sonurinn þeim yngri á sama hátt og móðirin en lét svo verða af því að skera undan honum. Hann lést af sárum sínum. Móðirin kom svo þar að og sló drenginn sem drap þann yngri. Það barn lést einnig. Þá kom faðirinn heim, sá bæði börnin látin og lamdi konu sína til dauða fyrir verknaðinn. Hann iðraðist verka sinna og refsing hans var að ganga hring um Ísland berfættur.²²⁶ Þetta telst óvenjuleg refsing en ef til vill sáu yfirvöld aumur á honum fyrir að missa konu sína og tvö börn.

Annað dæmi um of harða refsingu gegn barni sést í máli Eiríks Sigurðssonar en á héraðsþingi þann 22. janúar 1635 á Ingjaldshóli var kveðinn upp dómur yfir honum. Hann var sakaður um „ólaglega og öfuglega viðhöndlun“ á syni sínum Jóni Eiríkssyni 14 ára. Eiríkur hafði skipað syni sínum að sjónum til þvotta en fjórum dögum seinna var Jón ekki enn þá kominn heim. Á þeim tíma fór Eiríkur ekki að leita að drengnum og það þótti dómsmönnum vera „Á móti allra kristilegra foreldra elsku og rækt til gengið hafa“. Eiríkur fann svo piltinn látinn við sjávarmálið og átti meðferð hans á líkinu að hafa verið „mjög hneykslunarsöm“ og „móti rétt kristinna foreldra vísu og annara frómra manna siðvana“. Þeir sem sáu líkið töldu að það hefði ekki verið lengi í sjónum og var hægri kinnvangi blár sem benti til misþyrmingar. Eiríkur var dæmdur í tylftareid en „hljóp burt og skaut sér undan lagaeiði“. Allar eignir hans runnu til konungs og hann var frjáls til handtöku. Var talið að hann hefði

²²⁶ *Annálar 1400-1800. Skarðsárannáll*, I. bindi, bls. 133. *Annálar 1400-1800. Vatnsfjarðarannáll hinn elzti*, III. bindi, bls. 44.

flúið til Austfjarða.²²⁷ Áverkar á drengnum hafa þótt benda til þess að Eiríkur hafi gengið of langt gegn drengnum og það væri ekki í samræmi við ásættanlega ögun barna.

Ágreiningur gat komið upp á milli foreldra og barna. Árið 1657 kom mál til Alþingis þar sem sonur, Eysteinn Jónsson, hafði brotið handlegg föður síns, Jóns Jónssonar, og var honum dæmt húðlát og tveir fingur höggvir af, sitt á hvorri hendi. Faðirinn sagði að hann hefði reitt son sinn til reiði og því ætti ekki að dæma hann of hart.²²⁸ Má telja að það hafi mildað refsinguna en er einnig áhugavert í ljósi þess að föðurnum þótti það ekki sjálfsagt mál að syninum yrði refsað fyrir óvirðinguna.

Annað dæmi um of harða ögun barna kemur fram í *Vallholtsannál* en árið 1662 átti Sigurður Bergsson ábúandi á Grindli hinum minni að hafa strýkt 12 ára son sinn svo illa að hann lést af sárum sínum. Átti sonurinn að hafa lagt það í vana sinn að stela mat þegar tækifæri gafst til. Faðir hans fékk þær ráðleggingar að hirta drenginn en án efa hefur hann gengið of hart til verks.²²⁹ Atburðurinn kemur fyrir í fjórum annálum og má telja að svo hörð framganga gagnvart barni hafi vakið athygli og verið undantekningin frekar en vaninn.

Árið 1671 var svo strákur í Skagafirði strýktur 60 vandarhöggum fyrir þjófnað úr dönskum búðum á Hofsósi. Enn fremur þurfti hann að lofa sér í böðulþjónustu.²³⁰ Þetta hefur verið hörð refsing fyrir dreng á táningsaldri en bendir þá frekar til refsihörku veraldlegra yfirvalda en foreldra eða forráðamanna.

²²⁷ *Alþingisbækur Íslands V*, bls. 580 og 376. *Annálar 1400-1800. Sjávarborgarannál*, IV. bindi, „Undir Jökli barði faðirinn (Eiríkur Sigurðsson) sinn unga son til dauðs fyrir það barnið hafði hvinnaskað litlu frá öðrum manni.“, bls. 266. *Annálar 1400-1800. Skarðsárannál*, I. bindi, bls. 244.

²²⁸ *Annálar 1400-1800. Fitjaannál*, II. bindi, bls. 181. *Annálar 1400-1800. Seiluannál*, I. bindi, bls. 313. *Annálar 1400-1800. Vallholtsannál*, I. bindi, bls. 347-348. *Alþingisbækur Íslands VI*, bls. 398.

²²⁹ *Annálar 1400-1800. Vallholtsannál*, I. bindi, bls. 360. *Annálar 1400-1800. Fitjaannál*, II. bindi, bls. 196. *Annálar 1400-1800. Kjósarannál*, II. bindi, bls. 441. *Annálar 1400-1800. Vatnsfjarðarannál hinn yngri*, III. bindi, bls. 135 hér er þó nefnt faðir og móðir. *Öldin sautjanda. Minnisverð tíðindi 1601-1700*, Jón Helgason tók saman (Reykjavík: Iðunn, 1966) „Batt drenginn á fötum upp í bita í bæjardyrum og barði síðan með vendi. Gekk hann svo að vasklega að þrisvar varð hann að bæta á vöndinn og ekki lét hann staðar numið fyrir en af dró hljóðin. Þá var drengurinn tekinn ofan. Dó hann snemma kvölds.“, bls. 142-143.

²³⁰ *Annálar 1400-1800. Vatnsfjarðarannál*, III. bindi, bls. 158. *Annálar 1400-1800. Eyrarannál*, III. bindi, bls. 289.

Af þessu má sjá að of harður agi gegn börnum átti ekki að viðgangast. Í tveimur tilfellum var drengjum refsað of hart af foreldrum sínum og þeir létust. Það er því ljóst að svo strangar hirtingar voru ekki leyfilegar en þær endurspeglu engu að síður þá afstöðu sem þurfti að taka vegna agabrota barna.

Telja má að það hafi ekki verið fyrir en á seinni hluta 17. aldar með *Danske Lov* (1683) og *Norske Lov* (1687) að skýrari rammi var settur utan um þann aga sem ríkja átti á heimilum. Hérna voru Íslendingar komnir með lög sem hægt var að miða við þegar fella átti dóma en mörg ákvæðanna voru óhentug fyrir landið. Þar af leiðandi var farið að nota þau ákvæði sem þóttu gagnleg og voru ekki til staðar í *Jónsbók*. Ákvæðum *Jónsbókar* og hinna erlendu laga var þess vegna blandað saman og erfitt var að átta sig á hvaða lög var hægt að nota.²³¹

Þau ákvæði er varða ögun barna og hjúa í *Danske* og *Norske Lov* eru í báðum lögþókum í bók sex sem ber heitið *Um misgjörðir* (d. *Om Misgjerninger*). Fimmti kafli í sjöttu bók ber svo heitið *Um brot barna gegn foreldrum, húsbændum og húsmæðrum* (d. *Om Børns Forseelse imod Forældre, Item Husbonds og Hustruis*). Innan þessa kafla eru tíu ákvæði sem sett eru fram í viðauka III.

Af þessum tíu ákvæðum eru sjö þeirra sem fjalla um börn og hjú. Hin þrjú fjalla um samskipti hjóna. 2., 3., 5. og 6. ákvæði gefur foreldrum, jafnt feðrum sem mæðrum, rétt á að hirta börn sín ef þau sýna óhlyðni og sjálfræði. Hins vegar má húsbóndi ekki vera eins og einræðisherra samanber 7. ákvæði og í 10. ákvæði eiga hjú möguleika á því að leita réttar síns ef þeim finnst þau vera beitt órétti.²³² Með þessum lögum var þess vegna kominn ágætur lagarammi utan um agabrot og hvernig haga skyldi heimilislífínu. Þau eru hins vegar ekki mjög nákvæm. Ekki er til dæmis minnst á alvarleika áverka, hversu oft skuli refsað eða

²³¹ Páll Sigurðsson, „Danske og Norske Lov i Island og de islandske kodificationsplaner“ í *Lagaslóðir. Greinar um lög og rétt* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005) bls. 400-401. Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga“ í *Jónsbók. Lögþók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*, Már Jónsson tók saman (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004) bls. 42-52.

²³² *Danske Lov 1683* vefsíða: <http://bjoerna.dk/DanskeLov/index.htm>.. Sótt 15. ágúst 2012. *Norske Lov 1687* vefsíða: http://www.hf.uio.no/iakh/forskning/prosjekter/tingbok/kilder/chr5web/chr5_06_05.html. Sótt 15. ágúst 2012.

nákvæm lýsing á agabrotinu. Húsbændur gátu því túlkað lögin nokkuð frjállega, skýlt sér á bak við húsbóndavaldið og afsakað sig ef þeir gengu of hart fram, með því að þeir væru að gera skyldu sína sem höfuð heimilisins. Það er þess vegna óljóst hvort þessi lög hafa verið notuð að einhverju marki undir lok 17. aldar. Hins vegar eru þau dæmi um þau viðhorf sem Danakonungur vildi ná fram á Íslandi er vörðuðu heimilisaga.

4.4 Samantekt

Af þessum dæmum má sjá að löggjöf hafði bein áhrif á ögun barna og hjúa. *Jónsbók* veitti grunninn þegar kom að ákvæðum um refsingar en þegar leið á 17. öld var ljóst að hún dugði ekki til þegar kom að heimilisaga. Hún var orðin úrelt að mörgu leyti og auðvelt að misskilja ákvæði hennar. Með *Stóradómi* kom hins vegar fram löggjöf sem hafði meiri áhrif á einkalíf fólks og var merki um aukin afskipti konungs.

Þegar dæmi um aga á börnum eru skoðuð, má þar helst sjá harðar refsingar framkvæmdar af foreldrum eða öðru yfirvaldi. Dæmin sýna hvað þótti óvenjulegt, eitthvað ólíkt reglum samfélagsins. Þessar gríðarlegu hörðu refsingar sem leiddu til dauða barna voru andstæðan við það sem Lúther prédikaði. Aldrei átti að berja börn þannig að þau meiddust, heldur átti að fara milliveginn. Viðhorf veraldlegra yfirvalda virðist spegla sömu skoðun og sýnir að refsingar vegna agabrota áttu að vera hóflegar en þó strangar.

Það vekur líka athygli að ástandið í agamálum virðist vera verst um miðja öldina samkvæmt heimildum. Þá kemur fram aukning í skráðum dómsmálum sem tengjast börnum og refsingum sem bendir ef til vill til að foreldrar hafi talið það nauðsynlegt að aga börn harðar. Aukin afskipti ríkisvalds virðast því bera meiri árangur þegar á líður. Foreldrar fóru að gefa ögun barna meiri gaum en áður. Það vekur líka athygli að skráðum málum um barnshvörf fór fjölgandi eftir miðja öldina sem bendir aftur til meira eftirlits með þegnum samfélagsins. Í þessum málum voru einungis lagðar á fésektir en ekki líkamlegar refsingar.

Aftur á móti var ekki hægt að líta fram hjá því þegar fullorðið fólk misþyrmdi foreldrum sínum. Það átti alltaf að virða fjórða boðorðið og með því að slá eða bölva foreldri sínu gerði einstaklingurinn sig sekan um mikinn ósóma. Foreldrar þessara barna töluðu stundum máli þeirra svo þau fengu mildari refsingu, tóku á sig sökina o.s.frv. Þetta er mjög áhugavert og vekur þá spurningu hversu mikla merkingu foreldrar lögðu í fjórða boðorðið sem átti að vera grunnkenningin í ögun á börnum. Trúðu þau ekki staðfastlega á það eða var innræting fjórða boðorðsins ekki nægilega góð hjá veraldlegum og kirkjulegum yfirvöldum til að ná tökum á samfélaginu? létu foreldrar frekar stjórnast af hjartanu en trúnni? Þessu er ómögulegt að svara en hugmyndin er áhugaverð.

Danske og Norske Lov komu svo í lok 17. aldar og urðu þess valdandi að löggjöf á Íslandi fór smám saman að breytast og mögulegt var að nota ákveðin ákvæði úr lögnum. Ekki er ólíklegt að sjötta bók *Um misgjörðir* hafi haft áhrif í landinu, sérstaklega þar sem ákvæðin í fimmta kafla nefna börn og hjú. Ef til vill má rekja Bessastaðasamþykkt árið 1685 til þessara laga til að veita betri stuðning við félagslegt taumhald, sérstaklega á hjúum.

Umtal og amasemi gagnvart hjúum var einkennandi fyrir 17. öldina og reglugerðir og lög sýna hversu mikið vandamál þetta þótti í samfélaginu. Minna ber á viðhorfi vinnuhjúanna sjálfra þar sem skortur á heimildum byrgir sýn. Aðstæður og samfélagsleg viðhorf koma oftast frá þeim sem voru í valdastöðum. Lög virtust gera lítið til að halda félagslegu taumhaldi á hjúum en löggin eru til vitnis um þá hugmynd að agi skyldi virtur þó að framkvæmdin hafi ekki alltaf gengið eftir.

5. Niðurstöður

Ef rifjaðar eru upp helstu rannsóknarspurningar þá skal fyrst líta á hvað var fólgið í hinum þýsku fyrirmyndum. Hinar þýsku fyrirmyndir voru fólgnar í lútherskum rétttrúnaði og auknu ríkisvaldi. Með lútherskum rétttrúnaði var komið á beinu sambandi við Guð og til að halda Guði góðum og bjarga sálum manna varð að sýna skilyrðislausu hlýðni við yfirboðara. Með upptöku lúthersku í þýskum ríkjum var kirkjan orðin hluti af veraldlegu valdi. Það var ekki lengur í höndum kaþólskra að vera milliliðir við Guð heldur átti hver einstaklingur að ná sambandi við Guð. Með auknu ríkisvaldi var kirkjan sett undir veraldlegt yfirvald og konungur varð umboðsmaður Guðs. Hann gat stuðst við hugmyndir lúthersku kirkjunnar til að innræta aukinn aga í samfélaginu og á heimilum.

Hvernig var þessu svo hrint í framkvæmd í Þýskalandi? Þessu var komið í framkvæmd með því að innræta sameiginlegan skilning á boðskap lúthersks rétttrúnaðar, nota *Fræðin minni* inni á heimilum alþýðunnar, bæta skólalald og refsa vegna galdra. Til að innleiða sameiginlegan boðskap var lögð mikil áhersla á fjórða boðorðið. Það var notað af veraldlegu yfirvaldi til að ná fram hlýðni þegnanna, því annars myndi landið steypast til glötunar.

Notkun boðorðsins var miðlað til heimilanna í gegnum *Fræðin minni* og áttu að minna börn og hjú á að húsbændur voru yfirboðarar þeirra. Þannig fengu *Fræðin minni* nýtt hlutverk í trúfræðslu og innrætingu aukins aga. Þau þóttu standa upp úr vegna einfaldrar framsetningar. Vægi þeirra sést svo á því að þau var tekin inn í *Samlyndisbókina* 1580 sem var hið nýja sameiginlega játningarrit fyrir lútherska kirkju.

Fljótlega var talið að foreldrar gætu ekki einir séð um að miðla *Fræðunum minni* og fengu þeir því aðstoð frá skólum. Í kjölfarið jókst skólalald og í trúarlegri fræðslu voru *Fræðin minni* aðalritið sem kennt var. Í skólunum var aga haldið uppi með vísan í fjórða boðorðið og var refsingarkerfi í skólunum sem átti að tryggja undirgefni nemendanna. Notkun á *Fræðunum minni* í skólum var líka hugsað til að undirbúa nemendur í að verða prestar og

miðla þannig réttum trúarlegum skoðunum áfram til alþýðunnar. Galdraofsóknir á 16. og 17. öld voru skýr dæmi um aukinn samfélagslegan aga og hert eftirlit með einkalífi fólks. Að auki fóru galdrar að tengjast Djöflinum sem gerði fólk óttaslegið og gerði yfirvöldum auðveldara fyrir að hafa stjórn á samfélaginu.

Það leið ekki á löngu þar til lúthersk áhrif fóru að berast til Danmerkur. Lútherskur boðskapur átti auðvelt með að ná til landsins en það var ekki fyrr en með Kristjáni III að lútherskan var leidd inn í Danmörku og þar af leiðandi á Íslandi. Ný kirkjuskipan var tekin upp árið 1537 en það markaði upphafið á innleiðingu lúthersku á Íslandi. Árið 1551 var landið formlega orðið lútherskt. Danakonungur fór eftir þýskum fyrirmyndum og því var hægt að nota sömu framkvæmd á Íslandi í kjölfar siðskipta.

Fyrstu merkin voru stofnun latínuskólanna á Hólum og í Skálholti árin 1552 og 1553. Í þessum skólum var notað svipað refsingarkerfi og í þýsku skólunum sem bendir til sömu hugmynda um ögun og innrætingu um hlýðni til framtíðarleiddtoga landsins. Að auki voru *Fræðin minni* tekin upp sem kennslurit sem sýnir viðurkenningu íslenskra siðskiptamanna á kostum þeirra við að kenna sameiginlegan skilning á Guðs orði. *Fræðin minni* á Íslandi voru eins byggð upp og þýsku *Fræðin minni* sem bendir til þess að engin breyting hafi orðið á boðskapnum og hann því sá sami í báðum löndum. Auk skólahalds var líka farið að taka á göldrum en þó ekki af sömu stærðargráðu og var í Þýskalandi. Varla er hægt að tala um galdraofsóknir hér, nema ef til vill á Vestfjörðum. Það virðist líka hafa gengið hægar að koma refsingum vegna þessara agabrota í framkvæmd sem sést á því að flestar aftökur voru á seinni hluta 17. aldar. Hugmyndin var því til staðar en framkvæmdinni ekki jafn fastlega framfylgt og í Þýskalandi.

Kringumstæður voru hins vegar ekki þær sömu. Lútherskur rétttrúnaður var samfélagshreyfing í Þýskalandi en kom með konungsboði til Íslands. Íslendingar höfðu því ekkert val. Aftur á móti voru nokkrir íslenskir menn eins og Oddur Gottskálksson sem höfðu

kynnst lúthersku og vildu koma henni á framfæri á Íslandi. Danskt ríkisvald hafði alltaf verið að aukast þannig það átti ekki að koma á óvart um miðja 16. öldina að hlýða átti konungi og fylgja skipunum hans.

Með samfélagslega aganum varð sjálfkrafa aukning á heimilisaga og heimilin látin bera ábyrgð á uppeldi framtíðarþegna sem skyldu alast upp í lútherskri trú. *Fræðin minni* tengja hér saman samfélag og heimili. Heimili bændasamfélaganna í báðum löndum voru um margt svipuð meðal annars hvað varðar fjölda heimilismanna og hjú. Hjú unnu mikilvægt starf fyrir heimilin en á sama tíma þurftu þau að lúta yfirvalda húsbænda sinna. Húsbændur höfðu rétt á að aga hjú sín ef þau þóttu erfið eða löt til vinnu.

Aukið ríkisvald hafði áhrif á heimilin vegna þess að það fór að hafa afskipti af því sem var gert innan veggja þess og af einkalífi fólks. Til að halda öllu í röð og reglu varð að fylgjast með heimilisfólki og gæta þess að húsaðir héldi uppi aga á börnum og hjúum. Þetta viðhorf veraldlegra yfirvalda sést líka á Íslandi en konungur fór mjög fljótlega að hafa eftirlit með íslenskum heimilum.

Hvernig var þá háttað eftirliti með aga á Íslandi undir þessum kringumstæðum? Eftirlit með aga á Íslandi byggðist meðal annars á löggjöf eins og *Stóradómi* og konungsskipunum. *Stóridómur* var í raun fyrsta dæmið um hert eftirlit með einkalífi fólks eftir siðskipti. Vissulega kemur ekkert fram í honum um ögun barna og hjúa en hann er til vitnis um hugarfarsbreytingu yfirvaldsins við að fylgjast með heimilunum. Það var aðeins tímaspursmál hvenær ögun barna og hjúa yrði tekin fyrir og það var gert með *Danske* og *Norske Lov* á seinni hluta 17. aldar. Að auki höfðu biskupar og prestar eftirlit með aga á heimilum.

Íslensku dæmin úr frumheimildunum sýna svo fram á árangurinn að mati innlendra og danskra stjórnvalda. Þau sýna fram á harðar refsingar sem bendir til of mikillar hörku af hálfu foreldra. Veraldleg yfirvöld gátu ekki liðið limlestingar og dráp á börnum þó að auka ætti agann. Heimildir um agaleysi um miðja 17. öldina benda svo til að hugmyndir um heimilisaga

hafi verið orðnar fastmótaðar þó að erfitt væri að fylgja honum eftir. Íslensk yfirvöld reyndu að hafa hemil á hjúum eins og sást í dæmum sem bendir til þess að aukinn heimilisagi hafi verið talinn heppilegt stjórnæki. Heimildaleyfi frá sjálfum vinnuhjúum gerir þetta allt erfiðara en viðhorf þeirra gætu varpað öðru ljósi á málið. Virðist því vera að þýsk viðhorf hafi skilað sér inn á heimilin en framkvæmdin hafi ekki tekist sem skildi.

Áherslur um aukinn heimilisaga komu því frá ríkisvaldinu en einnig siðskiptamönnum sem töldu mikilvægt að innræta fólki lútherskan boðskap og framfylgja heimilisaga til að viðhalda útbreiðslu hans á meðal þegnanna. Hlutverk lúthersks rétttrúnaðar var þess vegna stórt á Íslandi af því að hann hjálpaði ríkinu að viðhalda röð og reglu í gegnum aukinn aga. Aukinn heimilisagi á Íslandi og eftirlit með honum af íslenskum og dönskum veraldlegum yfirvöldum byggðist þess vegna að mestu leyti á erlendri hugmyndafræði frá þýskum siðskiptamönnum.

Viðaukar

Viðauki I: Heimilislíkanið

Örvarnar sýna í hvaða átt áherslurnar lágu.

*Societas Domestica*²³³

1. *Societas Coniugalis*

- a. Húsbóndi > Vernd, Heiður, Virðingu, Ávítun/Agi > Húsmóðir
- b. Húsbóndi < Hollusta, Þolinmæði, Kærleikur, Hjálpssemi > Húsmóðir
- c. Húsbóndi < Hlýðni, Aðlögun < Húsmóðir

2. *Societas Parentalis*

- a. Foreldrar > Stjórna, Ræktun, Kennsla/leiðsögn, Kærleikur > Börn
- b. Foreldrar < Hlýðni, Kærleikur, Heiður, Hollusta < Börn

3. *Societas Herilis*

- a. Húsráðendur > Stjórna, Ræktun, Kennsla/leiðsögn, Kærleikur > Hjú
- b. Húsráðendur < Hlýðni, Kærleikur, Heiður, Hollusta < Hjú

²³³ Münch, *Das Jahrhundert*, bls. 70. Sjá einnig um „das ganze Haus“ í Renate Dürr, *Mägde in der Stadt. Das Beispiel Schwäbisch Hall in der Frühen Neuzeit*, (Frankfurt/Main; New York: Campus Verlag, 1995), bls. 18-22. Trossbach, *Bauern 1648-1806*, bls. 88-112.

Viðauki II: Varðveittir katekismar útgefnir á Íslandi á 16. og 17. öld

Eftirtaldir katekismar með *Fræðunum minni* voru prentaðir að Hólum í Hjaltadal:

1. Sá elsti til á prenti í upprunalegri mynd var prentaður árið 1594. *Catechismus Pad Er, Christeligur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara og Hwsbuendur. D. Mart. Luth.* Þýðandi er talinn vera Oddur Gottskálksson biskup en eflaust hefur hann stuðst við þýðingu Gissurar. Aðeins eitt eintak er þekkt, sem er í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn.
2. Önnur útgáfa af útgáfunni frá 1594 var prentuð árið 1617. *CATECHISMVS. Edur. Christelegur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara, Hwsbændur og Vungmenne: Psalmo xxxiiij. Komed hingad Børn, heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. / D. Mart. Luth.* Eitt eintak er til á Landsbókasafni Íslands.
3. Árið 1647 kom út ný útgáfa, samt sem áður uppbyggð af útgáfunni frá 1594. *Sa Mine Catechismus. D. Marth. Luth. : Epter þeirre fyrre Vutleggingu, Prentadur : Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins.* Þessi var töluvert lengri og kom hún út í tíð Þorláks Skúlasonar biskups. Jafnframt byggðu næstu útgáfur á þessari útgáfu. Til eru tvö eintök, annað í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, hitt á Landsbókasafni.
4. Önnur útgáfa var prentuð 1660. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri: Epter þeirre fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred ier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. Prentadur en ad Nyu.* Eitt eintak til á Landsbókasafni.
5. Þriðja útgáfa var prentuð 1666. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri : Epter þeirre Fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad Børn, Heyred mier, Eg vil kjenna ydur Otta Drottins : Psalm. 112. Sæll er sa Madur sem ottast Drottin, Huør*

ed hefur mykla List til hans Bodorda. Tvö eintök eru til, annað á Landsbókasafni, hitt á Amtsbókasafninu á Akureyri.

6. Fjórða útgáfa var prentuð 1686. *Sa MINNE Catechismus D. Mart. Luth. : Epter þeirre fyrre Vtleggingu, med nockru fleira fyrer Børn og Vngmenne.* Eitt eintak til á Landsbókasafni.

Eftirtaldir katekismar með *Fræðunum minni* voru prentaðir í Skálholti:

1. Sjötta útgáfa af útgáfunni frá 1647, var prentuð 1690. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtleggingu, með nockru fleira fyrer Børn og Vngmenne. Prentadur ad nyu.* Eitt eintak til á Landsbókasafni.
2. Sjöunda útgáfa var prentuð 1693. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtleggingu, med nockru fleyra fyrer Bórn og Vngmene.* Eitt eintak til á Landsbókasafni.

Önnur eintök sem innihéldu *Fræðin minni*:

1. Árið 1599 var prentað á Hólum, *BIBLIA LAICORVM : Þad er Leikmaña Biblia, sa gyllene Catechismus þess dyrdlega Guds Mans D. Martini Lutheri, Lofligrar minningar, sam settur og aukeñ med stuttum einfólldum Spurningum og Andsuórum, Fyrer Vngmenne og einfallt almuga Folk.* Þessi katekismus var eftir Johann Aumann og verkið þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni. Eitt eintak er til á Landsbókasafni.
2. Árið 1610 var prentað á Hólum, *CATECHISMVS : Són, Einfolld og lios Vtskyring Christelega Fræda, sem er Grundvøllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms Af þeim hellstu Greinum Heilagrar Biblíu, hennar Historium og Bevijsingum samanteken, Gude Almattugû til Lofs og Dyrdar, eñ Almwganum til Gagns og*

goda ; Vr Dønsku vtløgd. Verkið var eftir Johann Spangenberg og þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni. Eitt eintak er til á Landsbókasafni.

3. Önnur útgáfa af verki Spangenbergs kom út á Hólum 1669. *CATECHISMVS : Edur Søn, Einfølld og lios Vtskijring Christelegra Fræda, sem er Grundvøllur Trwar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms. Af þeim hellstu Greinum heilagrar Ritningar, heñar Historium og Bevijsingum samañtekeñ, Gude Almattugum til Lofs og Dyrdar, eñ Almwganum til Gagns og Gooda.* Tvö eintök eru til, annað á Landsbókasafni, hitt á bókasafni Dagsbrúnar en í það eintak vantar sex blöð.

Ein útgáfa er til sem inniheldur *Fræðin meiri* frá 17. öld:

1. Árið 1691 var prentað í Skálholti, *Sa Store CATECHISMUS : Þad er, Søn[n], Einfollid og lios Vtskyring Christeliga Fræda, sem er Grundvøllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms, af þ[ei]m hellstu Greinum heilagrar Bibliu, hen[n]ar Historium og Bevijsingum samanteken[n], Gude Almaattugum til Lofs og Dyrdar, en[n] Almwganum til Gagns og Goda. Vtlagdur a Islenskt Tungummaal, af Herra Gudbrande Thorlakssyne forðum Biskupe Holastiptis, Loflegrar Min[n]ingar.*

Þetta var þriðja útgáfa og verkið eftir Johann Spangenberg. Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni en handritið sem prentað var eftir talið vera í eigu Þórðar Þorlákssonar. Tvö eintök eru varðveitt á Landsbókasafni, eitt eintak á bókasafni Dagsbrúnar, eitt eintak á bókasafni Akraness og eitt eintak á Stofnun Árna Magnússonar.

Viðauki III : Tíu ákvæði Danske Lov kafli 6.5. Þau eru eins í Norske Lov.

1. Findis nogen at være sine Forældre Ulydig, og foragte deris christelige Formaninger til Guds Frygt, Ærlighed, Ædruhed, Fredsommelighed, Flittighed, Sparsommelighed og deslige, og det skielligen bevisis, miste Arv efter dennem. 2. Bander nogen sine Forældre, eller dennem Ubluelig tiltaler, eller paataler paa Ære og Lempe, miste Arv, og straffis med Jern og Arbejd paa Bremmerholm, om det er Mands-Person, eller i Spindehuset, om det er Qvindfolk, deris Livs Tid. 3. Slaar nogen sine Forældre, da er det Halsløs Gierning. 4. Slaar Hustrue sin Husbond, og gjør hannem Skade, da er det ligesom hun det mod een fremmet gjort hafde. 5. Husbond maa refse sine Børn og Tyende med Kæp, eller Vond, og ej med Vaaben; Men gjør hand dem Saar med Aad, eller Eg, eller slaar dem Lemmer sønder, eller skader dem paa deris Helbred, da straffis hand saa som hand een fremmet hafde gjort Skade. 6. Den sammer er og Hustruens Ret over hendis Børn og Tyende. 7. Handler nogen Husbond tyrannisk og Uchristelig med sin Hustruem, og det hannem skielligen overbevisis, da straffis hand med Bremmerholm, eller anden høj Straf efter hans Stand og Vilkor. 8. Handler Hustruen Uchristeligen med sin Husbond, da straffis hun med Spindehuset. 9. Ere Husbond og Hustrue lige skyldige til ond Forligelse imellem sig indbyrdis og forargeligt Levnet, da bør de begge at straffis saaledis, som sagt er. 10. Handler nogen Husbond Ulovligen og Utilbørligen med sine Tienere, eller Bønder, da er det ligesom saadan Gierning skeede imod fremmede, og de have Magt til at søge deris Ret imod Husbonden, som imod een fremmet.²³⁴

²³⁴ *Danske Lov 1683* vefsíða: <http://bjoerna.dk/DanskeLov/index.htm>. Sótt 15. ágúst 2012. *Norske Lov 1687* vefsíða: http://www.hf.uio.no/iakh/forskning/prosjekter/tingbok/kilder/chr5web/chr5_06_05.html. Sótt 15. ágúst 2012. Feitletranir á númerum í texta eru eftir höfund ritgerðar til áherslu.

Heimildaskrá

Íslandssafn Landsbókasafns

- Lbs. Aumann, Johann. *BIBLIA LAICORVM : Þad er Leikmaña Biblia, sa gyllene Catechismus þess dyrdlega Guds Mans D. Martini Lutheri, Lofligrar minningar, sam settur og aukeñ med stuttum einfólldum Spurningum og Andsuórum, Fyrer Vngmenne og einfallt almuga Folk. Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1599.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Catechismus Þad Er, Christeligur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara og Hwsbuendur / D. Mart. Luth. 1594.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *CATECHISMVS. Edur. Christelegur Lærdomur, Fyrer einfallda Presta og Predikara, Hwsbændur og Vungmenne: Psalmo xxxiiij. Komed hingad Børn, heyred mier, Eg vil kienna ydur Otta Drottins. / D. Mart. Luth. 1617.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Mine Catechismus. D. Marth. Luth. : Epter þeirre fyrre Vutleggingu, Prentadur :Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred mier, Eg vil kiena ydur Otta Drottins. 1647.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri: Epter þeirre fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad Børn heyred ier, Eg vil kiena ydur Otta Drottins. Prentadur en ad Nyu.1660.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne, Catechismus D. Martini Lutheri : Epter þeirre Fyrre Vtleggingu : Psalm. 34. Komed hingad Børn, Heyred mier, Eg vil kjenna ydur Otta Drottins : Psalm. 112. Sæll er sa Madur sem ottast Drottin, Huør ed hefur mykla List til hans Bodorda. 1666.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa MINNE Catechismus D. Mart. Luth.: Epter þeirre fyrre Vtleggingu, med nockru fleira fyrer Børn og Vngmenne. 1686.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtleggingu, með nockru fleira fyrer Børn og Vngmenne. Prentadur ad nyu. 1690.*
- Lbs. Marteinn Lúther. *Sa Minne Catechismus D. Mart. Luth : Epter þeirre fyrre Vtleggingu, med nockru fleyra fyrer Bórn og Vngmene. 1693.*
- Lbs. Spangenberg, Johann. *CATECHISMVS : Són, Einfolld og lios Vtskyring Christelegra Fræda, sem er Grundvøllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms Af þeim hellstu Greinum Heilagrar Biblíu, hennar Historium og Bevijsingum samanteken, Gude Almattugû til Lofs og Dyrdar, eñ Almwganum til Gagns og goda ; Vr Dønsku vtløgd. Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1610.*
- Lbs. Spangenberg, Johann. *CATECHISMVS : Edur Søn, Einfolld og lios Vtskijring Christelegra Fræda, sem er Grundvøllur Trwar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms. Af þeim hellstu Greinum heilagrar Ritningar, heñar Historium og Bevijsingum samañtekeñ, Gude Almattugum til Lofs og Dyrdar, eñ Almwganum til Gagns og Gooda. Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1669.*

Lbs. Spangenberg, Johann. *Sa Store CATECHISMUS : Þad er, Søn[n], Einfolld og lios Vtskyring Christeligra Fræda, sem er Grundvøllur Truar vorrar og Saaluhialpar Lærdoms, af þ[ei]m hellstu Greinum heilagrar Bibliu, hen[n]ar Historium og Bevijsingum samanteken[n], Gude Almaattugum til Lofs og Dyrðar, en[n] Almwganum til Gagns og Goda. Vtlagdur a Islenskt Tungummaal, af Herra Gudbrande Thorlakssyne forðum Biskupe Holastiptis, Loflegrar Min[n]ingar. Þýtt af Guðbrandi Þorlákssyni, 1691.*

Óprentaðar heimildir

Helga Hlín Bjarnadóttir. BA ritgerð í sagnfræði. *Fyrir heilags anda innblástur : vald sóknarpresta yfir sóknarbörnum sínum í Skálholtsbiskupsdæmi 1639-1720*. Reykjavík, 2009.

Prentaðar heimildir

Agnes S. Arnórsdóttir og Helgi Þorláksson. „Heimili.“ Í *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit*. I. bindi. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 45-56. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1997.

Alþingisbækur Íslands I-XVI Reykjavík: 1912-1986.

Annálar 1400-1800 I-VI Reykjavík: 1922-1988.

Arngrímur Jónsson. *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót. Lítúrgísk þróunarsaga íslenzkrar helgisíðahefðar á 16.öld*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1992.

Árni Daníel Júlíusson. „Peasant unrest in Iceland.“ Í *Northern Revolts. Medieval and Early Modern Peasant Unrest in the Nordic Countries*. Ritstj. Kimmo Katajala, 118-148. Helsinki: Finnish Literature Society, 2004.

Bainton, Roland H. *Martin Luther*. Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1980.

–, *Marteinn Lúther*. Reykjavík: Bókaútgáfan Salt, 1984.

Bang, Anton Christian. *Dokumentar og studier vedrørende den lutherske katekismus' historie i Nordens kirker*. 1. bindi. Christiania: Fabritius og Sønner, 1893.

Benecke, G. *Society and politics in Germany 1500-1750*. London, Toronto: Routledge og Kegan Paul, University of Toronto Press, 1974.

Behringer, Wolfgang. „Demonology, 1500-1600.“ Í *The Cambridge History of Christianity*. Ritstj. R. Po-Chia Hsia, 406-424. Cambridge og New York: Cambridge University Press, 2007.

Bjarni Jónsson. „Fræði Lúthers 400 ára.“ *Prestafélagsritið. Tímarit fyrir kristindóms- og kirkjumál*. 1:11 (1929) : 53-67.

- Bjarni Sigurðsson. „Ágrip af sögu spurningarkveranna.“ Í *Árbók Landsbókasafn Íslands*, 38-47. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1980.
- Björk Ingimundardóttir. „Sett út af sakramentinu.“ Í *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, 140-151. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.
- Bode, Gerhard. „Instruction of the Christian Faith by Lutherans after Luther.“ Í *Lutheran Ecclesiastical Culture 1550-1675*. Ritstj. Robert Kolb, 159-204. Leiden: Koninklijke Brill NV, 2008.
- Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Birt af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1919-1942.
- Briggs, Robin. *Witches and Neighbours. The social and cultural context of European witchcraft*. Oxford: Blackwell, 2002.
- Davíð Þór Björgvinsson. „Stóridómur.“ Í *Lúther og íslenskt þjóðlíf*. Ritstj. Gunnar Kristjánsson og Hreinn Hákonarson, 119-140. Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989.
- Dürr, Renate. *Mägde in der Stadt. Das Beispiel Schwäbisch Hall in der Frühen Neuzeit*. Frankfurt/Main og New York: Campus Verlag, 1995.
- Edwards Jr., Mark U. *Printing, Propaganda, and Martin Luther*. Berkely, Los Angeles, London: University of California Press, 1994.
- Einar G. Pétursson. „Bókaútgáfa á biskupstólunum.“ Í *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 Ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Aðalritstjóri Gunnar Kristjánsson, 568-605. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006.
- Einar Sigurbjörnsson. „Réttrúnaðurinn.“ Í *Kristni á Íslandi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. III. bindi, 117-120. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- , „„Heyrið þau tíu heilögu boð“ Um sálma Lúthers út af boðorðunum“ *Ritröð Guðfræðistofnunar. Tileinkuð Dr. Birni Björnssyni sjötugum*, 24 (2007) : 97-109.
- Eftir skyldu míns embættis: prestastefnudómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697*. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. 13, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.
- Fraas, Hans-Jürgen. *Katechismustradition. Luthers kleiner Katechismus in Kirche und Schule*. Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1971.
- Friedrichs, Christopher R. „German social structure, 1300-1600.“ Í *Germany: 1450-1630. A New Social and Economic History*. I. bindi. Ritstj. Bob Scribner, 234-255. New York: Arnold, 1996.
- Fullbrook, Mary. *A concise history of Germany*. New York: Cambridge University Press, 1991.

- Gaunt, David. „The peasants of Scandinavia, 1300-1700.“ Í *The Peasantries of Europe. From the fourteenth to the eighteenth century*. Ritstj. Tom Scott, 312-337. London, New York: Longman, 1998.
- Gísli Baldur Róbertsson. „Áform um endurskoðun íslenskra laga.“ Í *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*. Már Jónsson tók saman, 35-54. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Gísli Gunnarsson. „Afkoma og afkomendur meiri háttar fólks 1550-1800“ Í *Íslenska söguþingið 28.-31. Maí 1997. Ráðstefnurit*. II. bindi. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 118-132. Reykjavík: Sagnfræðingastofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, 1998.
- Goertz, Hans-Jürgen. „Aufstand gegen den Priester. Antiklerikalismus und reformatorische Bewegungen.“ Í *Bauer, Reich und Reformation: Festschrift für Günther Franz zum 80. Geburtstag am 23. Mai 1982*, 182-209. Stuttgart: Verlag Eugen Ulmer, 1982.
- , „What a tangled and tenuous mess the clergy is!” Clerical anticlericalism in the Reformation period.“ Í *Anticlericalism in late medieval and early modern Europe*. LI. bindi. Ritstj. Peter A. Dykema og Heiko A. Oberman, 499-519. Leiden, New York, Köln: E. J. Brill, 1993.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. „Hart hrís gerir börnin vís.“ *Saga*, 31 (1993) : 33-62.
- , *Skólalíf: starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi 1552-1846*. Reykjavík: Iðnú, 2000.
- Guðs dýrð og sálnanna velferð: prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1630-1674*. Már Jónsson tók saman. Ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon. 10, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- Gunnar Kristjánsson. „Marteinn Lúther og Íslendingar.“ Í *Lúther og íslenskt þjóðlíf*, 5-12. Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989.
- Gustafsson, Harald. „Hugleiðingar um samfélagsgerð Íslendinga á árnýöld.“ Í *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit*, II. bindi. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 109-117. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1997.
- Halldór Hermannsson. „Icelandic books of the sixteenth century 1534-1600.“ Í *Islandica. An annual relating to Iceland and the Fiske Icelandic collection in Cornell University Library* IX. bindi. Ithaca, New York: Cornell University Library, 1916.
- Hauschild, Wolf-Dieter. „Corpus Doctrinae und Bekenntnisschriften. Zur Vorgeschichte des Konkordienbuches.“ Í *Bekanntnis und Einheit der Kirche. Studien zum Konkordienbuch im Auftrag der Sektion Kirchengeschichte der Wissenschaftlichen Gesellschaft für Theologie*, 235-252. Stuttgart: Calwer Verlag, 1980.
- , *Lehrbuch der Kirchen- und Dogmengeschichte. Reformation und Neuzeit*. II. bindi. Gütersloh: Chr. Kaiser/Gütersloher Verl.-Haus, 1999.

- Heimir Steinsson. „Samfélagsáhrif siðbótarinnar.“ Í *Lúther og íslenskt þjóðlíf*, 103-117. Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989.
- Helgi Þorláksson. „Aldarfarið á sautjándu öld.“ Í *Hallgrímsstefna*, 15-28. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju, 1997.
- , *Saga Íslands VI*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003.
- , *Saga Íslands VII*. Reykjavík: Bókmenntafélagið, Sögufélag, 2004.
- Hjalti Hugason. „Kristni og kirkja.“ Í *Saga Norðurlanda 1397-1997*, 185-209. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin, 1997.
- Holborn, Hajo. *A History of Modern Germany. The Reformation*. New Jersey: Princeton University Press, 1982.
- Holenstein, André. *Bauern zwischen Bauernkrieg und dreissigjährigen Krieg. Enzyklopädie Deutscher Geschichte*. 38. bindi. München: R. Oldenbourg Verlag, 1996.
- Holze, Heinrich. *Die Kirchen des Nordens in der Neuzeit (16. bis 20. Jahrhundert)*. Kirchengeschichte in Einzeldarstellungen III/11. Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2011.
- Inga Huld Hákonardóttir. *Fjarri hlýju hjónasængur. Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og Menning, 1992.
- Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. I-XVI Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-1972.
- Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*. Útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson. Reykjavík: Sögufélag, 2005.
- Johansen, Jens Chr. V. „Trolldom.“ Í *Normer og sosial kontroll i Norden ca. 1550-1850. Domstolene i samspill med lokalsamfundet. Det 22. nordiske historikermøte. Oslo 13.-18. august 1994*, 87-102. Oslo: IKA, 1994.
- Jón Þ. Þór. „Saga biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal.“ Í *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára - 2006 – Hólar 900 ára*. Aðalritstjóri Gunnar Kristjánsson, 244-401. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006.
- Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Kagan, D., Ozment, S. og Turner, F.M. *The Western Heritage. Volume B: 1300-1815*. New York: Macmillan Publishing, 1991.

- Karg, Hans Hartmut. *Reformationspädagogik. Über die Erziehungslehren bedeutender Reformatoren und die Wirkung auf bestimmte Erziehungstheoretiker*. Frankfurt am Main: Haag og Herchen, 1986.
- Kramer, Karl-Sigismund. *Volksleben in Holstein (1550-1800). Eine Volkskunde aufgrund archivalischer Quellen*. Kiel: Mühlau Verlag, 1987.
- Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. I-XXI Reykjavík: Ísafold, 1956-1978.
- Lausten, Martin Schwarz. *A Church History of Denmark*. Aldershot, Hampshire: Ashgate Publishing, 2002.
- Lemmer, Manfred. „Haushalt und Familie aus der Sicht der Hausväterliteratur“ Í *Haushalt und Familie in Mittelalter und früher Neuzeit*. Ritstj. Trude Ehlert, 181-191. Sigmaringen: Thorbecke, 1991.
- Levac, Brian P. *The witch-hunt in early modern Europe*. New York: Longman, 1987.
- Loftur Guttormsson. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag, 1983.
- , *Kristni á Íslandi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. III. bindi. Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Lovsamling for Island*. I-XXI Kaupmannahöfn 1853-1889.
- Luther, Martin. *Der Große und der Kleine Katechismus*. Tekið saman af Kurt Aland og Hermann Kunst. Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1983.
- Luthers Werke. Kritische Gesamtausgabe*. 60 bindi. Weimar: Hermann Böhlau, 1883-1995.
- Luther's Works. American Edition*. 55 bindi. Fíladelfía: Fortress Press, 1955-1986.
- Magnús Rafnsson. *Angurgapi. Um galdramál á Íslandi*. Hólmavík, Strandir: Strandagaldur, 2003.
- Marteinn Lúther. *Um góðu verkin*. Þýtt af sr. Magnúsi Runólfssyni. Reykjavík: Kristilegt stúdentafélag, 1974.
- , *Fræðin minni ásamt bænum og öðru hagnýtu efni*. Með inngangi og skýringum eftir Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1993.
- Mau, Rudolf. *Evangelische Bewegung und frühe Reformation 1521-1532*. Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2000.
- Már Jónsson. *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 1993.

- Már Jónsson. „Inngangur.“ Í *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð 1578*. Már Jónsson tók saman, 15-34. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Münch, Paul. *Das Jahrhundert des Zwiespalts. Deutsche Geschichte 1600-1700*. Stuttgart, Berlín og Köln: Kohlhammer, 1990.
- Ozment, Steven. *The Reformation in the cities: the appeal of Protestantism to sixteenth-century Germany and Switzerland*. New Haven, CT: Yale University Press, 1975.
- , *When Fathers Ruled. Family life in Reformation Europe*. Cambridge, Massachusetts og London: Harvard University Press, 1983.
- Ólína Þorvarðardóttir. *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000.
- Óskar Bjarnason og Unnur Karlsdóttir. „Óhæfa og fordæðuskapur“ á rétttrúnaðaröld. Um uppruna og afleiðingar Stóradóms.“ *Sagnir*, 11 (1990) : 58-67.
- Paul, Eugen. *Geschichte der Christlichen Erziehung. Barock und Aufklärung*. II. bindi. Freiburg um Breisgau, Basel og Wien: Herder, 1995.
- Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðaskiptaaldarinnar á Íslandi*. II. bindi. Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamalíelssonar, Bókaverslun Ársæls Arnasonar, 1919-1926.
- , *Seytjándi öld. Saga Íslendinga*. V. bindi. Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1942.
- Páll Sigurðsson. „Danske og Norske Lov i Island og de islandske kodificationsplaner.“ Í *Lagaslóðir. Greinar um lög og rétt*. 397-416. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- Peter, Albrechts. *Kommentar zu Luthers Katechismen. Die Zehn Gebote*. I. bindi. Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1990.
- Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Bjarni Vilhjálmsson og Júnús Kristinsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 1983.
- Radbruch, Renate Maria og Gustav. *Der deutsche Bauernstand zwischen Mittelalter und Neuzeit*. 2. útg. Göttingen: Vandenhoeck og Ruprecht, 1961.
- Robisheaux, Thomas. „The peasantries of Western Germany, 1300-1750.“ Í *The Peasantries of Europe. From the fourteenth to the eighteenth century*. Ritstj. Tom Scott, 110-142. London, New York: Longman, 1998.
- Sagarra, Eda. *A social history of Germany 1648-1914*. London: Methuen, 1977.
- Schmidt, Heinrich Richard. *Konfessionalisierung im 16. Jahrhundert*. 12. bindi. München: R. Oldenbourg Verlag, 1992.

- Scribner, Robert W. *Religion and culture in Germany 1400-1800*. Ritstj. Lyndal Roper. Leiden, Boston, Köln: Brill, 2001.
- Sigurður P. Sívertsen. *Fimm höfuðjátningar evangelísk-lúterskrar kirkju. Með greinagjörð um uppruna þeirra*. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1925.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson. „Af umfjöllun manna um lútherska rétttrúnaðinn.“ *Guðfræði, túlkun og þýðingar. Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar prófessors. Ritröð guðfræðistofnunar*, 13 (1998) : 249-269.
- , *Kristin siðfræði í sögu og samtíð: boðorðin tíu og evangelísk-lúthersk guðfræði*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.
- , „Trú og veraldlegt vald. Af kenningu Lúthers um ríkin tvö.“ *Ritröð guðfræðistofnunar*, 25 (2007) : 89-117.
- Strauss, Gerald. „The state of pedagogical theory c. 1530: What Protestant Reformers knew about education.“ *Schooling and society: Studies in the history of education*. Ritstj. Lawrence Stone. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1976. Í *Enacting the Reformation in Germany: Essays on Institution and Reception*, 69-94. Aldershot: Variorum, 1993.
- , *Luther's House of Learning. Indoctrination of the Young in the German Reformation*. Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1978.
- , „The Social Function of Schools in the Lutheran Reformation in Germany.“ *History of Education Quarterly*. 19:2. 1985. Í *Enacting the Reformation in Germany: Essays on Institution and Reception*, 191-206. Aldershot: Variorum, 1993.
- Sträter, Udo. *Meditation und Kirchenreform in der lutherischen Kirche des 17. Jahrhunderts*. Tübingen: Mohr, 1995.
- Tenorth, Heinz-Elmar. *Geschichte der Erziehung. Einführung in die Grundzüge ihrer neuzeitlichen Entwicklung*. Venheim og München: Juventa Verlag, 1988.
- The Book of Concord. The Confessions of the Evangelical Church*. Þýtt og ritstýrt af Theodore G. Tappert ásamt Jaroslav Pelikan, Robert H. Fischer og Arthur C. Piepkorn. Fíladelfía: Fortress Press, 1959.
- Trossbach, Werner. *Bauern 1648-1806. Enzyklopädie Deutscher Geschichte*. 19. bindi. München: R. Oldenbourg Verlag, 1993.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. *Siðbreytinging á Íslandi 1537-1565. Byltingin að ofan*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.
- Watts, Sheldon J. *A Social History of Western Europe 1450-1720. Tensions and solidarities among rural people*. London: Hutchinson University Library, 1984.

Wenz, Gunther. *Theologie der Bekenntnisschriften der evangelisch-lutherischen Kirche. Eine historische und systematische Einführung in das Konkordienbuch*. I. bindi. Berlín og New York: Walter de Gruyter, 1996.

Porgeir Rúnar Kjartansson. „Stóridómur: nokkur orð um siðferðishugsjónir Páls Stígssonar.“ *Sagnir*, 3 (2009) : bls. 2-12.

Öldin sautjándi. Minnisverð tíðindi 1601-1700. Jón Helgason tók saman. Reykjavík: Iðunn, 1966.

Vefheimildir

Danske Lov: <http://bjoerna.dk/DanskeLov/index.htm>

Norske Lov:

http://www.hf.uio.no/iakh/forskning/prosjekter/tingbok/kilder/chr5web/chr5_06_05.html

The Book of Concord: <http://bookofconcord.org/historical-1.php>

Pjóðkirkjan: <http://www2.kirkjan.is/truin/jatningar>